



Skýrsla nr. C01:13

## **Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnhagshrunsins**

Apríl 2013

# HAGFRÆÐISTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

---

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4535  
Fax nr. 552-6806  
Heimasíða: [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)  
Tölvufang: [gunnarha@hi.is](mailto:gunnarha@hi.is)

Skýrsla nr. C01:13

## **Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins**

**Apríl 2013**

## Formáli

Forsaga þessarar skýrslu er sú að Byggðastofnun leitaði til Hagfræðistofnunar varðandi úttekt á áhrifum efnahagshrunsins með sérstakri áherslu á fjölda ríkisstarfsmanna á landsbyggðinni.

Þeir sem helst hafa unnið að gerð skýrslunnar eru Kristín Rós Jóhannesdóttir og dr. Sigurður Jóhannesson, sérfræðingar á Hagfræðistofn, auk forstöðumanns. Þá lögðu Snorri Björn Sigurðsson og Sigurður Árnason, starfsmenn Byggðastofnunar, mikið til verksins og eru þeim þökkun góð samvinna.

Reykjavík, 30. apríl 2013

Gunnar Haraldsson

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	7
Inngangur .....	11
1 Samdráttur ríkisútgjalda í kjölfar hruns fjármálakerfisins .....	12
1.1 Samdráttur í útgjöldum ríkisins eftir málaflokkum .....	12
1.2 Innanríkisráðuneyti.....	13
1.3 Velferðarráðuneyti .....	14
1.4 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	18
1.5 Áhrif niðurskurðar á vinnumarkaðinn eftir kyni.....	21
2 Almennt um áhrif niðurskurðar á einstaka landshluta.....	24
2.1 Ris og hnignun byggða.....	24
2.2 Ólík áhrif á konur og karla .....	26
2.3 Atvinnumál .....	26
2.4 Samgöngur og ferðakostnaður .....	27
2.4.1 Fjöldi opinberra starfa á landsbyggðinni .....	32
3 Höfuðborgarsvæðið.....	35
3.1 Ársverk ríkisstarfsmanna .....	35
3.2 Íbúafjöldi og samsetning .....	36
3.3 Atvinnuleysi .....	41
3.4 Útsvar og launaþróun .....	42
3.5 Hagvöxtur og framleiðsla .....	43
3.6 Samantekt.....	44
4 Suðurnes.....	45
4.1 Ársverk ríkisstarfsmanna .....	45
4.2 Íbúafjöldi og samsetning .....	47
4.3 Atvinnuleysi .....	51
4.4 Útsvar og launaþróun .....	52
4.5 Hagvöxtur og framleiðsla .....	53
4.6 Samantekt.....	54
5 Vesturland .....	56
5.1 Ársverk ríkisstarfsmanna .....	56
5.2 Íbúafjöldi og samsetning .....	58
5.3 Atvinnuleysi .....	63
5.4 Útsvar og launaþróun .....	63

5.5	Hagvöxtur og framleiðsla .....	64
5.6	Hvanneyri og Akranes.....	66
5.7	Samantekt.....	70
6	Vestfirðir.....	72
6.1	Ársverk ríkisstarfsmanna .....	72
6.2	Íbúafjöldi og samsetning .....	74
6.3	Atvinnuleysi .....	78
6.4	Útsvar og launaþróun.....	78
6.5	Hagvöxtur og framleiðsla .....	79
6.6	Ísafjörður og Bolungarvík .....	81
6.7	Samgöngumál.....	86
6.8	Samantekt.....	88
7	Norðurland vestra .....	90
7.1	Ársverk ríkisstarfsmanna .....	90
7.2	Íbúafjöldi og samsetning .....	91
7.3	Atvinnuleysi .....	95
7.4	Útsvar og launaþróun.....	95
7.5	Hagvöxtur og framleiðsla .....	96
7.6	Blönduós og Sauðárkrókur .....	98
7.7	Samantekt.....	103
8	Norðurland eystra .....	105
8.1	Ársverk ríkisstarfsmanna .....	105
8.2	Íbúafjöldi og samsetning .....	107
8.3	Atvinnuleysi .....	111
8.4	Útsvar og launaþróun.....	112
8.5	Hagvöxtur og framleiðsla .....	112
8.6	Akureyri, Norðurþing og Fjallabyggð.....	114
8.7	Heilbrigðisþjónusta og samgöngur.....	120
8.8	Samantekt.....	121
9	Austurland .....	123
9.1	Ársverk ríkisstarfsmanna .....	123
9.2	Íbúafjöldi og samsetning .....	125
9.3	Atvinnuleysi .....	131
9.4	Útsvar og launaþróun.....	131

9.5	Hagvöxtur og framleiðsla .....	132
9.6	Egilsstaðir og Seyðisfjörður .....	134
9.7	Samantekt.....	140
10	Suðurland .....	141
10.1	Ársverk ríkisstarfsmanna .....	141
10.2	Íbúafjöldi og samsetning .....	143
10.3	Atvinnuleysi .....	147
10.4	Útsvar og launaþróun.....	148
10.5	Hagvöxtur .....	149
10.6	Framleiðsla .....	149
10.7	Vestmannaeyjar.....	150
10.8	Samantekt.....	155
11	Samantekt helstu niðurstaðna .....	156
12	Heimildaskrá.....	159

## Ágrip

Í þessari skýrslu er dregin upp mynd af stöðu hinna ýmsu byggða í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Erfitt er að einangra áhrif hrunsins á byggðaþróun og samfélagsgerð sérstaklega. Hér er annars vegar horft á niðurskurð ríkisins til ólíkra málaflokka og hvernig sá niðurskurður birtist í fjölda starfa hjá ríkinu eftir svæðum og hins vegar rakin dæmi um það hvaða áhrif slíkur niðurskurður hefur á þjónustu.

Horft er á ýmsar vísbendingar um stöðu byggðar í einstökum landshlutum. Auk mannfjöldabreytinga er horft á tekjur, atvinnuleysi og aldur. Uppgangstímabilið til 2008 var einkum bundið við höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess, auk Austurlands. Margt ungt fólk flutti á þessi svæði frá Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og héruðum í öðrum landshlutum sem voru utan mestu vaxtarsvæðanna. Fyrst eftir bankahrunið hægði á fólksflutningum frá þessum landssvæðum en síðan hefur fólk tekið að flytja þaðan aftur. Hér er greiningin miðuð við kjördæmaskipunina sem var notuð í alþingiskosningum til 1999. Þegar horft er á heil landsvæði kemur í ljós að mælt á flesta mælikvarða stendur byggð verst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Erfitt er að tengja þetta við niðurskurð ríkisútgjalda. Ríkisstarfsmönnum fækkaði að vísu nokkuð á Norðurlandi vestra en á Vestfjörðum hélst hlutfall þeirra af mannafla óbreytt.

Hrun viðskiptabankanna haustið 2008 var áfall fyrir fjárhag ríkissjóðs. Ríkissjóður þurfti að taka stór lán og vaxtagjöld hans jukust mikið. Brugðist var við þessu áfallimeð því meðal annars að skera niður áætluð ríkisútgjöld. Niðurskurðurinn kom misjafnt niður eftir málaflokkum og landssvæðum. Alls minnkuðu fjárheimildir ráðuneyta um 64 milljarða króna frá 2007 til 2011, á föstu verðlagi 2011.

Mest voru framlög skorin niður til innanríkisráðuneytis, eða um 26 milljarða. Undir það ráðuneyti heyrir Vegagerðin, en útgjöld hennar minnkuðu um fimmtung, eða rúma 8 milljarða frá 2007 til 2011 samkvæmt Ríkisreikningi. Á sama tíma drógust útgjöld til sýslumanna saman um fjórðung, en löggæsla er á vegum þeirra. Samdrátturinn er svipaður um land allt, en er þó mestur á Suðurnesjum.

Fjárheimildir til velferðarráðuneytis voru skornar niður um 14 milljarða króna frá 2007 til 2011. Félagsmálaútgjöld jukust þó um 38 milljarða frá 2007 til 2011. Útgjöld til sjúkrahúsa og heilsugæslu drógust hins vegar saman um tæpan fjórðung á sama tíma, eða um 19 milljarða. Annar niðurskurður þessa ráðuneytis dreifðist á marga útgjaldaliði.

Fjárheimildir menntamálaráðuneytis voru skornar niður um 13 milljarða frá 2007 til 2011. Þar af drógust útgjöld til háskóla saman um 2 milljarða, eða um fimmtung. Útgjöld til framhaldskóla um drógust einnig saman um 2 milljarða, eða um 8%.

Ekki er hlaupið að því að áætla hvernig fyrrnefndur niðurskurður hefur áhrif á þjónustu ríkisins. Meta má magn og gæði þjónustu ríkisins á ýmsa vegu. Fjöldi starfa hjá ríkinu er aðeins einn af þeim mælikvörðum sem kemur til greina. Hann hefur þann kost að einfalt er að skoða hann eftir landshlutum. Sé litið til ára 2007 til 2011 fjölgaði reyndar ársverkum ríkisins um tæplega tvö hundruð yfir landið allt þótt þeim hafi fækkað í sumum landshlutum. Starfsmönnum fækkaði á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, en þeim fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi.

### Breyting á fjölda ársverka frá 2007 til 2011 eftir ráðuneytum og landshlutum

Breyting 2011	2007- Höfuð- borgar- svæðið	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Óstað- sett	Samtals
<b>Æðsta stjórn</b>	-11,9	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>-11,9</b>
<b>Forsætis.</b>	6,9	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>6,9</b>
<b>Menntamálar.</b>	187,9	57,2	-3,7	9,8	-0,7	9,2	0,5	-1,4	3,7	<b>262,5</b>
<b>Utanríkisr.</b>	29,6	0	0	0	0	0	0	0	-10,9	<b>18,7</b>
<b>Sjávar.- og landb.</b>	-17,8	-2,9	2,4	-3	1,1	-2	-2	12,8	21,9	<b>10,5</b>
<b>Innanríkisr.</b>	140,1	-86	-10	-2,5	-4,8	-17,2	-15,1	16,2	-14,6	<b>6,1</b>
<b>Velferðarr.</b>	-309,8	23,1	-11	-21,7	-19,2	-42,7	-17,9	46,9	49,7	<b>-302,6</b>
<b>Fjármálar.</b>	4,4	53,3	-0,8	1	-2,8	1,8	1,4	0,4	0	<b>58,7</b>
<b>Iðnaðarr.</b>	-43,4	0	0	2	0,8	1,3	2	1	0	<b>-36,3</b>
<b>Efnah.- og viðskr.</b>	76,5	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>76,5</b>
<b>Umhverfisar.</b>	32,8	7,5	2,2	8,2	0	-5,9	5,3	2,9	56,3	<b>109,3</b>
<b>Alls</b>	<b>95,3</b>	<b>52,2</b>	<b>-20,9</b>	<b>-6,2</b>	<b>-25,6</b>	<b>-55,5</b>	<b>-25,8</b>	<b>78,8</b>	<b>106,1</b>	<b>198,4</b>

Heimildir: Fjármálaráðuneytið, eigin áætlanir.

Athuga ber að ekki hefur tekist að staðsetja fjölgun um rúmlega hundrað starfsmenn ríkisins. Mest fækkaði ríkisstarfsmönnum á Norðurlandi eystra, um 56, en á Norðurlandi vestra og á Austurlandi fækkaði um 26. Niðurskurðurinn var töluverður í heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi. Starfsfólki Heilbrigðisstofnana á Blönduósi og Sauðárkróki fækkaði um 38½ ársverk, eða um rúman fimmtung. Starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri fækkar um 32 ársverk, eða um 6½%, og starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fækkaði einnig mikið. Á Vesturlandi fækkaði starfsfólki mest hjá Landbúnaðarháskólanum. Hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands fækkaði starfsfólki á Akranesi og í Stykkishólmi.

### Breyting á fjölda ársverka hjá ríkinu 2007-2011 í prósentum

	Höfuð- borgar- svæðið	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Alls
Breyting	0,8%	6,5%	-3,5%	-2,0%	-5,7%	-4,4%	-5,0%	10,3%	1,2%

Heimildir: Fjármálaráðuneytið, eigin áætlanir.



Fróðlegt er að skoða *hlutfallslega* fækkun ríkisstarfsmanna miðað við árið 2007. Á Norðurlandi nemur fækkunin milli 4-6% en á Austurlandi nemur fækkunin 5%. Á Vesturlandi fækkar ársverkum ríkisins um 3½% og á Vestfjörðum um 2%. Ekki fer hjá því að þjónusta ríkisstofnana minnki þegar starfsmönnum fækkar svo mikið. Einkum má ætla að íbúar Norðurlands og Austurlands finni fyrir samdrættinum. En í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að margt fólk fluttist milli landshluta frá 2007 til 2011, auk þess sem margir fluttu úr landi.

Ef fólki fækkar á einhverju svæði má ætla að starfsmenn ríkisins hafi meiri tíma til þess að sinna þeim sem eftir eru. Þess vegna er einnig gagnlegt að skoða fjölda ríkisstarfsmanna í hverjum landshluta miðað við fólksfjölda. Hér er horft á hlutfall ríkisstarfsmanna af fólki á vinnualdri. Fólki á aldrinum 16 til 74 ára fjölgaði um tæp 4% á höfuðborgarsvæðinu frá 2007 til 2011 og um rúm 4% á Suðurnesjum. Á Austurlandi fækkaði fólki á vinnualdri hins vegar um 15% á sama tíma. Hlutfall ríkisstarfsmanna af mannafla má nota sem grófan mælikvarða á þá þjónustu sem ríkið lætur í té á þessum svæðum. Þetta er að vísu ekki einhlítur mælikvarði, því að sú þjónusta sem er í boði er jafnan fábreytt þar sem fáir eru, þótt þar séu jafnmargir ríkisstarfsmenn á íbúa og á þéttbýlum svæðum. Á landinu öllu fjölgaði fólki á vinnualdri hraðar en ríkisstarfsmönnum frá 2007 til 2011. Árið 2007 voru starfsmenn ríkisins 7,7% af landsmönnum frá 16 til 74 ára, en árið 2011 var hlutfallið 7,6%. Hlutfall ríkisstarfsmanna af mannafla lækkaði mest á Norðurlandi, eða um 0,4%. Ríkisstarfsmönnum á hvern vinnandi mann fækkaði þar um 5-6%. Það verður að teljast líklegt að svo umfangsmikil fækkun leiði til þess að úr þjónustu dragi svo að um munar. Sem fyrr greinir fækkaði starfsfólki á sjúkrahúsum og í heilbrigðisþjónustu á Blönduósi, Sauðárkróki og á Akureyri. Þegar heilsugæslulæknum og sérfræðingum fækkar og hætt er að veita fæðingarþjónustu getur slíkt haft hafa áhrif á búsetu. Hlutfall ríkisstarfsmanna af fólki á vinnualdri lækkaði um 0,3% á höfuðborgarsvæðinu frá 2007 til 2011 og um 0,2% á Vesturlandi. Fækkun starfsfólks í Landbúnaðarháskólanum hefur áhrif á byggð á Hvanneyri, en hún breytir litlu um það þjónustustig sem menn njóta annars staðar á Vesturlandi. Öðru gegnir um niðurskurð hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands þar sem aðgerðum fækkaði og legutími styttist og dregið hefur verið úr þjónustu við börn. Þær breytingar leiða til þess að fleiri þurfa að leita til höfuðborgarsvæðisins eftir heilbrigðisþjónustu en áður. Annars staðar á landinu stóð hlutfall ríkisstarfsmanna af fólki á vinnualdri ýmist í stað eða hækkaði frá 2007 til 2011. Mest hækkaði hlutfallið á Austurlandi, eða um 0,5%. Deila má um hvort mikið er að marka þessa tölu, þar sem margir dvöldu í skamman tíma við störf á Austurlandi árið 2007 tengd uppbyggingu stóriðju. Þeir starfsmenn nutu í litlum mæli ýmis konar þjónustu, s.s. skólakerfis og dvalarheimila. Þá hækkaði hlutfall ríkisstarfsmanna um 0,4% af mannafla á Suðurlandi frá 2007 til 2011.

### Ársverk hjá ríkinu sem hlutfall af fólki á aldrinum 16-74 ára

	Höfuð- borgar- svæðið	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Alls
2007	8,7%	5,5%	5,5%	6,0%	8,8%	6,3%	5,0%	4,6%	7,7%
2011	8,4%	5,6%	5,3%	6,0%	8,4%	5,9%	5,5%	5,0%	7,6%
Breyting	-0,3%	0,1%	-0,2%	0,0%	-0,4%	-0,4%	0,5%	0,4%	-0,1%

Heimild: Fjármálaráðuneytið og Byggðastofnun,, eigin útreikningar og áætlanir. Ríkisstarfsmenn voru um 17.500 árið 2011, en ekki er hægt að staðsetja 350 þeirra.

Nokkur óvissa er um tölurnar sums staðar, einkum á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Skipulagi var breytt hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Flugmálastjórn á tímabilinu. Áætlað er að ársverkum þar hafi fjölgað um rúmlega 50 frá 2007 til 2011.

Sums staðar þarf fólk nú að leita í aðra landshluta eftir þjónustu ríkisins sem áður stóð til boða í næsta nágrenni. Þetta á til dæmis við um ýmsa heilbrigðisþjónustu. Ekki hefur verið kannað hve margir þurfa nú að leita út fyrir heimabyggð eða hve mikill heildarkostnaður þeirra er af breytingunni. Ef fjöldi ríkisstarfsmanna er tekinn sem mælikvarði á þjónustustig minnkaði þjónusta ríkisins um 4-6% á Norðurlandi og Austurlandi frá 2007 til 2011. Einnig minnkar hún á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Myndin breytist nokkuð ef horft er á hlutfall ríkisstarfsmanna af fólki á vinnualdri. Á þann mælikvarða minnkaði þjónusta ríkisins á vinnandi mann um 5-6% á Norðurlandi, en hlutfallið batnaði á Austfjörðum og það stóð í stað á Vestfjörðum. Báðir þessir mælikvarðar eru gallaðir og álitamál er hvor þeirra er betri. Stundum segir fjöldi ríkisstarfsmanna meira um þjónustuna en hlutfall þeirra af mannfjölda. Þjónusta verður einhæfari þegar starfsfólki fækkar. Ætla má að aðgangur að góðri lækniþjónustu og góðum skólum skipti sköpum fyrir áhuga fólks á að eiga heima á einstökum stöðum. Þeir verða síður byggilegir þegar hætt er að veita vissar tegundir af lækniþjónustu. Víða um land stendur byggð höllum fæti og má ekki við miklum breytingum til hins verra.

Auk þess sem þjónusta ríkisins minnkar þegar starfsmönnum þess fækkar munar miklu fyrir samfélögin um þá íbúa sem missa vinnuna og flytja á brott, án tillits til þess hvað þeir störfuðu við. Á Norðurlandi fækkaði ríkisstarfsmönnum um sem nemur 0,4% af fólki á vinnualdri, eins og áður hefur komið fram. Slík fækkun breytir svip samfélagsins en hún getur varla talist stóráfall. Þeir sem missa vinnu hjá ríkinu eru sumir hverjir með sérhæfða menntun. Þetta á til dæmis við um lækna og hjúkrunarfólk á þeim heilbrigðisstofnunum sem fá minni framlög en áður. Líklegt er að þetta fólk flytji burt af svæðinu með fjölskyldur sínar þar sem ólíklegt er að það finni önnur störf við hæfi þar. Áhrifin á fólksfjölda geta því verið meiri en tölur um fækkun starfa hjá ríkinu benda til. Vafasamt er þó að þessi áhrif skipti sköpum um framtíð byggðanna ef ekki kæmi annað til.

## Inngangur

Stórvægileg áföll í hinu alþjóðlega fjármálakerfi leiddu að lokum til hruns hins íslenska bankakerfis á árunum 2008-2010. Við hrun bankanna féll gríðarlegur kostnaður á ríkið. Efnahagssamdrátturinn sem eftir fylgdi leiddi til þess að tekjur ríkisins drógust saman. Til að draga úr halla ríkissjóðs var gripið til ýmsra aðgerða, s.s. að hækka skattlutföll auk þess sem ýmis þjónusta ríkisins var skorin niður.

Í þessari skýrslu er fjallað um samfélagsleg áhrif niðurskurðarsins og er sérstaklega litið til þess hvernig hann skiptist milli landshluta.

Áhrif niðurskurðar fjárframlaga ríkisins koma aðallega fram tvennan hátt. Í fyrsta lagi sem minni þjónusta til handa þeim sem hennar njóta eða nutu og í öðru lagi áhrif á þá sem veita eða veittu þjónustuna þar sem dregið er úr starfshlutföllum þeirra eða jafnvel störf þeirra lögð niður. Þá má nefna ýmis önnur afleidd áhrif. Sem dæmi ná nefna að ef einhver ákveðin þjónusta er lögð niður getur það leitt til þess að fólk þarf að sækja hana um lengri veg en áður. Auk hins beina óhagræðis, sem mæla má í tíma og peningum, getur slíkt einnig dregið úr öryggi, til dæmis ef um ýmis konar heilbrigðisþjónustu er að ræða. Ef störfum fækkar mikið getur það út af fyrir sig verið efnahags- og félagslegt áfall fyrir þau byggðarlög þar sem slíkt á sér stað. Þeir sem missa vinnuna og fjölskyldur þeirra, kunna að þurfa að flytjast búferlum ef lítið er um önnur atvinnutækifæri við hæfi. Á sama tíma veikist grundvöllur fyrir félagslífs, verslunar og ýmis konar þjónustu.

Hér er gerð tilraun til að meta samfélagsleg áhrif niðurskurðar ríkisútgjalda vegna efnahagshrunsins. Fyrsti kaflinn veitir yfirlit yfir samdrátt í ríkisútgjöldum í helstu málaflokkum. Í næsta kafla þar á eftir er almenn umfjöllun um áhrif niðurskurðar á ólíka landshluta. Þvínæst fylgir yfirlit um einstaka landshluta þar sem horft er til íbúapróunar, útsvars og launa, atvinnuleysis og hagvaxtar. Í lokakaflanum eru helstu niðurstöður teknar saman.

# 1 Samdráttur ríkisútgjalda í kjölfar hruns fjármálakerfisins

Hrun fjármálakerfisins lagði auknar byrðar á herðar ríkisins þegar það tók yfir hluta skuldbindinga bankanna á sama tíma og tekjustofnar drógust saman. Við þessu var brugðist með því annars vegar að hækka skatta og ýmis gjöld og hins vegar með því að draga úr útgjöldum. Í þessari skýrslu er augum fyrst og fremst beint að fækkun starfa og þeirri breytingu á þjónustu sem fylgt hefur samdrætti í útgjöldum ríkisins í kjölfar efnahagshrunsins. Í þessu kafla er aðallega fjallað um hvernig niðurskurðurinn hefur skipst milli hinna ólíku málaflokka en einnig vakin athygli á ólíkum áhrifum hans á kynin.

## 1.1 Samdráttur í útgjöldum ríkisins eftir málaflokkum

Verkefni ríkisins eru mörg og ólík. Samdráttur í ríkisútgjöldum hefur verið mjög misjafnlega skipt milli ráðuneyta og málaflokka. Sú skipting endurspeglar bæði áherslur stjórnvalda á hverjum tíma en einnig er mismunandi hve sveigjanleg útgjöldin eru enda skuldbindingar ríkissjóðs að stórum hluta bundnar í lögum.

Tafla 1-1 sýnir breytingu á fjárheimildum í fjárlögum til hinna ýmsu ráðuneyta auk vaxtagjalda fyrir tímabilið 2007-2011.

**Tafla 1-1 Breyting á fjárheimildum ráðuneyta frá 2007 til 2011**

	<b>Breyting á fjárheimild*</b>
Æðsta stjórn ríkisins	-755.365.497
Forsætisráðuneyti	-462.833.590
Menntamálaráðuneyti	-12.527.264.725
Utanríkisráðuneyti	-333.417.798
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-3.918.218.273
Innanríkisráðuneyti	-26.452.671.558
Velferðarráðuneyti	-13.898.192.806
Fjármálaráðuneyti	-3.004.179.473
Iðnaðarráðuneyti	-2.321.844.754
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	724.871.487
Umhverfisráðuneyti	-1.350.572.532
<i>Breyting á fjárheimildum án vaxtagjalda</i>	<i>-64.299.689.519</i>
Vaxtagjöld ríkissjóðs	36.705.128.060
<b>Samtals</b>	<b>-27.614.561.459</b>

\*Á föstu verðlagi ársins 2011. Notast við vísitölu neysluverðs, vísitölu launa og byggingarvísitölu til að færa á fast verðlag.

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Mestur hefur niðurskurðurinn verið hjá stofnunum á vegum innanríkisráðuneytisins eða tæpir 26 milljarðar en næst á eftir koma velferðarráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Mest hækkun á fjárheimildum varð á vaxtagjöldum ríkissjóðs, enda hafa skuldir ríkissjóðs aukist gríðarlega frá 2007, en vaxtagjöld ríkissjóðs hafa aukist um tæpa 37 milljarða á tímabilinu. Á þessum tíma hefur fjárheimild eins ráðuneytis aukist en það er hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og jókst fjárheimild þess ráðuneytis um tæpar 725 milljónir. Rétt er þó að hafa í huga að fjárheimildir í fjárlögum endurspeglu ekki fullkomlega hve miklu fjármagni er varð til einstakra verkefna þar sem ráðuneyti og stofnanir geta farið fram úr fjárheimildum í raun eða ekki fullnýtt þær. Rétt er líka að hafa í huga að stundum hafa verkefni flust milli ráðuneyta. Hér á eftir verður litið á breytingu útgjalda í nokkrum málaflokkum frá árinu 2007 til ársins 2011 og er stuðst við ríkisreikning.

## 1.2 Innanríkisráðuneyti

Fjárheimildir innanríkisráðuneytis drógust saman um tæpa 26 milljarða á föstu verðlagi milli árána 2007 og 2011. Undir ráðuneyti þetta heyrast stórir málaflokkar svo sem löggæsla og dómskerfi en einnig samgöngumál. Samkvæmt ríkisreikningi drógust útgjöld til vegagerðar saman um rúma 8 milljarða króna árið 2011, sé borið saman við árið 2007.

**Tafla 1-2 Vegagerðin**

<i>Milljónir króna á verðlagi neyslu 2011</i>			
	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
<b>Vegagerðin</b>	25.443	17.204	-32%

*Heimild: Ríkisreikningur 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.*

Annars stór málaflokkur innanríkisráðuneytisins eru löggæslu- og dómsmál og í töflu 1-2 má sjá hvernig útgjöldin til lögreglu og sýslumanna hafa dregist saman á föstu verðlagi milli árána 2007 og 2011 (hér og síðar er miðað við neysluverðsvísitölu).

**Tafla 1-3 Gjöld lögreglu og sýslumanna 2007 og 2011**

<i>Milljónir króna á verðlagi neyslu 2011</i>			
	<i>2007</i>	<i>2011</i>	<i>Breyting</i>
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	152	142	-6%
Ríkislögreglustjóri	1.686	1.399	-17%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>5.220</b>	<b>4.018</b>	<b>-23%</b>
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	4.294	3.347	-22%
Sýslumaðurinn í Reykjavík	443	298	-33%
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	251	174	-31%
Sýslumaðurinn í Kópavogi	232	199	-14%
<b>Suðurnes</b>	<b>1.708</b>	<b>1.091</b>	<b>-36%</b>
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurlugvelli	1.506	941	-37%

Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	203	150	-26%
<b>Vesturland</b>	<b>727</b>	<b>552</b>	<b>-24%</b>
Sýslumaðurinn á Akranesi	243	178	-27%
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	237	177	-25%
Sýslumaður Snæfellinga	214	169	-21%
Sýslumaðurinn í Búðardal	33	28	-15%
<b>Vestfirðir</b>	<b>515</b>	<b>403</b>	<b>-22%</b>
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	50	32	-36%
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	32	31	-2%
Sýslumaðurinn á Ísafirði	399	313	-22%
Sýslumaðurinn á Hólmavík	34	27	-22%
<b>Norðurland vestra</b>	<b>442</b>	<b>358</b>	<b>-19%</b>
Sýslumaðurinn á Blöndósi	244	208	-15%
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	197	150	-24%
<b>Norðurland eystra</b>	<b>955</b>	<b>714</b>	<b>-25%</b>
Sýslumaðurinn á Siglufirði	68	46	-32%
Sýslumaðurinn á Akureyri	650	485	-25%
Sýslumaðurinn á Húsavík	237	183	-23%
<b>Austurland</b>	<b>603</b>	<b>434</b>	<b>-28%</b>
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	276	182	-34%
Sýslumaðurinn á Eskifirði	327	252	-23%
<b>Suðurland</b>	<b>1.025</b>	<b>807</b>	<b>-21%</b>
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	46	33	-28%
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	58	35	-40%
Sýslumaðurinn á Hvalsvellu	208	182	-13%
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	236	163	-31%
Sýslumaðurinn á Selfossi	477	394	-17%
<b>Samtals</b>	<b>13.034</b>	<b>9.918</b>	<b>-24%</b>

*Hemild:* Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.

Þegar raunveruleg gjöld sýslumannsembættanna eru skoðuð fyrir árin 2007 og 2011, sem sjá má í töflu 1-3, er ljóst að niðurskurðurinn var rúmur 3 milljarðar eða um 24% í heild sinni. Mestur niðurskurður var á Suðurnesjum 36%<sup>1</sup> og næst mestur var hann á Austurlandi 28%. Minnstur hefur niðurskurðurinn verið Norðurlandi vestra 19%.

### 1.3 Velferðarráðuneyti

Þegar bornar eru saman fjárheimildir velferðarráðuneytisins milli árana 2007 og 2011 kemur í ljós að þær drógust saman um tæpa 14 milljarða. Verkefni þessa ráðuneytis eru mörg og heyra undir það bæði almannatryggingakerfið og heilbrigðiskerfið.

<sup>1</sup> Miklar breytingar voru gerðar í rekstri Lögreglustjórans á Suðurnesjum og Sýslumanninum á Keflavíkurlflugvelli. Hluti rekstursins hefur verið fluttur annað og því ber að taka þessar niðurskurðartölur með fyrirvara.

**Tafla 1-4 Útgjöld til ýmissa félagsmála**

<i>Milljónir króna á verðlagi neyslu ársins 2011</i>	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Tryggingastofnun ríkisins	1.649	901	-45%
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.468	10.659	13%
Lífeyristryggingar	53.044	56.597	7%
Sjúkratryggingar	24.417	29.985	23%
Slysatryggingar	752	579	-23%
Sjúklingatrygging	109	89	-18%
Eftirlaunasjóður aldraðra	120	51	-58%
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.368	24.831	949%
Ábyrgðasjóður launa	925	1.777	92%
Fæðingarorlof	11.262	8.012	-29%
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	6	113	1947%
Barnabætur	10.884	8.378	-23%
Vaxtabætur	7.773	18.969	144%
<b>Samtals</b>	<b>122.777</b>	<b>160.941</b>	<b>31%</b>

*Hemild:* Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.

Tafla 1-4 sýnir útgjöld ríkisins til hinna ýmsu félagsmála. Breytingin milli árána 2007 og 2011 er afar misjöfn eftir málaflokkum. Mikill samdráttur hefur átt sér stað í gjöldum hjá eftirlaunasjóði aldraðra, Tryggingastofnun ríkisins og fæðingarorlofssjóði. Aftur á móti hefur orðið mikill aukning á gjöldum hjá atvinnuleysistryggingum og hjá foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Þegar á heildina er litið hafa útgjöldin aukist um rúma 38 milljarða á tímabilinu.

Líkt og sést í töflu 1-5 hafa gjöld vegna dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra dregist saman um 10 í heildina.

**Tafla 1-5 Dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra**

<i>Milljónir króna á verðlagi neyslu ársins 2011</i>	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Dvalarrými aldraðra, önnur	671	447	-33%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>13.039</b>	<b>12.210</b>	<b>-6%</b>
Hrafnista, Reykjavík	2.218	1.669	-25%
Hrafnista, Hafnarfirði	1.605	1.511	-6%
Grund, Reykjavík	1.725	1.503	-13%
Sunnuhlíð, Kópavogi	689	646	-6%
Hjúkrunarheimilið Skjól	983	921	-6%
Hjúkrunarheimilið Eir	1.627	1.457	-10%
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	771	643	-17%
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	788	705	-11%
Seljahlíð, Reykjavík	243	166	-32%
Sólvangur, Hafnarfirði		542	
Holtsbúð, Garðabæ	342	297	-13%
Vífilstaðir, Garðabæ	468		
Mörk, Reykjavík		807	
Hrafnista, Kópavogi		278	
Víðines	326		

Sólrun, Reykjavík	1.256	1.065	-15%
<b>Reykjanes</b>	<b>355</b>	<b>296</b>	<b>-17%</b>
Garðvangur, Garði	355	296	-17%
<b>Vesturland</b>	<b>1.256</b>	<b>1.250</b>	<b>0%</b>
Höfði, Akranesi	524	487	-7%
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	284	289	2%
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	119	104	-12%
Fellaskjól, Grundarfirði	90	73	-19%
Jaðar, Ólafsvík	87	95	9%
Fellsendi, Búðardal	152	202	33%
<b>Vestfirðir</b>	<b>116</b>	<b>108</b>	<b>-7%</b>
Barmahlíð, Reykhólum	116	108	-7%
<b>Norðurland eystra</b>	<b>2.219</b>	<b>1.768</b>	<b>-20%</b>
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	204	162	-21%
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.601	1.272	-21%
Dalbær, Dalvík	302	260	-14%
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	112	74	-34%
<b>Austurland</b>	<b>341</b>	<b>293</b>	<b>-14%</b>
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	175	151	-14%
Uppsali, Fáskrúðsfirði	166	142	-14%
<b>Suðurland</b>	<b>2.183</b>	<b>1.828</b>	<b>-16%</b>
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	272	220	-19%
Samingur við Sveitarfélagið Hornafjörður um öldrunarþjónustu	291	235	-19%
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	139	111	-20%
Hallatún, Vík	117	112	-5%
Kumbaravogur, Stokkseyri	359	207	-42%
Ás/Ásbergi, Hveragerði	693	702	1%
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	312	241	-23%
<b>Samtals</b>	<b>20.179</b>	<b>18.200</b>	<b>-10%</b>

*Hemild:* Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.

Á Vesturlandi stóðu gjöldin í stað milli áranna 2007 og 2011 næstminnstur samdráttur varð á höfuðborgarsvæðinu en þar nam hann 6%. Mestur samdráttur gjalda var aftur á móti á Norðurlandi eystra þar sem hann nam 20% og á Reykjanesi var hann litlu minni eða 17%.

Í töflu 1-6 má sjá hvernig kostnaður hjá spítölum og heilsugæslustofnunum hefur verið skorin niður. Á heildina litið hafa gjöld í geiranum dregist saman um 24%.

**Tafla 1-6 Sjúkrahús og heilsugæsla**

<i>Milljónir króna á verðlagi ársins 2011</i>	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Sjúkrahótel	108	117	9%
Sjúkrahús, óskipt	47	6	-87%
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.434	1.215	-15%
Heilsugæslustöðvar, almennt	86	95	11%
Sjúkraflutningar	956	894	-7%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>55.068</b>	<b>40.036</b>	<b>-27%</b>
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	155	131	-15%



Bygging hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans	393		
Landsspítali	45.672	34.698	-24%
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	6.203	4.338	-30%
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	195	173	-11%
Læknavaktin	342	297	-13%
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	250	272	9%
St. Jósefsspítali, Sólvangi	1.859	127	-93%
<b>Reykjanes</b>	<b>1.939</b>	<b>1.783</b>	<b>-8%</b>
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.939	1.783	-8%
<b>Vesturland</b>	<b>3.480</b>	<b>2.837</b>	<b>-18%</b>
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3.480	2.837	-18%
<b>Vestfirðir</b>	<b>1.562</b>	<b>1.318</b>	<b>-16%</b>
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	308	269	-13%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.254	1.049	-16%
<b>Norðurland vestra</b>	<b>1.565</b>	<b>1.234</b>	<b>-21%</b>
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	502	418	-17%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1.063	816	-23%
<b>Norðurland eystra</b>	<b>7.947</b>	<b>6.252</b>	<b>-21%</b>
Sjúkrahúsið á Akureyri	5.484	4.343	-21%
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	614	504	-18%
Heilsugæslustöðin á Dalvík	116	110	-5%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	560	431	-23%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	1.173	864	-26%
<b>Austurland</b>	<b>2.640</b>	<b>2.303</b>	<b>-13%</b>
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.485	2.107	-15%
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	155	196	27%
<b>Suðurland</b>	<b>3.110</b>	<b>2.766</b>	<b>-11%</b>
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	861	686	-20%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	2.249	2.080	-8%
<b>Samtals</b>	<b>79.942</b>	<b>60.856</b>	<b>-24%</b>

*Hemild: Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.*

Mestur niðurskurðurinn, í prósentum talið, hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu en þar nemur hann 27%. Þar munar mestu um St. Jósefsspítala í Hafnarfirði en þar dragast gjöld saman um 93%. Þá hafa gjöld í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu verið dregin saman um 30% og 24% á Landsspítalanum. Næstmestur niðurskurður átti sér stað á Norðurlandi vestra og eystra, eða 21%. Aftur á móti var niðurskurðurinn minnstur á Reykjanesi, einungis 8%.

**Tafla 1-7 Dagvistun aldaðra**

<i>Milljónir króna á verðlagi ársins 2011</i>	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Vesturhlíð, Reykjavík	10	9	-7%
Hlíðabær, Reykjavík	63	54	-15%
Lindargata, Reykjavík	55	48	-13%
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	108	95	-12%
Múlabær, Reykjavík	91	80	-12%
Fríðuhús, Reykjavík	47	40	-15%
<i>Dagvistun aldraðra, aðrar</i>	352	555	58%
<b>Samtals</b>	<b>726</b>	<b>881</b>	<b>21%</b>

*Heimild:* Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.

Tafla 1-7 sýnir breytingar á útgjöldum vegna dagvistar aldaðra. Á heildina litið hefur orðið 21% aukning útgjalda í málaflokknum en niðurskurður hefur orðið við allar þær stofnanir sem nefndar eru í töflunni.

**Tafla 1-8 Meðferðarheimili, endurhæfing og fleira**

<i>Milljónir króna á verðlagi ársins 2011</i>	<b>2007</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Hlaðgerðarkot	105	87	-17%
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.742	1.327	-24%
Heilsustofnun Náttúrufélags Íslands	658	515	-22%
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	546	473	-13%
Hlein	132	116	-12%
Vistheimilið Bjarg	66		
SÁÁ	907	637	-30%
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.392	1.169	-16%
<b>Samtals</b>	<b>3.250</b>	<b>2.518</b>	<b>-23%</b>

*Heimild:* Ríkisreikningar 2007 og 2011. Fjársýsla ríkisins, eigin útreikningar.

Eins og sést af töflu 1-8 varð 30% lækkun á útgjöldum vegna SÁÁ milli árána 2007 og 2011, 24% lækkun á útgjöldum hjá Reykjalundi, 22% niðurskurður varð hjá Heilsustofnun Náttúrufélags Íslands og 17% hjá Hlaðgerðarkoti, sem er vistheimili fyrir áfengissjúklinga.

#### 1.4 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Árið 1995 var grunnskólastigið flutt yfir til sveitarfélaga landsins með lögum. Framhaldskólar og háskólar eru enn á forræði ríkisins. Tafla 1-9 sýnir hvernig helstu kostnaðarliðir vegna háskóla hafa breyst milli árána 2007 og 2011.

Tafla 1-9 Gjöld háskóla

Allar tölur eru í milljónum króna á verðlagi ársins 2011	2007	2011	Breyting
<b>Háskólar</b>			
<i>Rannsóknarmiðstöð Íslands</i>	188	216	15%
<i>Markáætlun á sviði vísinda og tækni</i>	240	237	-1%
<i>Rannsóknarsjóður</i>	796	803	1%
<i>Tækjasjóður</i>	196	154	-21%
<i>Rannsóknarnámssjóður</i>	132	91	-31%
<i>Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður</i>	179	118	-34%
<i>Háskóla- og rannsóknarstarfsemi</i>	210	435	107%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>16.964</b>	<b>13.544</b>	<b>-20%</b>
<i>Tilraunarstöð Háskólans að Keldum</i>	250	208	-17%
<i>Raunvísindastofnun Háskólans</i>	480	360	-25%
<i>Stofnun Árna Magnússonar</i>	375	286	-24%
Háskóli Íslands	12.792	9.939	-22%
Háskólinn í Reykjavík	2.288	2.118	-7%
Listaháskóli Íslands	778	633	-19%
<b>Vesturland</b>	<b>1.388</b>	<b>966</b>	<b>-30%</b>
Landbúnaðarháskóli Íslands	1.038	652	-37%
Háskólinn á Bifröst	351	314	-10%
<b>Norðurland vestra</b>	<b>526</b>	<b>311</b>	<b>-41%</b>
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	526	311	-41%
<b>Norðurland eystra</b>	<b>1.619</b>	<b>1.374</b>	<b>-15%</b>
Háskólinn á Akureyri	1.619	1.374	-15%
<b>Samtals</b>	<b>22.438</b>	<b>18.249</b>	<b>-19%</b>

Heimild: Ríkisreikningar 2007 og 2011, eigin útreikningar.

Líkt og sjá má í töflunni hafa heildargjöld háskólanna lækkað um 19% milli árána 2007 og 2011. Ef einungis er litið til háskólanna sjálfra lækkuðu gjöld mest á Norðurlandi vestra, þar er Hólaskóli starfræktur og lækkuðu gjöld þar um 41%. Næst mest lækkun gjalda í einstökum skóla var í Landbúnaðarháskóla Íslands. Aftur á móti varð minnstur samdráttur í gjöldum í Háskólanum í Reykjavík og þar á eftir kom Háskólinn á Bifröst.

Þá hefur einnig orðið samdráttur í kostnaði framhaldsskóla landsins eins og sjá má af töflu 1-10.

Tafla 1-10 Gjöld framhaldskóla

Allar tölur eru í milljónum króna á verðlagi ársins 2011	2007	2011	Breyting
<b>Menntaskólar</b>			
<i>Fasteignir framhaldsskóla</i>	177	95	-46%
<i>Framhaldsskólar, stofnkostnaður</i>	97	548	467%
<i>Framhaldsskólar almennt</i>	1.180	824	-30%
<i>Fullorðinsfræðsla fatlaðra</i>	277	228	-18%
<i>Símenntun og fjarkennsla</i>	966	1.194	24%
<i>Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði</i>		26	
<i>Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga</i>		240	
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>12.475</b>	<b>10.776</b>	<b>-14%</b>
Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnaskertra	72	68	-5%
Listdansskólinn	12		
Menntaskólinn í Reykjavík	658	519	-21%
Menntaskólinn við Hamrahlíð	976	915	-6%
Menntaskólinn við Sund	591	467	-21%
Menntaskólinn í Kópavogi	954	828	-13%
Kvennaskólinn í Reykjavík	417	397	-5%
Fjölbautarskólinn í Breiðholti	1.268	997	-21%
Fjölbautarskólinn Ármúla	1.069	889	-17%
Flensborgarskóli	617	615	0%
Fjölbautarskólinn í Garðabæ	610	526	-14%
Borgarholtsskóli	1.061	938	-12%
Menntaskólinn Hraðbraut	226	140	-38%
Tækniskólinn	2.091	1.814	-13%
Iðnskólinn í Hafnafirði	701	588	-16%
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	34	29	-16%
Verslunarskóli Íslands	1.118	928	-17%
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	118	
<b>Suðurnes</b>	<b>845</b>	<b>751</b>	<b>-11%</b>
Fjölbautarskóli Suðurnesja	845	751	-11%
<b>Vesturland</b>	<b>900</b>	<b>830</b>	<b>-8%</b>
Fjölbautarskóli Vesturlands	582	462	-21%
Fjölbautarskóli Snæfellinga	246	209	-15%
Menntaskóli Borgarfjarðar	72	159	122%
<b>Vestfirðir</b>	<b>324</b>	<b>285</b>	<b>-12%</b>
Menntaskólinn á Ísafirði	324	285	-12%
<b>Norðurland vestra</b>	<b>413</b>	<b>371</b>	<b>-10%</b>
Fjölbautarskóli Norðurlands vestra	413	371	-10%
<b>Norðurland eystra</b>	<b>2.254</b>	<b>2.086</b>	<b>-7%</b>
Menntaskólinn á Akureyri	603	540	-10%
Framhaldsskólinn á Húsavík	164	130	-21%
Framhaldsskólinn á Laugum	193	199	3%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.293	1.129	-13%
Menntaskólinn á Tröllaskaga	-	88	
<b>Austurland</b>	<b>598</b>	<b>563</b>	<b>-6%</b>
Menntaskólinn á Egilsstöðum	330	283	-14%
Verkmenntaskóli Austurlands	239	253	6%
Hússtjórnarskólinn í Hallormsstað	29	27	-7%
<b>Suðurland</b>	<b>1.421</b>	<b>1.331</b>	<b>-6%</b>
Menntaskólinn að Laugarvatni	175	199	14%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	233	213	-9%
Fjölbautarskóli Suðurlands	840	773	-8%
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	172	146	-15%
<b>Samtals</b>	<b>21.925</b>	<b>20.148</b>	<b>-8%</b>


Heimild: Ríkisreikningar 2007 og 2011, eigin útreikningar.

Í heildina hafa gjöld dregist saman um 8%. Mestur hefur samdrátturinn verið á höfuðborgarsvæðinu eða um 14% og þar á eftir koma Vestfirðir með 12% lækkun gjalda. Gjöld hafa dregist minnst saman á Austur- og Suðurlandi en þar drógust gjöldin saman um 6%. Ef litið er til einstaka skóla hafa gjöld dregist mest saman í Menntaskólanum Hraðbraut eða um 38%. Stofnkostnaður vegna framhaldsskóla hefur hins vegar rúmlega fjórfaldast milli þessara tveggja ára.

## 1.5 Áhrif niðurskurðar á vinnumarkaðinn eftir kyni

Á árunum fyrir hrún, þegar íslenska efnahagskerfið var í mikilli uppsveiflu, var atvinnuleysi á landinu lítið. Atvinnuleysi var meira meðal kvenna en karla í öllum landshlutum. Atvinnuleysi jókst mikið í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Niðursveifla á almennum vinnumarkaði kemur oft þyngra niður á körlum en konum, enda jókst atvinnuleysi meðal þeirra meira strax í kjölfar bankahrunsins. Mun fleiri karlar en konur vinna í ýmis konar mannvirkjagerð, en sú grein dróst mikið saman árið 2008. Körlum hafði fjölgað mikið í bönkunum á uppgangsárunum og þeir voru í miklum meirihluta meðal þeirra bankamanna sem misstu vinnuna. Niðurskurður hjá hinu opinbera kemur aftur á móti oft á tíðum harðar niður á konum, þar sem þær eru meirihluti ríkisstarfsmanna.<sup>2</sup> Þess má þó geta að karlar hafa verið í miklum meirihluta í vinnu við opinberar framkvæmdir s.s. vegagerð en nýframkvæmdir í vegagerð hafa verið litlar eftir hrún og viðhald takmarkað. Niðurskurður kemur síðar fram hjá hinu opinbera en á almennum vinnumarkaði og því gæti atvinnuleysi kvenna átt eftir að aukast meira eða minnka hægar en atvinnuleysi karla á næstu árum (Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir, 2011). Eins og sést á mynd 1-1 er atvinnuleysi karla heldur meira en hjá konum árið 2011, en það lækkar hraðar.

Mynd 1-1 Atvinnuleysi á landinu öllu 1998-2011



Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>2</sup> Árið 2009 voru konur 65% ríkisstarfsmanna (Fjármálaráðuneytið, ódagsett).

Í töflu 1-11 sést breyting á fjölda ársverka karla og kvenna frá 2007 til 2011 á vegum einstakra ráðuneyta. Alls fjölgaði ársverkum um 198 hjá öllum ráðuneytum.<sup>3</sup> Ársverkum karla fjölgaði um 114, en ársverkum kvenna fjölgaði um 81. Mest fækkaði ársverkum í stofnunum á vegum velferðarráðuneytisins. Á hinn bóginn fjölgar ársverkum á vegum Menntamálaráðuneytisins töluvert. Þess er vert að geta að rekstrarformi nokkurra opinberra stofnana hefur verið breytt í til dæmis opinbert hlutfélag eða eru nú einkareknað. Tekið hefur verið tillit til þess í þessari greiningu með því að halda þeim inni í tölum um ársverk þar sem þau eru enn unnin í þjófúfélaginu. Því eru opinber störf í raun færri árið 2011 en gefið er til kynna í þessari skýrslu.

**Tafla 1-11 Breyting á fjölda ársverka frá 2007 til 2011 eftir ráðuneytum**

	Konur	Karlar	Samtals
Æðsta stjórn	-4,0	-7,9	-11,9
Forsætisráðuneytið	5,0	1,9	6,9
Menntamálaráðuneytið	229,3	32,4	261,7
Utanríkisráðuneytið	23,9	-5,2	18,7
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	13,2	-2,9	10,3
Innanríkisráðuneytið <sup>1</sup>	8,9	-2,6	6,3
Velferðarráðuneytið <sup>2</sup>	-277,0	-26,2	-303,2
Fjármálaráðuneytið	27,5	31,3	58,8
Iðnaðarráðuneytið	-19,1	-17,2	-36,3
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	31,8	44,7	76,5
Umhverfisaráðuneytið	41,5	65,8	107,3
<b>Alls</b>	<b>81,0</b>	<b>114,1</b>	<b>195,1</b>

<sup>1</sup> Breyting á fjölda ársverka hjá Flugmálastjórn og Lögreglustjóranum á Suðurnesjum er endurreiknað. Bæta þurfti við ársverkum hjá stofnununum fyrir árið 2011 og var þeim bætt við í þeim hlutföllum sem þau töpuðust.

<sup>2</sup> Endurreikna þurfti fjölda ársverka hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þar var notað sama hlutfall og fyrir töpuð störf hjá körlum og konum og voru í upprunarlegum gögnum.

*Heimild:* Fjármálaráðuneytið.

Atvinnuleysi fyrir hvern landshluta fyrir sig er skoðað síðar í þessari skýrslu, en þar sést að í sumum landshlutum er atvinnuleysið meira hjá konum en körlum. Því gæti verið áhyggjuefni að þrýstingur á stjórnvöld til að skapa vinnuafslrek störf beinist mikið að því að skapa störf fyrir karlmenn. Fróðlegt væri að skoða breytingar á störfum karla og kvenna eftir landshlutum þar sem t.d. kynbundið atvinnuleysi er mismunandi eftir þeim, en gögn sem fengin voru til þessarar rannsóknar leyfa ekki slíka athugun. Hagstofan birtir hins vegar tölur um fjölda starfandi karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Samkvæmt úrtakskönnun hennar fækkaði störfum karla á höfuðborgarsvæðinu um 5% frá 2008 til 2009, og voru þau álíka mörg árið 2011. Störfum kvenna á

<sup>3</sup> Hér er einhver skekkja í gögnunum, þegar litið var á fækkun ársverka m.t.t. landshluta hafði þeim fjölgað um 198,4 en hér hefur þeim fjölgað um 195,1.

höfuðborgarsvæðinu fækkaði hins vegar aðeins um 1% frá 2008 til 2011, en síðan hefur þeim fjölgað aftur um rúm 2%. Allt önnur mynd blasir við á landsbyggðinni. Þar fækkaði störfum karla um 4% frá 2008 til 2009, en störfum kvenna um rúm 5%. Álíka mörg karlastörf eru á landsbyggðinni 2009 og 2011, en starfandi konum fækkar um 2%. Svo virðist sem staða kvenna á vinnumarkaði hafi verið hlutfallslega sterkari en karla á höfuðborgarsvæðinu en dæmið snýst við á landsbyggðinni. Hér verður þó að slá varnagla sökum þess að gögnin eru ekki fullkomlega áreiðanleg þar sem um úrtakskönnun er að ræða.

Þegar litið er á áhrif niðurskurðar ríkisins á karla og konur, þá sérstaklega í velferðarkerfinu, er einnig nauðsynlegt að velta fyrir sér hver mun í raun sinna þeim störfum sem skorin eru niður. Þörfin fyrir umönnun aldraðra, barna og fatlaðra hverfur ekki þó að felld séu niður störf á þeim stofnunum sem hingað til hafa séð um þá aðhlynningu. Oft á tíðum lendir þetta hlutverk á konum og þær taka því á sig vinnu sem ekki fæst greitt fyrir og þær þurfa ef til vill að minnka við sig launavinnu. Álag á konur getur þannig aukist auk þess sem ríkið verður af skatttekjum þegar launuð vinna er skorin niður. Skatttekjur minnka bæði frá þeim sem áður unnu þessi störf og þeim sem nú vinna störfin launalaust.

Nánar verður fjallað um ólík áhrif niðurskurðarins á karla og konur í næsta kafla þar sem augum er beint að áhrifum niðurskurðarar á einstaka landshluta.

## 2 Almennt um áhrif niðurskurðar á einstaka landshluta

Í ríkisreikningum eru útgjöld til ólíkra málaflokka ekki flokkuð eftir landshlutum. Hins vegar eru til gögn um fjölda ársverka í hverjum landshluta eftir málaflokkum og því verður hér stuðst við þau gögn sem nálgun á niðurskurð eftir landshlutum. Þessi nálgun er ekki fullkominn mælikvarði á niðurskurð eftir ríkisstofnunum en þó má ætla að breyting á starfsmannafjölda og þjónustustig fylgist að einhverju leyti að.


Hér að neðan er skoðað hvort séð verði að niðurskurður hjá ríkinu hafi hugsanlega áhrif á ýmsa mælanlega þætti í hverjum landshluta, íbúafjölda, íbúaflutninga, meðalaldur, hlutfall 20-40 ára af íbúafjölda, hlutfall karla og kvenna, atvinnuleysi, útsvar og hagvöxt.

### 2.1 Ris og hnignun byggða

Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað mjög mismikið eftir byggðakjörnum og landshlutum. Straumur fólks hefur legið til höfuðborgarsvæðisins og hefur íbúum þar fjölgað meðan fólki hefur almennt séð fækkað á landsbyggðinni. Íbúum hefur einnig fjölgað á nokkrum stöðum á landsbyggðinni, þá helst í nágrennabyggðum höfuðborgarinnar, á Akureyri og næsta nágrenni og á Reyðarfirði og þar í grennd. Áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins nær mun lengra en hinna tveggja staðanna (sjá myndir 3-2, 8-2 og 9-2). Fækkun íbúa getur haft í för með sér keðjuverkun, eins og lýst er á mynd 2-1. Eftirspurn minnkar einhverra hluta vegna, til að mynda vegna fólksfækkunar, sem aftur hefur í för með sér að fyrirtæki loka og tekjur íbúa og sveitafélagsins dragast saman. Leiðir þetta til enn minni eftirspurnar og dvínandi lífsgæða sem aftur leiðir til fólksfækkunar. Niðurskurður hins opinbera gæti hrundið af stað slíkri hringrás, ef íbúum fækkar annað hvort vegna minni þjónustu hins opinbera á svæðinu eða færri atvinnutækifæra. Því er vert að skoða íbúapróun á hverjum landshluta fyrir sig. Einnig er áhugavert að skoða áhrifaþætti fólksfjöldapróunar til að glöggva sig á ástæðum breytinga á íbúafjölda.



## Mynd 2-1 Hnignun byggðar



Heimild: Edward H. Huijbens (2010).

Meðalaldur og hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa getur gefið vísbendingu um hvort landshluti eða byggðakjarni stendur höllum fæti. Fólk flytur helst upp úr tvítugu. Þar sem skörð hafa myndast í raðir ungs fólks er sennilegt að fólki fækki síðar. Til enn betri glöggvunar á aldursdreifingu einstakra landshluta er aldurspíramídi fyrir 1. janúar 2012 teiknaður upp. Aldurspíramídi sýnir hlutfall íbúa í hverjum aldurshópi á svæðinu. Eins og fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar (2011), er mikið um að fólk á aldrinum 20-40 ára flytji frá afskekktari stöðum á landsbyggðinni. Má ætla að þessi aldurshópur eigi auðveldara með að taka sig upp og flytja þar sem ekki hefur verið fest kaup á húsnæði. Eldri aldurshópar hafa að líkindum keypt húsnæði og munu því síður flytjast búferlum meðan einhverja atvinnu er að hafa. Einnig getur verið að yngra fólk geri meiri kröfu um fjölbreyttari atvinnutækifæri, menntunarmöguleika og margbreytilegri afþreyingu. Ef skörð eru í hópi yngra fólks er hætt við að fólki fækki þegar tímar líða. Útsvarsstofn minnkar og framfærslubyrði sveitarfélagsins verður þung þegar þeir sem nú eru fertugir taka að hverfa af vinnumarkaði.

## 2.2 Ólík áhrif á konur og karla

Vert er að skoða hlutfall kynjanna í hverjum landshluta, ef hlutfall karla og kvenna er mjög skakkt, er hægt að búast við að náttúruleg fjölgun í byggðakjarnanum verði minni en ella. Oft vill þróunin verða sú að ungar konur flytji frá afskekktum stöðum en karlarnir verði eftir. Rannsóknir hafa gefið til kynna að karlar flytji einnig á brott frá slíkum stöðum en þeir eru þó enn víðast hvar í meirihluta. Þetta á ekki einungis við á Íslandi heldur einnig annars staðar á Norðurlöndum (Elín, Sigríður K., Sigríður E. og Sigurður, 2012). Í doktorsritgerð Vífils Karlssonar (2012) kemur fram að þegar kvenfólk flytur virðist sem karlar fylgi á eftir einu ári síðar, mögulega vegna þess að erfiðara er að finna maka í heimabyggð. Margvíslegar ástæður eru fyrir því að konur flytja frekar af landsbyggðinni en karlar. Þar á meðal kann að vera meira framboð menntunar sem hentar konum í höfuðborginni, auk þess sem þar er meira um atvinnutækifæri og afþreyingu. Vinnumarkaðurinn á landsbyggðinni hefur löngum byggt á vinnu fyrir karlmenn, sjómennsku, verktakavinnu og þess háttar. Hins vegar hefur starfsfólki fækkað mikið í hinum hefðbundnu kvennagreinum, fiskvinnslunni, undanfarna áratugi.

## 2.3 Atvinnumál

Niðurskurður hins opinbera getur haft í för með sér aukið atvinnuleysi, þar sem hann er mestur, en önnur merkjanleg áhrif eru lækkað starfshlutfall, minni yfirvinna o.fl. sem hefur áhrif á ráðstöfunartekjur. Atvinnuleysistöður fyrir hvern landshluta eru fengnar frá Hagstofunni, en tölur um fjölda atvinnulausra í einstökum sveitarfélögum eru frá Vinnumálastofnun. Þar sem mannaflatölur fyrir sveitarfélög liggja ekki á lausu er miðað við heildarmannfjölda á bilinu 16-74 ára. Atvinnuleysistöður eru reiknaðar sem skráð atvinnuleysi sem hlutfall af heildarmannfjölda á bilinu 16-74 ára.<sup>4</sup> Athuga verður að þessi mælikvarði á atvinnuleysi er ekki samanburðarhæfur við tölur Hagstofunnar. Að auki er útsvar á mann eftir landshlutum skoðað. Fækkun opinberra starfa hefur óneitanlega neikvæð áhrif á útsvar sveitarfélaga, bæði bein og óbein. Þau sveitarfélög sem voru með aðra álagningarprósentu en 13,28% voru endurreiknuð þannig að fjárhæð útsvars þeirra miðast við þá prósentu. Þessar tölur gefa möguleika á að sjá hlutfallslegan mismun launa milli ára og landshluta þó þau gefi ekki beinan mælikvarða á laun á mann. Jafnframt skoðum við hagvöxt í hverjum landshluta yfir nokkra ára tímabil, en eins og gefur að skilja getur niðurskurður á ríkisstarfsemi haft neikvæð áhrif á hagvöxt. Að lokum lítum við á skiptingu framleiðslu hvers landshluta árið 2003 og 2009, en með því ætti að vera hægt að glöggva sig á því hvort niðurskurður hins opinbera hafi haft áhrif á skiptingu atvinnuvega í landshlutanum. Síðar í kaflanum verður farið yfir hvern landshluta fyrir sig með tilliti til þeirra þátta sem hér hefur verið fjallað um. Taldar verða upp þær stofnanir á landsbyggðinni sem hafa opinbera starfsmenn á sinni könnu árið 2007 og/eða 2011, en vegna

---

<sup>4</sup> Er notað sem nálgun á vinnuafl sveitarfélags. En ljóst er að ekki allir 16-74 ára íbúar teljast sem vinnuafl þar sem t.d. margir eru í enn í skóla og aðrir eru komnir á eftirlaun.

stærðar opinbera geirans á höfuðborgarsvæðinu reynist slík upptalning ekki möguleg. Farið verður nánar í gegnum nokkur sveitarfélög sem hafa orðið hvað verst fyrir barðinu á niðurskurði ríkisins og lagt mat á kostnað sjúklinga þegar leita þarf annað vegna heilbrigðisþjónustu.

Þegar skorin eru niður störf í landshluta/sveitarfélagi er tvennt sem hafa þarf í huga. Annars vegar þarf að horfa til þeirra sem missa vinnuna og hins vegar þeirra sem nota þjónustuna sem skorin er niður og þurfa nú að leita annað. Ef næga atvinnu er að hafa í sveitarfélaginu þyrfti einungis að hafa áhyggjur af þjónustustiginu þar sem starfsmenn myndu einfaldlega færast til í starfi. Eins og staðan er á atvinnumarkaði núna þarf að taka tillit til beggja þátta.

Þegar einstaklingur missir vinnuna og ef enga aðra vinnu<sup>5</sup> er að hafa í sveitarfélaginu, mun hann annað hvort flytja búferlum þangað sem vinnu er að hafa eða fara á atvinnuleysisbætur. Ef einstaklingur fer á atvinnuleysisbætur hefur það í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkið, sem greiðir bæturnar. Oft kemur líka til kostnaður vegna þess að atvinnulausir þurfa oft að leita til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags eftir aðstoð. Einnig hefur verið sýnt fram á neikvætt samband milli andlegrar heilsu og langvarandi atvinnuleysis.<sup>6</sup> Ef einstaklingur ákveður að flytja burt, verður sveitarfélagið af útsvari. Fólksfækkun gerir það að verkum að erfiðara er að halda uppi góðri þjónustu fyrir þá íbúa sem eftir eru. Einnig veldur þetta mikilli óvissu fyrir íbúana. Þetta getur komið af stað keðjuverkun. Eins er líklegt að fyrir hvert starf sem tapast flytji heil fjölskylda frá sveitarfélaginu. Starfsmissir hefur ekki einungis áhrif á þann sem missir vinnuna heldur sveitarfélagið í heild sinni. Í þessum niðurskurði ríkisins hefur verið algengt að skerða starfshlutföll og lækka laun, sem hefur áhrif á ráðstöfunartekjur einstaklinga og útsvar sveitarfélagsins.

## 2.4 Samgöngur og ferðakostnaður

Þegar störf leggjast niður í byggðarlagi getur það haft í för með sér kostnaðarauka fyrir þá sem njóta þjónustunnar. Eitt dæmi um slíkan kostnað, sem getur skipt miklu máli, er aukinn ferðakostnaður þegar sækja verður þjónustuna um lengri veg en áður. Taka má dæmi af ferðakostnaði við að leita sér einhverrarþjónustu. Kostnaður við slíka ferð er tvíþættur. Í fyrsta lagi er beinn kostnaður af ferðinni sjálfri, það er kostnaður vegna aksturs, auk flugs og uppihalds þegar við á. Í öðru lagi er um að ræða óbeinan kostnað sem felst í tekjutapi og óþægindum á meðan á ferð stendur. Beinn aukinn ferðakostnaður getur verið umtalsverður. Í töflu 2-1 má sjá notkunarkostnað bifreiðar fyrir árin 2006-

---

<sup>5</sup> Einnig getur verið að t.d. menntað fólk finni ekki vinnu við sitt hæfi í sveitarfélaginu og leiti því annað þar sem það getur notað menntun sína og aflað sér meiri tekna.

<sup>6</sup> Jón Sigurður Karlsson (1992): Samhengi atvinnuleysis og (van)líðanar. Sálfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir á áhrifum atvinnuleysis. Vinnan, tímarit Alþýðusambandsins, desember.

2012 á verðlagi ársins 2012.<sup>7</sup> Samkvæmt tölum frá 2011 á verðlagi þess árs er kostnaður vegna notkunar bifreiðar sem eyðir 9l/100 km. og er ekin 15.000 km. á ári 31,33 kr./km. Þannig að kostnaður á hvern kílómeter er margfaldaður með heildarkílómetrafjölda ferðarinnar. Sú vegalengd sem þarf að fara til að sækja ákveðna þjónustu skiptir máli, en einnig hvort tíðar almenningssamgöngur eru milli þeirra staða sem fara þarf á milli. Einnig skiptir ástand veganna og ýmsir erfiðleikar á leiðinni máli. Á myndum 2-48, 2-88, 2-105 og 2-121 eru sýndir helstu vegir landsins og því gerð skil hvar helstu hættur eru að finna, meðal annars má sjá hvar hætta er á snjóflóði, grjóthruni, sandfoki og vindhviðum. Að vetri til getur færð oft verið torveld, hálka getur skapað mikla hættu og snjócoma getur bæði skyggt útsýni og valdið ófærð á vegum. Vetrarþjónusta á þjóðvegum landsins getur því skipt sköpum fyrir íbúa hinna dreifðu byggða. Mynd 2-2 í kafla 2.4 sýnir hvernig vetrarþjónusta var háttáð á helstu vegum landsins veturinn 2011-2012. Sú staða getur komið upp að erfitt reynist að komast á milli staða vegna veðurs og getur það sérstaklega haft slæmar afleiðingar í för með sér ef veikindi eða slys ber að höndum. Annar beinn kostnaður einstaklings er upphald á staðnum ef dvelja þarf í einhvern tíma burt frá heimili.

---

<sup>7</sup> Hér er miðað við kostnað eins og hann er reiknaður hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Rétt er að taka fram að ríkisstarfsmenn fá aksturkostnað greiddan samkvæmt öðrum aðferðum og eru þær upphæðir bundnar í launasamninga.

**Tafla 2-1 Rekstrarkostnaður bifreiðar**

Rekstrarkostnaður bifreiðar	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Verðflokkur (kg)	3.500.000	3.483.742	4.000.595	3.314.235	2.897.954	2.971.163	2.785.170
Þyngd (kg)	1.250	1.250	1.250	1.150	1.150	1.050	1.050
Eyðsla (l/100 km)	9	9	9	9	9	9	9
Eignarár	5	5	5	5	5	5	5
Akstur á ári (km)	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000

**Kostnaður vegna notkunar**

Bensín	351.000	308.857	295.934	238.625	259.884	228.533	241.474
Viðhald og viðgerðir	132.000	129.990	137.007	146.440	140.758	143.485	146.221
Hjólbarðar	53.000	49.916	50.418	50.327	43.469	44.205	44.408
Kostnaður á ári	536.000	488.764	483.360	435.392	444.111	416.224	432.104
Kostnaður á km	35,73	32,58	32,22	29,03	29,61	27,75	28,81

**Tryggingar, skattar og skoðun**

Tryggingar	193.000	197.585	206.058	210.024	200.097	188.415	193.105
Skattar og skoðun	21.300	21.422	31.566	27.128	27.462	25.653	27.078
Kostnaður á ári	214.300	219.008	237.624	237.152	227.558	214.069	220.183

**Bílastæði og þríf**

Bílastæðakostnaður	9.000	7.799	8.220	8.715	9.798	10.000	9.903
Þríf o.fl.	25.000	22.878	24.113	25.164	24.288	25.509	25.685
Kostnaður á ári	34.000	30.678	32.334	33.879	34.085	35.509	35.588

**Verðrýrnun**

Verðrýrnun/ári (%)	13,0	13,0	13,0	13,0	13,0	13,0	12,8
Verðrýrnun/ári (kr)	455.000	452.886	520.077	430.851	376.734	386.251	356.502

**Fjármagnskostnaður**

Vaxtakostnaður	141.750	141.092	162.024	156.598	136.928	140.388	132.574
----------------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------

**Samtals heildarkostnaður yfir 1 ár**

Heildarkostnaður á ári	1.381.050	1.332.427	1.435.419	1.293.871	1.219.418	1.192.441	1.176.951
Heildarkostnaður á km.	92,07	88,83	95,69	86,26	81,29	79,50	78,46

\* Rekstrarkostnaður er miðaður við janúar hvers árs

\*\* Upphæðir eru leiðréttar miðað við verðlag ársins 2012

*Heimild:* Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Vinnutap er reiknað út frá þeim tíma sem tekur að aka leiðina fram og til baka. Við útreikninga á ferðatíma er miðað við að akstur á 90 km/klst. allan tímann. Ekki eru tekin inn hvíldarstopp á leiðinni og því er líklegt að ferðatími sé eitthvað vanmetinn, að minnsta kosti á lengri leiðum. Í þessum útreikningum er miðað er við meðaltímakaup árið 2011 samkvæmt tölum Hagstofu, en það var 2.700 kr.<sup>8</sup> Hér er því ferðatími margfaldaður með meðaltímakaupi til að finna tekjutap vegna ferðarinnar. Ekki er tekinn með tími sem fer í sjálfa læknisheimsóknina þar sem ekki hefði verið komist hjá því vinnutapi þótt sjúklingur hefði getað fengið læknisþjónustu í heimabyggð. Hér er gert ráð fyrir því að læknisferlið hafi verið jafnskilvirkt á báðum stöðum. Fleira ber að hafa í huga þegar velt er uppi kostnaði við niðurskurð í heilbrigðisgeiranum. Til dæmis má nefna að þeir sem leggjast á spítala utan heimabyggðar geta ekki skroppið heim til sín á daginn. Einnig getur verið erfitt fyrir aðstandendur að heimsækja sjúklinga um langan veg. Stundum fylgja aðstandendur fólki til læknis og því fylgir fyrirhöfn og jafnvel vinnutap fyrir þá. Í þessu samhengi er einnig óljóst hvort vinnuveitendur gefa frí

<sup>8</sup> Meðalheildarlaun á mánuði deilt með meðalfjölda unninna tíma.

frá vinnu.<sup>9</sup> Auk þess sem áður hefur verið nefnt þarf að hafa í huga að hver mínúta getur skipt máli ef slys eða skyndileg veikindi ber að. Ef langan tíma tekur að koma sjúklingi undir læknishendur getur það orðið of seint. En hafa ber í huga að fyrir utan sparnað getur þjónustan sem veitt er á stórum sjúkrahúsum verið öruggari og skilvirkari en sú sem veitt er á litlum stöðum þar sem sérhæfing er minni og færri úrræði til staðar vegna tækjakosts.

Til að geta metið með nokkurri vissu áhrif niðurskurðar á einstök sveitarfélög þarf að fara út í viðamikla kostnaðar- og ábatagreiningu. Þar þyrfti að skoða hvort sá sparnaður sem felst í niðurskurði sé meiri en sá kostnaður sem íbúar, sveitarfélög og ríki verða fyrir vegna sparnaðarins. En oft getur reynst erfitt að meta kostnaðinn af slíkum aðgerðum þar sem verð vantar á marga þætti til dæmis getur reynst erfitt að meta tíma neytenda til fjár og hvað þá mannlíf.

Bættar samgöngur geta falið í sér styttingu vegar, lagningu á bundnu slitlagi til að minnka slyshættu og stytta ferðatíma auk annarra endurbóta á vegum og öðrum samgöngumannvirkjum til að gera þær bæði öruggari og fljótfarnari. Skilyrði til aksturs á Íslandi eru oft á tíðum varasöm og á það sérstaklega við um vetrartímamann. Í töflu 2-2 má sjá helstu vegaf framkvæmdir síðustu ára.

---

<sup>9</sup> Allir eða hluti frídaga fellur þó líklega undir veikindadaga, því ætti einstaklingur að fá að minnsta kosti hluta af dögnum greidda, en vinnuveitandi missir einstaklinginn úr vinnu samt sem áður sem dregið gæti úr framlegð fyrirtækisins.

Tafla 2-2 Helstu vegaförum 1998 til 2012

Verkefni	Verklok	Tegund verkefnis	Eðli verkefnis	Áhrifasvæði	Næstu þéttbýlisstaðir	Stytting milli næstu þéttbýlisstaða
Gilsfjarðarbrú	1998	Brú	Nýtt	Vestfirðir	Búðardalur og Reykhólar	18 km.
Hvalfjarðargöng	1998	Göng	Nýtt	Vesturland, Vestfirðir og Norðurland	Reykjavík og Akranes	59 km.
Gemlufallsheiði	2000	Vegur	Endurnýjun	Norðanverðir Vestfirðir	Þingeyri og Flateyri	0 km.
Vatnaleið	2002	Vegur	Nýtt	Snæfellsnes	Stykkishólmur og Borgarnes	0 km.
Brattabrekka	2003	Vegur	Endurnýjun	Dalir og Vestfirðir	Borgarnes og Búðardalur	0 km.
Kolgrafarfjörður	2005	Brú	Nýtt	Snæfellsnes	Stykkishólmur og Grundarfjörður	7 km.
Fáskrúðsfjarðargöng	2005	Göng	Nýtt	Miðausturland	Fáskrúðsfjörður og Reyðarfjörður	37 km.
Reykjanesbraut	2008	Tvöföldun vegar	Endurnýjun	Reykjanes	Hafnarfjörður og Keflavík	0 km.
Þverárfjallsvegur	2008	Vegur	Endurnýjun	Miðnorðurland	Sauðárkrókur og Blönduós	26 km.
Þröskuldur/Arnkötludalur	2009	Vegur	Nýtt	Vestfirðir	Hólmavík og Reykhólar	173 km.
Mjóifjörður	2009	Brú	Nýtt	Norðanverðir Vestfirðir	Hólmavík og Súðavík	33 km.
Bolungarvíkurgöng	2010	Göng	Nýtt	Norðanverðir Vestfirðir	Bolungarvík og Hnífsdalur	1 km.
Héðinsfjarðargöng	2010	Göng	Nýtt	Miðnorðurland	Síglufjörður og Ólafsfjörður	44 km.
Landeyjarhöfn	2010	Höfn	Nýtt	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar og Reykjavík*	Vegalengd til hafnar jókst um 83 km. en sjóferð styttist um 205 klst.


\*Ekki er miðað við næsta þéttbýlisstað við Vestmannaeyjar.

Heimild: Vegagerðin og Loftmyndir ehf.

Þrátt fyrir miklar umbætur á vegum á nýliðnum árum og áratugum, eru sumir vegir enn varasamir, sérstaklega í vondum veðrum og að vetri til. Síðar í kaflanum eru sýndir varhugaverðir vegir víðsvegar um landið.

Vegabjónusta að vetri til getur skipt sköpum fyrir lífsskjör íbúa landsbyggðarinnar, rétt er því að líta aðeins á hvernig vetrarþjónusta á vegum var háttað veturinn 2011-2012.

## Mynd 2-2 Vetrarþjónusta á vegum landsins veturinn 2011-2012



Heimild: Vegagerðin.

Á mynd 2-2 sést hvernig þjónusta á vegum er háttað yfir vetrartímann. Hringvegnum er sinnt sex til sjö daga vikunnar, en þegar komið er út fyrir hann minnkar þjónustan. Ef litið er á Vestfirði má sjá að byggðir sunnarlega á fjörðunum eru einangraðar frá Ísafirði yfir vetrarmánuðina þar sem vegurinn sem tengir svæðin er einungis mokaður að vori og hausti.

### 2.4.1 Fjöldi opinberra starfa á landsbyggðinni

Fjöldi opinberra starfa eftir ráðuneytum og landshlutum árin 2007 og 2011 má sjá í töflu 2-3. Árið 2007 og 2011 störfuðu flestir starfsmenn hjá stofnunum á vegum velferðarráðuneytisins, næst á eftir kom menntamálaráðuneytið og síðan innanríkisráðuneytið. Ef litið er til ólíkra landshlutaeru flestir ríkisstarfsmenn á höfuðborgarsvæðinu en næst kemur Norðurland eystra enda eru þeir fjölmennustu landshlutarnir.

Út frá töflu 2-4 getum við skoðað hvaða breytingar hafa orðið á ársverkafjölda milli þessara tveggja ára eftir landshlutum og ráðuneytum, þessar breytingar má sjá á töflu 2-3.



**Tafla 2-3 Breyting í fjölda ársverka frá 2007 til 2011 eftir ráðuneytum og landshlutum**

Breyting 2011	2007- Höfuð- borgar- svæðið	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Óstað- sett	Samtals
<b>Æðsta stjórn</b>	-11,9	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>-11,9</b>
<b>Forsætisr.</b>	6,9	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>6,9</b>
<b>Menntamálar.</b>	187,9	57,2	-3,7	9,8	-0,7	9,2	0,5	-1,4	3,7	<b>262,5</b>
<b>Utánríkisr.</b>	29,6	0	0	0	0	0	0	0	-10,9	<b>18,7</b>
<b>Sjávar- og landb.</b>	-17,8	-2,9	2,4	-3	1,1	-2	-2	12,8	21,9	<b>10,5</b>
<b>Innanríkisr.</b>	140,1	-86	-10	-2,5	-4,8	-17,2	-15,1	16,2	-14,6	<b>6,1</b>
<b>Velferðar.</b>	-309,8	23,1	-11	-21,7	-19,2	-42,7	-17,9	46,9	49,7	<b>-302,6</b>
<b>Fjármála.</b>	4,4	53,3	-0,8	1	-2,8	1,8	1,4	0,4	0	<b>58,7</b>
<b>Iðnaðar.</b>	-43,4	0	0	2	0,8	1,3	2	1	0	<b>-36,3</b>
<b>Efnah.- og viðsk.</b>	76,5	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>76,5</b>
<b>Umhverfisr.</b>	32,8	7,5	2,2	8,2	0	-5,9	5,3	2,9	56,3	<b>109,3</b>
<b>Alls</b>	<b>95,3</b>	<b>52,2</b>	<b>-20,9</b>	<b>-6,2</b>	<b>-25,6</b>	<b>-55,5</b>	<b>-25,8</b>	<b>78,8</b>	<b>106,1</b>	<b>198,4</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Á heildina litið hefur ársverkum hjá ríkinu fjölgað um rúm 198 á tímabilinu 2007 til 2011. Þess er vert að geta að rekstrarformi nokkurra opinberra stofnanna hefur verið breytt í opinbert hlutafélag eða þá að þær eru nú einkareknar. Tekið hefur verið tillit til þess í gögnunum og því eru opinber störf í raun færri árið 2011 en tölurnar í töflunum gefa til kynna. Þessi störf töpuðust þó ekki úr þjóðfélaginu og því var ákveðið að halda þeim inni í töflunni. Mest fækkaði ársverkum hjá ríkinu á Norðurlandi eystra eða um 55,5. Mest fjölgaði ársverkum aftur á móti á höfuðborgarsvæðinu eða um rúm 95. Ef fjöldi ársverka er skoðaður eftir ráðuneytum sést að þeim fækkar mest í stofnunum á vegum velferðarráðuneytisins og næstmest fækkar ársverkum í stofnunum á vegum iðnaðarráðuneytisins. Aftur á móti fjölgar ársverkum mest á vegum menntamálaráðuneytisins og næstmest á vegum umhverfisráðuneytisins.

**Tafla 2-4 Hlutfall breytingar á fjölda ársverka hjá ríkinu af fjölda íbúa á bilinu 16 til 74 ára í hverju umdæmi**

	Höfuðborgar- svæðið	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Allt landið
<b>Samtals</b>	0,06%	0,35%	-0,19%	-0,12%	-0,49%	-0,27%	-0,29%	0,46%	0,09%

Heimild: Fjármálaráðuneytið og Hagstofa Íslands.

Tafla 2-4 sýnir hlutfall breytinga á fjölda ársverka hjá ríkinu af fjölda íbúa á bilinu 16 til 74 ára í hverju umdæmi. Mannfjöldatölur eru miðaðar við 1. janúar 2012. Þar sést að starfsmönnum hefur fjölgað

hvað mest á Suðurlandi eða um 0,46% af íbúum á vinnualdri og því næst á Suðurnesjum um 0,35%. Fjölgunin er á báðum þessum svæðum svo mikil að um hann hlýtur að muna í tölum um fjölda starfa. Langmest fækkar starfsmönnum á íbúa á Norðurlandi vestra eða um 0,49% en næstmest fækkar þeim á Austurlandi og þar á eftir kemur Norðurland eystra. Á Norðurlandi og Austurlandi er niðurskurðurinn svo mikill að um hann munar verulega í tölum um fjölda starfandi. Um áhrif á atvinnuleysi er erfiðara að segja, því að oft er um að ræða sérhæft starfsfólk, sem ætla má að flytji þegar það missir vinnuna. Einnig munar um skerta þjónustu á þessum slóðum. Þegar opinber þjónusta minnkar verður ófýsilegra að búa á þessum svæðum en ella.

### 3 Höfuðborgarsvæðið

Við byrjum á að skoða hvernig niðurskurður ríkisins hefur haft áhrif á höfuðborgarsvæðið. Rúm 95 ársverk hafa skapast á svæðinu á tímabilinu 2007 til 2011, sem er 0,06% af 16-74 ára íbúum á svæðinu. Til samanburðar er aukning opinberra ársverka á landinu öllu 0,09%. Skoðum nú hvort þessi aukning ársverka hafi haft teljandi áhrif á íbúabróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og framleiðsluskiptingu landshlutans. Þó er ljóst að margir aðrir þættir en starfsemi ríkisins getu spilað inni í þróun þessara breyta.

#### 3.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Líkt og sést í töflu 3-1 var mestur niðurskurður á höfuðborgarsvæðinu á Landsspítalanum en þar fækkaði um 345,7 ársverk. Næst á eftir kemur Tryggingastofnun ríkisins með 95,2 ársverk. Á þeim stöðum sem mestur niðurskurður var á höfuðborgarsvæðinu fækkaði ársverkum kvenna mun meira en karla. Í heildina fjölgaði ársverkum ríkisins um rúm 95 og því líklegt að konum hafi áskotnast fleiri störf en körlum þar sem mikill meirihluti ríkisstarfsmanna eru konur.

**Tafla 3-1 Stofnanir með mesta fækkun ársverka á höfuðborgarsvæðinu**

Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka kvenna	Breyting á fjölda ársverka karla
Landspítali	-345,7	-59,6	-275,6
Tryggingastofnun ríkisins	-95,2	-21,2	-74
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-54,0	-34,7	-19,3
Ríkisútvarpið	-40,0	-24	-16
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-23,9	-13,8	-10,1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands <sup>1</sup>	-18,4	0,6	-9,9
Fiskistofa <sup>1</sup>	-18,0	-21,2	2,4
Orkustofnun	-17,0	-13,4	-3,6
Ríkislögreglustjóri	-15,7	-12,4	-3,3
Ferðamálastofa <sup>1</sup>	-14,9	-5,4	-10,5
<b>Samtals</b>	<b>-642,8</b>	<b>-205,1</b>	<b>-419,9</b>
<b>Samtals á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>95,3</b>		

\* Hér eru ekki teknar með stofnanir sem voru sameinaðar öðrum á tímabilinu eða rekstrarformi breytt á annan hátt.

\*\* Ekki er fullt samræmi milli talna um fækkun ársverka í heild og hjá hverju kyni fyrir sig.

<sup>1</sup>Stærstur hluti starfa stofnunarinnar eru á höfuðborgarsvæðinu


Mörg ársverk hafa tapast í heilbrigðisgeiranum og er ljóst að töluvert af því starfsfólki hefur farið utan til vinnu. Með niðurskurði í heilbrigðisgeiranum og á fleiri stofnunum á höfuðborgarsvæðinu hefur kostnaður lækkað en líklegt er að óhjákvæmileg afleiðing niðurskurðar komi fram með einhverjum hætti, t.d. lengri biðlistum, styttingu legutíma á sjúkrahúsum, frestun á tækjakaupum og endurnýjun

tækja, minni löggæslu, minni rannsóknum og skertu námsframboði. Er þetta þjónusta sem í flestu tilfellum er ekki hægt að nálgast annars staðar á landinu í staðinn. Bitnar þessi niðurskurður á öllum landsmönnum. Sérstaklega er vert að líta nánar á niðurskurð Landsspítalans, en þessi fækkun ársverka bitnar bæði á starfsmönnum og sjúklingum. Starfsmenn missa vinnuna eða vinnutími skerðist með tilheyrandi tekjutapi. En það starfsfólk sem er eftir vinnur undir meira álagi en áður sem bitnar á heilsu þeirra og getur einnig bitnað á þeim sjúklingum sem þeir annast. Vegna niðurskurðar á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þarf fólk þaðan í auknum mæli að leita til Reykjavíkur. Veð það eykst álagið á starfsfólk heilbrigðisstofnana á höfuðborgarsvæðinu enn frekar.

### 3.2 Íbúafjöldi og samsetning

Fyrst lítum við á þróun íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu. Á mynd 3-1 sést að árið 1998 var heildarfjöldi íbúa höfuðborgarsvæðisins 164.606, íbúafjöldinn hefur vaxið jafnt og þétt öll árin, að undanskildri lítilli fækkun á milli árunna 2009 og 2010, en hún er ekki jafn áberandi og fækkunin á landinu öllu. 1. janúar 2012 voru 203.594 íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem aukning opinberra starfa sem hlutfall af íbúum er hverfandi er ólíklegt að það hafi haft áhrif á íbúapróun.

**Mynd 3-1 Þróun íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst skoðum við íbúapróun hvers þéttbýlisstaðar fyrir sig í kringum höfuðborgarsvæðið, sjá mynd 3-2. Rauði hringurinn sýnir u.þ.b 130 km radíus í kringum Reykjavík. Blái liturinn táknar þéttbýliskjarna þar sem íbúum hefur fækkað á árunum 1998 til 2012 og appelsínuguli liturinn táknar kjarna þar sem

íbúum hefur fjölgað. Á myndinni sést að 29 af þeim 33<sup>10</sup> þéttbýliskjörnum þar sem íbúafjöldi hefur aukist á tímabilinu eru í u.þ.b. 130 km. radius eða minna frá Reykjavík.

### Mynd 3-2 Þéttbýliskjarnar í grennd við höfuðborgarsvæðið




Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar höfundar, kort fengið af vef já.is.

Til að skilja betur þróun íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldapróunar, en þá er að sjá á mynd 3-3. Á myndinni sést að skýra má aukningu í fólksfjölda á árunum 2005 til 2007 að miklu leyti með fjölgun aðfluttra íbúa, í kjölfar kreppunnar má sjá að fjöldi brottfluttra jókst verulega, sérstaklega árin 2008 og 2009. Má ætla að stór hluti þess fólks hafi flutt af landi brott, bæði erlendir íbúar og Íslendingar. Fæðingar- og dánartíðni helst nokkuð óbreytt yfir tímabilið.

<sup>10</sup> Hér er Keflavík og Njarðvík talinn sem einn þéttbýliskjarni.


**Mynd 3-3 Áhrifaþættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á höfuðborgarsvæðinu**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar litið er á þróun meðalaldurs íbúa svæðisins kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Líkt og sjá má á mynd 3-4 hefur meðalaldur hækkað jafnt og þétt yfir tímabilið. Árið 1998 var meðalaldurinn 34,1 ár en árið 2012 var hann kominn í 36,2 ár. Þróunin hefur verið svipuð og á öllu landinu, í upphafi tímabilsins var meðalaldur á höfuðborgarsvæðinu dálítið hærri en á landinu öllu en frá hruni er þessu öfugt farið.

**Mynd 3-4 Meðalaldur íbúa á höfuðborgarsvæðinu**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Annar mælikvarði á þróun aldursdreifingar íbúa svæðisins er að skoða hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa svæðisins. Á mynd 3-5 sjáum við þróunina fyrir höfuðborgarsvæðið. Þróunin á

hlutfallinu hefur verið svipuð og á öllu landinu, en verið í kringum einu prósentustigi hærrí. Árið 1998 var hlutfallið 32,7% en hefur farið lækkandi síðan, þó hækkaði hlutfallið á árunum 2007 til 2009. Í byrjun árs 2012 var hlutfallið komið niður í 31%. Ekki er að sjá að fjölgun starfa hjá ríkinu á höfuðborgarsvæðinu hafi haft jákvæð áhrif á hlutfallið.


**Mynd 3-5 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á höfuðborgarsvæðinu**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að glöggva sig enn betur á aldursdreifingu svæðisins teiknum við upp aldurspíramída fyrir höfuðborgarsvæðið 1. janúar 2012 á mynd 3-6. Athyglisvert er að sjá að aldurshóparnir 5-9 ára og 10-14 ára eru töluvert minni en hóparnir báðu megin við þá. Ein skýring gæti verið sú að dregið hafi úr barneignum í góðærinu en þeim aftur fjölgað upp úr kreppunni. Þetta mynstur er mun skýrara á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Annað sem vert er að benda á er að aldurshópurinn 15-19 ára er töluvert minni á höfuðborgarsvæðinu en á landinu öllu því er greinilegt að efling framhaldsskólanna úti á landsbyggðinni heldur í ungmenni á þessum aldri. Aftur á móti er hópurinn frá 20 til 40 ára stærri en landsmeðaltalið sem skýrist af því að fólk á þessum aldri sækir í háskólanám og atvinnu á höfuðborgarsvæðið. Veruleg fækkun verður svo í hópi íbúa á aldrinum 65-69 ára eins og við er að búast.

### Mynd 3-6 Aldurspíramídi fyrir höfuðborgarsvæðið 2012




Heimild: Hagstofa Íslands.

Þessu næst lítum við á þróun í fjölda kvenna á hverja 100 karla á höfuðborgarsvæðinu. Líkt og sjá má á mynd 3-7 hafa konur verið í meirihluta á höfuðborgarsvæðinu mestan hluta tímabilsins, fyrri hlutann voru um 103 konur á hverja 100 karla. Í uppsveiflunni hækkar hlutfall karla og árin 2008 og 2009 voru karlmenn fleiri en konur. Má gera ráð fyrir að margir karlmennanna hafi verið erlendir verkamenn eða iðnaðarmenn sem unnu í byggingariðnaði og fluttu aftur heim þegar þrengja fór að, þar sem að eftir hrun hækkaði hlutfall kvenna á ný.



Mynd 3-7 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3.3 Atvinnuleysi

Næst er vert að skoða þróun atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu en breyting í fjölda opinberra starfa getur haft mikil áhrif á það. Framan af tímabilinu hélst atvinnuleysi frekar lágt, eins og sjá má á mynd 3-8. Árin 1998 til 2008 sveiflaðist það frá 0,9% til 3,7% og var þá atvinnuleysi kvenna hærra en karla. Árið 2009 þaut atvinnuleysið upp og þá varð það hærra hjá körlum en konum og hefur atvinnuleysi karla haldist hærra síðan, þó bilið hafi farið minnkandi. Atvinnuleysi fór hæst árið 2009, þá var heildaratvinnuleysi 8,8%. Síðan hefur það farið lítið eitt lækkandi og árið 2011 var atvinnuleysið komið niður í 8,2%. Ef ekki hefði komið til mikils brottflutnings karlmannna af svæðinu eftir hrun hefði atvinnuleysi karla að öllum líkindum orðið mun hærra. Eins hefði atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu í heild getað aukist en meira ef ekki hefði komið til fjölgunar opinberra starfa, en þar sem hlutfall nýrra starfa af heildarfjölda íbúa á aldrinum 16-74 ára er aðeins 0,06% eru áhrifin á atvinnuleysið eflaust minniháttar.

Mynd 3-8 Þróun atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3.4 Útsvar og launaþróun

Nú er ekki úr vegi að líta á útsvar enda getur sú stærð gefið vísbendingu um launaþróun á svæðinu. Á mynd 3-9 má sjá þróun útsvars á mann á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2007 til 2010. Árið 2007 var höfuðborgarsvæðið með næst hæsta útsvar allra landshluta, eða rúm 480.000 kr. Frá 2007 hefur útsvarið farið lækkandi og var komið niður í rúm 370.000 kr. árið 2010. Þrátt fyrir þessa miklu lækkun var útsvar hvergi á landinu hærra en á höfuðborgarsvæðinu árið 2010.

Mynd 3-9 Útsvar á mann á höfuðborgarsvæðinu árin 2007 til 2010



\* Á verðlagi ársins 2011


Heimild: Samband íslenskra Sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

--- Höfuðborgarsvæðið    — Allt landið

### 3.5 Hagvöxtur og framleiðsla


Nú skoðum við þróun hagvaxtar á höfuðborgarsvæðinu en hana má sjá á mynd 3-10. Á myndinni sést að hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu hefur farið lækkandi frá 2006. Áriði 2004 var hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu 10% og var vöxtur hvergi annarsstaðar á landinu meiri það árið. Árið 2008 er enginn hagvöxtur og árið 2009 dróst framleiðsla saman um 9%. Erfitt er að meta hvort fjölgun opinberra starfa hafi haft áhrif á hagvöxt og útsvar þar sem gögnin ná yfir tiltölulega stutt tímabil.

Mynd 3-10 Hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu




Að lokum skoðum við skiptingu á framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu árin 2003 og 2009. Litlar breytingar hafa orðið á skiptingu á framleiðslu milli árunna, líkt og sjá má á mynd 3-11. Byggingar og annar iðnaður hefur dregist lítillega saman. En til dæmis hefur hlutfall opinberrar þjónustu náð að haldast það sama milli árunna, líklegt er að aukning ársverka ríkisins hafi haft þau áhrif. Stærstu atvinnuvegir höfuðborgarsvæðisins eru fjármálaþjónusta og önnur þjónusta, verslun, hótél, veitingar og samgöngur og opinber þjónusta.

Skipting framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu 2003



Skipting framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu 2009



Mynd 3-11 Skipting á framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu árið 2003 og 2009

### 3.6 Samantekt

Rúm 95 ársverk hafa skapast á svæðinu umfram þau sem tapast á tímabilinu 2007 til 2011, en flest ársverk hafa orðið til hjá stofnunum sem tilheyra Innanríkisráðuneytinu og Menntamálaráðuneytinu. En þessi ársverkfjölgun er þó einungis um 0,06% af 16-74 ára íbúum á höfuðborgarsvæðinu og því er ekki hægt að búast við því að sú breyting hafi haft teljandi áhrif á íbúapróun, atvinnuleysi eða aðra tengda þætti. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði stöðugt frá 1998-2012, nema frá 2009 og 2010 þegar þeim fækkaði nokkuð. Konur hafa verið fleiri en karlar mestallt tímabilið að undanskildum árunum 2008 og 2009. Er þetta ólíkt öðrum landshlutum þar sem karlar hafa verið í meirihluta allt tímabilið. Meðalaldur á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað líkt og annarsstaðar á landinu þar sem þjóðin er að eldast en einnig má gera ráð fyrir að yngri fólk hafi flust úr landi í meira mæli en eldra fólk. Atvinnuleysi er meira en landsmeðaltalið, það náði hámarki árið 2009 en nú hefur dregið örlítið úr því. Fjölgun opinberra starfa gæti hafa stuðlað að því að atvinnuleysi hækkaði ekki enn meira. Atvinnuleysi kvenna hefur að undanförunni verið lægra en karla og getur fjölgun opinberra starfa hafa hjálpað konum að finna störf við sitt hæfi í meira mæli en körlum. Útsvar hefur dregist saman síðan 2007 líkt og annarsstaðar á landinu. Hagvöxtur hefur fallið frá 2007 og árið 2009 var hann kominn niður í -9%. Á höfuðborgarsvæðinu hafa margar stofnanir þurft að skera niður, mestur niðurskurður m.t.t. ársverka varð á Landsspítalanum, Tækniháskólanum og Tryggingarstofnun ríkisins.

## 4 Suðurnes

Næst lítum við á hvernig niðurskurður ríkisins hefur haft áhrif á Suðurnes. Mjög óljóst er hvernig fjöldi ársverka hefur breyst á svæðinu vegna skipulagsbreytinga hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Flugmálastjórn á tímabilinu. Eftir leiðréttingar á gögnunum má ætla að fjölgað hafi um 52 ársverk hjá ríkisstarfsmönnum á Suðurnesjum frá 2007 til 2011, sem er 0,35% af íbúum svæðisins á aldrinum 16-74 ára. Til samanburðar er aukning opinberra ársverka á landinu öllu 0,09%. Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland eru einu landshlutarnir þar sem aukning varð á ársverkum á vegum ríkisins yfir tímabilið. Athugum nú hvort þessi aukning starfa hafi haft merkjanleg áhrif á íbúaþróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og framleiðsluskiptingu á Suðurnesjum.

### 4.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Í töflu 4-1 má sjá breytingar á ársverkum ríkisstarfsmanna á Suðurnesjum. Taka þarf tölurnar hjá innanríkisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu með miklum fyrirvara, jafnt sem samtals tölurnar.

**Tafla 4-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Suðurnesjum árið 2007 og 2011**

	Fjöldi starfsmanna		Breyting milli
	2007	2011	ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Framhaldsskólar almennt	22	62,5	40,5
Fjölbrautarskóli Suðurnesja	82,5	90,2	7,7
Framhaldsfræðsla	5	14	9
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Hagþjónusta landbúnaðarins	2,9	0	-2,9
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Lögreglustjórnin á Suðurnesjum	236,4	89,9	-146,5
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	24,6	22,1	-2,5
Flugmálastjórn Íslands	222	0	-222
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	2,8	5,4	2,6
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	197,3	214,6	17,3
Vinumálastofnun	4	6,2	2,2
Atvinnuleysistryggingarsjóður	0	1	1
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Tollstjórnin	0	53,3	53,3
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Veðurstofa Íslands	0	7,5	7,5
Samtals	799,5	566,7	-232,8
<b>Samtals eftir leiðréttingu</b>			<b>57,2</b>

*Heimild:* Fjármálaráðuneytið, Skúli Jónsson (2012), Róberta Maloney (2012) og Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir (2012).

Ef litið er á töfluna þá má sjá að ársverk hjá innanríkisráðuneytinu fækkaði um 371 og árverkum á vegum fjármálaráðuneytisins fjölgaði um 53,3. Í janúar 2009 fluttust tollverðir frá lögreglustjóranum

á Suðurnesjum til tollstjórans, en tollstjórinn tilheyrir fjármálaráðuneytinu. Því er þessi 53,3 ársverka aukning hjá Tollstjóranum færsla starfsmanna frá lögreglustjóranum til Tollstjórans (Skúli Jónsson, 2012). Á sama tíma fluttust 63 starfsmenn sem störfuðu sem öryggisverðir í flugstöð Leifs Eiríkssonar frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum til Keflavíkurflugvallar ohf. eins fyrirrennara Isavia (Róberta Maloney, 2012).

**Tafla 4-2 Breyting á ársverkum hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum**

Stofnun	Breyting á ársverkum
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	-146,5
Tollstjórinn	53,3
Isavia (Keflavíkurflugvöllur ohf.)	63 <sup>1</sup>
<b>Samtals</b>	<b>-30,2</b>

<sup>1</sup> Hér er um fjölda starfsmanna að ræða en ekki ársverk. Gera má ráð fyrir að ársverk séu eitthvað færri.

Heimild: Skúli Jónsson (2012) og Róberta Maloney (2012).

Í töflu 4-2 sjáum við breytingu á fjölda ársverka hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Tollstjóranum og Isavia (Keflavíkurflugvallar ohf.) taflan sýnir þ.e. fjölda starfsmanna sem fluttust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum til Isavia árið 2009. Út frá þessum tölum er hægt að áætla að um 30 ársverk hafi tapast hjá Lögreglustjóra Suðurnesja á tímabilinu 2007 til 2011. Þó skal taka þessa tölu með fyrirvara þar sem hún er ekki nákvæm. Það skal tekið fram að enginn hefur misst vinnuna hjá Lögreglustjóra Suðurnesja á þessu tímabili, en ekki hefur verið ráðið í allar þær stöður sem losnað hafa þegar starfsmenn hafa hætt sökum aldurs eða annarra ástæðna. Mest hefur verið skorið niður á skrifstofu og hjá almennum lögreglumönnum. Farið hefur verið út í launaskerðingu með stöðulækkunum og skerðingu álagi. Launakostnaður hefur farið hækkandi sem hlutfall af heildarfjárheimildum stofnunarinnar, líkt og sjá má í töflu 4-3. Meðal skýringa á þessu er að ráða hefur þurft nýtt starfsfólk til til dæmis rannsókna á skipulögðum glæpahringjum og bakgrunnstékki fyrir Keflavíkurflugvöll en störf þessara aðila hafa ekki verið inni fjárlögum. (Gunnar Björnsson, 2012a).

**Tafla 4-3 Hlutfall launa hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum af heildarfjárheimildum hans**

Ár	Hlutfall launa af heildarfjárheimildum
2009	77,7%
2010	81,7%
2011	81,7%
2012 <sup>1</sup>	82,7%

<sup>1</sup> Miðað við fyrstu átta mánuði ársins

Heimild: Gunnar Björnsson (2012b).


Á tímabilinu hefur einnig átt sér stað sú breyting að Flugmálastjórn var stokkuð upp og hluti stofnunarinnar var fluttur yfir í opinbert hlutafélag, Flugstoðir ohf. (Flugmálastjórn, ódagsett). Við þessa uppstokkun var engum starfsmanni sagt upp störfum (Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, 2012) og gerum við því ráð fyrir því að ársverk hjá Flugmálastjórn haldist óbreytt frá 2007 til 2011 í leiðréttri samtalsstölu, en taka þarf þessar tölur með miklum fyrirvara. Þegar stofnanir á vegum innanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins eru skoðaðar saman eftir þessar leiðréttingar hefur ársverkum á þeirra vegum fækkað um 32,7.

Fækkun varð á ársverkum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, en þar fækkaði um 2,9 ársverk hjá Hagþjónustu landbúnaðarins. Hjá öðrum ráðuneytum fjölgaði ársverkum, hjá menntamálaráðuneytinu fjölgaði þeim um 57,2, en þar munar mestu um flokk sem kallast framhaldsskólar almennt. Hjá velferðarráðuneytinu fjölgaði ársverkum um 23,1, mest fjölgun varð hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eða um 17,3. Hjá Umhverfisráðuneytinu fjölgaði ársverkum um 7,5 hjá Veðurstofu Íslands. Í heildina eftir að tafla 2-8 hefur verið leiðrétt þá fjölgaði ársverkum á Suðurnesjum um 52,2 á árabílinu 2007 til 2011.

## 4.2 Íbúafjöldi og samsetning

Líkt og mynd 4-1 sýnir þá fjölgaði íbúum á Suðurnesjum jafnt og þétt frá 1998 til 2009 eða um 5527 manns, á seinni hluta tímabilsins er fjölgunin þó mun hraðari en á fyrri hluta tímabilsins. Árin 2010 og 2011 varð fólksfækkun en lítilsháttar fjölgun árið 2012. Þegar íbúafjöldi var sem mestur, en það var árið 2009, voru íbúar 21.544 en 1. janúar 2012 var íbúafjöldinn lítið eitt lægri eða 21.242 íbúar.


Mynd 4-1 Íbúabróun á Suðurnesjum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að átta okkur betur á þróun íbúafjölda skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldaþróunarinnar, sjá mynd 4-2. Dánartíðni hefur verið nokkuð jöfn yfir tímabilið en fæðingum fjölgar þegar nær dregur í tíma. Aðfluttir íbúar voru langtum fleiri en brottfluttir á árum uppsveiflunnar eða frá 2005 til 2008 en frá 2009 til 2011 hafa brottfluttir verið fleiri en aðfluttir. Því hefur aukning starfa hins opinbera á svæðinu ekki nægt til að stemma stigum við fólksfækkun en ef til vill hefði brottflutningur orðið meiri ef ekki hefði komið til þessarar aukningar.

Mynd 4-2 Áhrifaþættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfjöldi íbúa (hægri ás) á Suðurnesjum




Heimild: Hagstofa Íslands.



Næst lítum við á þróun meðalaldurs íbúa á Suðurnesjum. Líkt og sjá má á mynd 4-3 hefur meðalaldur íbúanna hækkað um rúm tvö ár á tímabilinu, frá tæpum 32 árum í 34 ár. Samt sem áður hefur meðalaldurinn verið um tveimur árum lægri á svæðinu en á landinu í heild stærstan hluta tímabilsins. En árin 2008 og 2009 lækkar meðalaldur á Suðurnesjum og þá breikkaði bilið milli Suðurnesja og alls landsins í tæp tvö og hálf ár. Síðan tók meðalaldurinn að hækka á ný á Suðurnesjum, en munurinn hefur haldist nokkuð óbreyttur. Því má gera ráð fyrir að fjölgun opinberra starfa á svæðinu hafi haft jákvæð áhrif á meðalaldurinn ef miðað er við þróunina á landinu öllu.


**Mynd 4-3 Meðalaldur íbúa á Suðurnesjum**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næsti mælikvarði sem við skoðum er hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa svæðisins. Á mynd 4-4 sést hvernig hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Suðurnesjum hefur sveiflast frá 1998 til 2012. Á tímabilinu hefur hlutfallið verið á bilinu 30% til 32,7%, hækkar það töluvert í uppsveiflunni og er þá hæðst á landinu á Suðurnesjum en lækkar síðan aftur í kjölfar bankahrunsins en helst samt yfir meðaltali landsins.


**Mynd 4-4 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Suðurnesjum**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að greina aldersdreifinguna betur skoðum við alderspíramída Suðurnesja fyrir ársbyrjun 2012. Líkt og sjá má á mynd 4-5 er aldurshópurinn frá 5-14 ára aðeins minni en þeir hópar sem koma bæði á undan og á eftir. Einnig sést að á heildina litið er aldurshópurinn frá 20 ára til 40 ára stærri en landsmeðaltalið og er það í takt við það sem mynd 2-11 um hlutfall 20-40 ára íbúa á svæðinu sýndi okkur. Píramídiinn dregst síðan saman nokkuð snemma eða upp úr 54 ára aldri.


**Mynd 4-5 Aldursdreifing fólks á Suðurnesjum 2012**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst lítum við á þróun á fjölda kvenna á hverja 100 karla á Suðurnesjum (sjá mynd 4-6). Hlutfall kvenna hefur verið töluvert lægra á Suðurnesjum en á landinu í heild. Árin 2007 og 2008 lækkar hlutfallið töluvert líkt og það gerir á öllu landinu, og árið 2008 er fjöldi kvenna kominn niður fyrir 92 á hverja 100 karla. Eftir hrun tekur hlutfallið að hækka á ný.

**Mynd 4-6 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Suðurnesjum**



Heimild: Hagstofa Íslands.

### 4.3 Atvinnuleysi

Nú er ekki úr vegi að skoða atvinnuleysi enda mikilvæg stærð ef meta á áhrif niðurskurðar ríkisins. Á mynd 4-7 sést atvinnuleysi á Suðurnesjum frá 1998 til 2011. Allt tímabilið var atvinnuleysi kvenna hærra en hjá körlum. Lengst framan af tímabilinu hélst atvinnuleysið í lægri kantinum, en árið 2009 jókst það gríðarlega. Það sveiflaðist frá 0,7% til 4% á árunum 1998 til 2008 en árið 2011 var heildaratvinnuleysi komið upp í 12,3% sem er mun meira en atvinnuleysi á landinu í heild. Fjölgun opinberra starfa á Suðurnesjum hefur ekki nægt til að draga úr atvinnuleysi á svæðinu. Þó er líklegt að ef til aukningarinnar hefði ekki komið hefði atvinnuleysi verið enn hærra.

Mynd 4-7 Þróun atvinnuleysis á Suðurnesjum




Heimild: Hagstofa Íslands.

#### 4.4 Útsvar og launaþróun

Þegar niðurskurður í útgjöldum ríkisins er skoðaður er mikilvægt að líta á útsvar á mann í landshlutanum, þar sem útsvar gefur hugmynd um þróun launatekna. Eins og sjá má á mynd 4-8 fer útsvar á mann á Suðurnesjum lækkandi yfir tímabilið 2007 til 2010, líkt og annarsstaðar á landinu. Árið 2007 var útsvar á mann á Suðurnesjum tæp 390.000 kr. sem var þriðja lægsta meðalútsvar á mann á landinu það árið. Árið 2010 var útsvarið komið niður í tæp 325.000 kr. á mann sem var næst lægsta útsvar landsins það árið. Lágur útsvarstekjur gætu skýrst að einhverju leyti af miklu atvinnuleysi og háu hlutfalli bótaþega (Tryggingastofnun, ódagsett).

Mynd 4-8 Útsvar á mann á Suðurnesjum




\* Á verðlagi ársins 2011

Heimild: Samband íslenskra Sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

#### 4.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Næst lítum við á hagvöxt á Suðurnesjum frá 2004 til 2009, sem sjá má á mynd 4-9. Hagvöxtur á svæðinu hefur verið mjög sveiflukenndur yfir tímabilið. Hæst fór hagvöxturinn í 21% árið 2007 en lægstur var hann árið 2009, eða -6%. Líkt og með útsvar er erfitt að meta það hvort stefnubreyting hafi orðið á hagvexti við bankahrunið þar sem gögnin ná ekki yfir nægilega langt tímabil.

Mynd 4-9 Hagvöxtur á Suðurnesjum




\*Bráðabirgðartölur

Að endingu skoðum við skiptingu á framleiðslu á Suðurnesjum fyrir árin 2003 og 2009, en þessa skiptingu má sjá á mynd 4-10. Byggingariðnaður dróst saman um 5 prósentustig á tímabilinu, landbúnaður dróst einnig saman, var 1% en er nú enginn og opinber þjónusta dróst saman um tvö prósentustig, og því hefur aukning starfa í opinbera geiranum ekki náð að halda í við hlutfall


opinberrar þjónustu af heildarframleiðslu milli áranna tveggja. Aftur á móti jókst sjávarútvegur um 3 prósentustig, verslun, hótél, veitingar og samgöngur um fimm prósentustig og fjármálaþjónusta og önnur þjónusta um tvö prósentustig. Veigamestu atvinnuvegir Suðurnesja árið 2009 voru verslun, hótél, veitingar og samgöngur, sjávarútvegur og fjármálaþjónusta og önnur þjónusta.

**Mynd 4-10 Skipting á framleiðslu á Suðurnesjum árið 2003 og 2009**

**Skipting framleiðslu á Suðurnesjum 2003**



**Skipting framleiðslu á Suðurnesjum 2009**



## 4.6 Samantekt

Nokkuð óljóst er hvernig fjöldi ársverka á Suðurnesjum hefur breyst á síðustu árum, en eftir leiðréttingar gagna má ætla að um 57 ársverk hafi orðið til á svæðinu frá 2007 til 2011. Þessi fjölgun hefur að einhverju leyti haft jákvæð áhrif á íbúapróun á svæðinu, en þau áhrif hafa sennilega verið lítil. Íbúum fjölgaði mikið fyrir hrun, en mikil breyting var í kringum hrunið og tók þá íbúum að fækka, en árið 2012 fjölgaði þeim lítillega á ný. Fólksflutningar á svæðið voru miklir frá 2005-2008 en árið milli 2009 og 2011 var meira um brottflutning en aðflutning. Meðalaldur fór hækkandi framan af tímabilinu en lækkun átti sér stað frá 2008 til 2009, eftir það hefur meðalaldur hækkað en er samt sem áður tveimur árum lægri en meðalaldur landsins alls. Eftir bankahrunið hefur hlutfall 20-40 ára

Íbúa á Suðurnesjum lækkað töluvert eftir mikla hækkun á árunum á undan, en er eigi að síður hærra en á landinu öllu. Atvinnuleysi jókst gríðarlega á Suðurnesjum upp úr hrúni, má ætla að ef ekki hefði komið til aukningar á opinberum störfum á svæðinu hefði atvinnuleysi orðið enn meira. Mestur niðurskurður á Suðurnesjum er í kringum starfsemi flugstöðvarinnar og löggæslu á öllum Suðurnesjum. Niðurskurður í löggæslu hefur neikvæð áhrif á samfélagið, íbúar missa vinnu og almennir borgarar gætu upplifað sig óöruggari í sínu eigin samfélagi.

Suðurnesin skera sig nokkuð úr af svæðum á landsbyggðinni og líkjast þau að sumu leyti meira þeirri þróun sem hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Aldurssamsetning íbúanna er ekki dæmigerð fyrir hnignandi byggðir, enda virðist ekki vera um beinan fólksflóttu að ræða heldur er atvinnuleysið helsta vandamálið. Þar sem opinberum störfum fjölgaði á tímabilinu er ekki hægt að kenna niðurskurði ríkisins um atvinnuleysið, heldur virðist það eiga sér dýpri rætur. Ef til vill má rekja það til mikils samdráttar í fiskvinnslu og útgerð á liðnum árum og áratugum og brotthvarfs varnarliðsins en þar töpuðust um 900 störf (Vaxtasamningur Suðurnesja, ódagsett). Þá skiptir máli að ódýrara hefur verið að búa á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu. Menntunarstig er lægra en í öðrum landshlutum. Atvinnuleysi er að öðru jöfnu mest hjá fólki með litla menntun og litla möguleika á að afla mikilla tekna. Útsvarstekjur á Suðurnesjum eru næstlægstar á landinu, en það gæti skýrst að nokkru leyti af háu atvinnuleysi og háu hlutfalli bótaþega á svæðinu (Tryggingastofnun, ódagsett).

## 5 Vesturland

Ársverkum ríkisstarfsmanna fækkaði um 21 frá 2007 til 2009, eða um 3,5%. Hlutfall ríkisstarfsmanna af fólki á vinnualdri fór úr 5,5% 2007 í 5,3% árið 2011. Starfsmönnum fækkaði mest hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, en einnig varð nokkur fækkun hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

### 5.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Tafla 5-1 sýnir hvernig fjöldi ársverka ríkisstarfsmanna á Vesturlandi þróaðist yfir tímabilið 2007 til 2011. Eftir leiðréttingu á gögnum um heilbrigðisstofnanir á svæðinu er fækkun ársverka um 25 á þessu tímabili.



Tafla 5-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Vesturlandi árin 2007 og 2011

	Fjöldi starfsmanna		Breyting
	2007	2011	milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóli Íslands	2	0,9 <sup>1</sup>	-1,1
Landbúnaðarháskóli Íslands	122,5	106,4	-16,1
Fjölbrautarskóli Vesturlands	64,7	59,1	-5,6
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	22,2	29	6,8
Menntaskóli Borgarfjarðar	8,8	18,2	9,4
Framhaldsfræðsla	2,9	5,8	2,9
Fornleifavernd ríkisins	1	1	0
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	2	-1
Matvælastofnun	3	3	0
Vesturlandsskógar	3	2,4	-0,6
Veiðimálastofnun	1	2,1	1,1
Hagþjónusta landbúnaðarins	0	2,9	2,9
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	2	3	1
Sýslumaðurinn á Akranesi	21,6	17	-4,6
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	19,6	16	-3,6
Sýslumaður Snæfellinga	18,2	16	-2,2
Sýslumaðurinn í Búðardal	3	3	0
Fangelsismálastofnun ríkisins	10	10,9	0,9
Vegagerðin	34,6	33,1	-1,5
Rannsóknarnefnd sjóslýsa	2	2	0
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	1,8	1,8	0
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	18,9	14,8	-4,1
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0	6,9	6,9
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	13,6	6	-7,6
Heilsugæslustöðin Búðardal	0	5,7	5,7
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	171,8	0	-171,8
St. Franciskusspítali Stykkishólmi	0	37,4	37,4
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	0	173,9	173,9
Vinnumálastofnun	3	4	1
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	13	12,2	-0,8
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	2	2	0
Landgræðsla ríkisins	1,2	2	0,8
Landmælingar Íslands	24,6	26	1,4
Samtals	595	625,6	31,5
<b>Samtals eftir leiðréttingu</b>			<b>-20,9</b>

<sup>1</sup>Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.

Heimild: Fjármálaráðuneytið og Ásgeir Ásgeirsson (2012a).

Þessar tölur eru þó ekki mjög nákvæmar þar sem tölur um fækkun ársverka náðu aðeins frá 2009 til 2011 fyrir Heilsugæslustöð Ólafsvíkur, Heilsugæslustöð Búðardals og St. Franciskusspítalann í Stykkishólmi. Gögn fengust ekki fyrir árið 2007 fyrir þessar stofnanir. Á tímabilinu voru heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í töflu 5-2 er hægt að sjá fækkun stöðugilda og starfsmanna á hverri starfsstöð fyrir sig frá 2009 til 2011. Líkt og sést í töflunni hefur stöðugildum og starfsmönnum fækkað mest á Akranesi, Stykkishólmi og Hvammstanga.

**Tafla 5-2 Breyting á stöðugildum og starfsmannafjölda hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands frá 2009 til 2011**

Starfsstöð	Breyting á setnum stöðugildum	Breyting á fjölda starfsmanna
Akranes	-6	-18
Borgarnes	-0,6	0
Búðardalur	-1,3	-1
Grundarfjörður	0,5	0
Hólmavík	-1,3	2
Hvammstangi	-3	-8
Ólafsvík	-0,4	1
Stykkishólmur	-4,2	-10
<b>Samtals</b>	<b>-16,3</b>	<b>-34</b>

Heimild: Ásgeir Ásgeirsson (2012a).


Hjá stofnunum á vegum menntamálaráðuneytisins fækkaði ársverkum um 4,6. Hjá Landbúnaðarháskólanum fækkaði starfsmönnum mun meira, eins og vikið verður að hér á eftir. Ekki urðu miklar breytingar hjá öðrum ráðuneytum, helst ber þó að nefna stofnanir á vegum innanríkisráðuneytis. Þar fækkaði ársverkum um 10. Ástæðan skýrist að mestu með fækkun ársverka hjá sýslumönnum á svæðinu, það skal tekið fram að niðurskurður í löggæslu er inn í tölum hjá sýslumönnum.

## 5.2 Íbúafjöldi og samsetning

Óljóst er hvernig fjöldi ársverka hefur breyst á Vesturlandi vegna annmarka á gögnum, en eftir leiðréttingu má ætla að um 21 ársverk hafi tapast á svæðinu frá 2007 til 2011. Þessi tala, 21 ársverk, er 0,19% af íbúum á aldrinum 16-74 ára. Til samanburðar er aukning opinberra ársverka á landinu öllu 0,09%. Skoðum nú hvort niðurskurðurinn hefur haft teljandi áhrif á íbúapróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og framleiðsluskiptingu landshlutans. Rétt er þó að hafa í huga að aðrir þættir en niðurskurður ríkisútgjalda gætu spilað inni þróun þessara breyta.

Íbúum fjölgaði hratt á Vesturlandi í uppsveiflunni. Flestir voru Vestlendingar 15.707 árið 2009, árið 2010 fækkaði íbúum töluvert en eftir það hefur íbúafjöldi staðið nánast í stað. Árið 2012 voru 15.368 íbúar á Vesturlandi. Þessa þróun má sjá á mynd 5-1. Íbúafjöldi hefur því breytt um stefnu frá hruni. Líklegt er að niðurskurður hins opinbera á svæðinu eigi einhvern þátt í því.


**Mynd 5-1 Íbúaþróun á Vesturlandi**



Heimild: Hagstofa Íslands

Til að skilja betur þróun íbúafjölda skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldapróunarinnar. Fjöldi fæddra umfram dána var nokkuð svipaður yfir tímabilið. Því skýrist fækkun íbúa fljótt eftir hrunið með brottflutningi íbúa af svæðinu, sjá mynd 5-2. Hátt bensínverð og lækkun húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu gæti hafa orðið til þess að færri sjá sér hag í að sækja vinnu frá Borgarfirði til höfuðborgarsvæðisins en áður, og hafi því einfaldlega flutt til höfuðborgarinnar.


**Mynd 5-2 Áhrifaþættir fólksfjöldapróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á Vesturlandi**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Nú lítum við á þróun meðalaldurs íbúa svæðisins, sem sjá má á mynd 5-3. Meðalaldur hefur hækkað jafnt og þétt frá árinu 1998 til 2012 að undanskildu árinu 2002. Í upphafi tímabilsins var meðalaldur íbúanna 33,7 ár en árið 2012 hafði meðalaldur hækkað um tæp 3 ár eða í 36,3 ár. Þróun meðalaldurs á Vesturlandi hefur verið mjög áþekkt þróuninni á landinu öllu, en meðalaldur var þó um hálfu ári lægri á Vesturlandi á árunum 2002 til 2008. Ekki er að sjá neina breytingu í kringum bankahrunið.


**Mynd 5-3 Meðalaldur íbúa á Vesturlandi**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Annar mælikvarði á þróun aldursdreifingar íbúa er hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa svæðisins. Mynd 5-4 sýnir hvernig þetta hlutfall hefur þróast fyrir Vesturland síðustu ár. Hlutfallið hefur sveiflast frá 27,9% til 29%. Hlutfallið hefur allt tímabilið verið um 2%-3% lægra en hlutfallið á landinu öllu. Líkt og fyrir meðalaldur er ekki að merkja greinilega breytingu á hlutfallinu frá hruni. Hlutfall 20-40 ára íbúa hefur þó farið lækkandi eftir hrun, en miðað við fyrri sveiflur mætti telja það eðlilegt frávik.


**Mynd 5-4 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Vesturlandi**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að glöggva sig enn betur á aldursdreifingu svæðisins teiknum við upp aldurspíramída fyrir Vesturland. Á mynd 5-5 má sjá aldurspíramídann fyrir ársbyrjun 2012. Píramídinn er ekki ólíkur píramídanum fyrir allt landið en athygli vekur að hann dregst saman í kringum 30 ára aldur og helst þannig til 50 ára aldurs. Eins og í fleiri landshlutum virðist ungt fólk hafa yfirgefið Vesturland. Á þessu aldursbili er munurinn á Vesturlandi og öllu landinu sérstaklega áberandi fyrir karla. Eftir það breiðkar hann á ný en dregst síðan saman eins og við er að búast.


### Mynd 5-5 Aldurspíramídi fyrir Vesturland 2012



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst lítum við á þróun á fjölda kvenna á hverja 100 karla á Vesturlandi. Hlutfall kvenna á Vesturlandi hefur verið töluvert lægra en karla allt tímabilið eða um 94 konur á hverja 100 karla. Munurinn varð þó enn meiri í mestu uppsveiflunni eða um 91 kona á hverja 100 karla. Upp úr hruni eykst hlutfall kvenna á ný. Þetta er svipuð þróun og á landinu öllu, sjá mynd 5-6.

### Mynd 5-6 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Vesturlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

### 5.3 Atvinnuleysi

Þegar niðurskurður ríkisins er skoðaður er mikilvægt að líta á atvinnuleysi, en atvinnuleysi á Vesturlandi má sjá á mynd 5-7. Þróunin í atvinnuleysi hefur verið svipuð og á landinu í heild. Athygli vekur að atvinnuleysi kvenna á Vesturlandi var meira en karla allt tímabilið, en á landinu öllu var atvinnuleysi karla meira frá 2002-2004 og eftir hrun, það er frá 2009 til 2011.

Mynd 5-7 Þróun atvinnuleysis á Vesturlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Lágt atvinnuleysi einkenndi tímabilið 1998 til 2008. Þá sveiflaðist það milli 0,7% og 2,3%. Í kjölfar hrunsins hækkaði það upp í 5% og kann niðurskurður hins opinbera á svæðinu að hafa haft áhrif þar á. Atvinnuleysið var þó mun minna á Vesturlandi en á landinu í heild sinni. Árið 2011 var heildaratvinnuleysi 4,1%.

### 5.4 Útsvar og launaþróun

Útsvarstekjur má sjá á mynd 5-8, en þær gefa hugmynd um launatekjur. Launatekjur á Vesturlandi hafa verið undir landsmeðaltali undanfarin ár, en munurinn minnkaði nokkuð árið 2010. Það ár jukust útsvarstekjur á Vesturlandi, en minnkuðu að meðaltali á landinu öllu.

### Mynd 5-8 Útsvar á mann á Vesturlandi



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.


Árið 2007 var útsvarið á Vesturlandi tæplega 400.000 kr. á mann, árið 2009 nær það lágmarki í rúmum 330.000 kr. en hækkar síðar um tæplega 20 þúsund krónur árið 2010.

## 5.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Hagvöxt á Vesturlandi á árunum 2004 til 2009 má sjá á mynd 5-9. Hagvöxtur hefur verið fremur sveiflukenndur á Vesturlandi, en athygli vekur að hann minnkar frá 2005 til 2007, þegar hagkerfið í heild var í uppsveiflu, en eykst síðan fyrir árið 2008. Stækkun álvers á Grundartanga skýrir stóran hluta af hagvexti árunum 2005 til 2007.



### Mynd 5-9 Hagvöxtur á Vesturlandi




Heimild: Bygðastofnun.


Hámarki náði vöxturinn árið 2005 en þá var hann 10%, en árið 2009 dróst framleiðsla saman um - 4%. Engu að síður hefur hagvöxtur á Vesturlandi verið yfir landsmeðaltali bæði árin 2008 og 2009. Nýjustu tölur eru hér frá 2009 og því erfitt að gera sér mynd af þróuninni eftir bankahrún.

Að lokum er vert að skoða skiptingu á framleiðslu á Vesturlandi árin 2003 og 2009, en hana má sjá á mynd 5-10. Mestu breytingarnar á tímabilinu eru þær að hlutur opinberrar þjónustu í heildarframleiðslu hefur dregist saman um 7 prósentustig en aftur á móti jókst stóriðja um 10 prósentustig. Eins hefur annar iðnaður og sjávarútvegur dregist saman um 3 prósentustig hvor. Aftur á móti hefur hlutur fjármálafyrirtækja og annarrar þjónustu, verslunar, hótela, veitinga og samgangna og einnig landbúnaðar aukist lítillega. Stærstu atvinnuvegir Vesturlands árið 2009 voru sjávarútvegur, stóriðja, opinber þjónusta og fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta

Skipting framleiðslu á Vesturlandi 2003



Skipting framleiðslu á Vesturlandi 2009



Heimild: Bygðastofnun.

Mynd 5-10 Skipting framleiðslunnar á Vesturlandi árið 2003 og 2009

Út frá þessum tölum má ætla að niðurskurður ríkisins hafi haft töluverð áhrif á Vesturland þar sem opinber þjónusta hefur skroppið mikið saman, ef marka má tölurnar, en skoða þarf þessar tölur með fyrirvara þar sem mikil óvissa ríkir um þær. Ekki er ólíklegt að villa í gögnum eigi hlut í skýringunni.

## 5.6 Hvanneyri og Akranes

Að lokum skoðum við þau svæði á Vesturlandi þar sem útgjöld hafa verið skorin mest niður. Mest fækkaði ársverkum í Landbúnaðarháskóla Íslands, eða um 16,1, en það jafngildir tæpum 10% af íbúum á Hvanneyri á aldrinum 16-74 ára. Ekki búa allir starfsmenn Landsbúnaðarháskólans á Hvanneyri og því gæti verið réttara að reikna hlutfallið út frá íbúafjölda Borgarbyggðar, en fækkunin nemur 0,65% af 16-74 ára íbúum hennar. Mest fækkaði í rannsóknarstörfum hjá Landbúnaðarháskólanum, en einnig voru störf lögð niður árið 2009 þegar búrekstur skólans var færður yfir í einkahlutafélagið Grímshaga (Ríkisendurskoðun, 2012). Ljóst er að einhverjir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa í hinu nýja félagi og því er fækkun starfa að nokkru leyti ofmetin.

Hjá Fjölbrotarskóla Vesturlands, Sýslumanninum á Akranesi og starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi<sup>11</sup> fækkaði störfum einnig nokkuð. Þar töpuðust samtals 16,2 ársverk<sup>12</sup>, en það eru 0,36% af 16-74 ára íbúum á Akranesi. Niðurskurður á Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur haft áhrif á það þjónustustig sem stofnunin veitir á öllum starfsstöðvum. Aðgerðum hefur fækkað, legutími hefur styst og legudeild á Akranesi hefur verið lögð af og sameinuð annarri ásamt því að hluta hennar var breytt í göngudeild. Læknum hefur fækkað, sérstaklega í dreifðari byggðum. Legudeild í Stykkishólmi er lokað um tíma yfir sumarið, og þurfa sjúklingar þá að leita annað, t.d. á Akranes. Dregið hefur verið úr vaktþjónustu hjá læknum og öðru sérhæfðu starfsfólki. Einstaka sérfræðiþjónusta hefur verið dregin saman, til dæmis þjónusta barnalækna og iðjuþjálfna barna. Afgreiðslutími hefur verið stytur um allt að 10% á flestum starfsstöðum og allt að 30% starfsmanna hafa tekið á sig launaskerðingu. Á Akranesi hefur ársverkum fækkað hjá almennum starfsmönnum, starfsmönnum á skrifstofu og í afgreiðslu. Eins hefur ársverkum fækkað töluvert hjá hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum (Ásgeir Ásgeirsson, 2012b).

Bæði á Akranesi og Hvanneyri hafa sérhæfð störf tapast og því ljóst að þeir sem misstu vinnuna gætu hafa þurft að flytjast búferlum til að finna aðra vinnu við hæfi. Hjá Landbúnaðarháskólanum, Sýslumanni Akraness og Fjölbrotarskóla Vesturlands hefur störfum karla og kvenna fækkað nokkurn veginn jafnmikið, sjá töflu 5-3. Skoðum nú hvort þessi niðurskurður hafi haft teljandi áhrif á

<sup>11</sup> Hér er tekin fækkun ársverka frá 2009 til 2011, því ber að taka heildarniðurstöðuna með fyrirvara.

<sup>12</sup> Erfitt getur verið að staðsetja sumar af þeim stofnunum sem eru í töflu 2-11. En vitað er með vissu að þessar þrjár stofnanir eru staðsetta á Akranesi.


íbúapróun og atvinnuleysi í þessum sveitarfélögum líkt og við gerðum fyrir allt Vesturland hér að framan.

**Tafla 5-3 Breyting á ársverkum hjá Landbúnaðarháskólanum, Fjölbrotarskóla Vesturlands og Sýslumanninum á Akranesi.**

Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka karla	Breyting á fjölda ársverka kvenna
Landbúnaðarháskólinn	-16,3	-7,5	-8,8
Fjölbrotarskóli Vesturlands	-5,6	-3,3	-2,3
Sýslumaðurinn á Akranesi	-4,6	-2,6	-2
<b>Samtals</b>	<b>-26,5</b>	<b>-13,4</b>	<b>-13,1</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Á mynd 5-11 má sjá íbúapróun á Akranesi og í Borgarbyggð. Fólki fjölgaði talsvert í báðum sveitarfélögum fram að bankahruni. Eftir það fór íbúum Borgarbyggðar ört fækkandi en íbúafjöldi á Akranesi hefur staðið nokkuð í stað. Hugsanlega hefur niðurskurður ríkisins haft sitt að segja í þessari breytingu á þróun íbúafjölda. Til að mynda fækkaði starfsmönnum á tímabilinu mikið hjá fyrirtækjum eins og Loftorku sem byggði á byggingariðnaði. Hins vegar eru atvinnuáhrif af fækkun opinbera starfalíkast til ekki mikil, því að niðurskurðurinn nemur innan við 0,2% af fjölda fólks á vinnualdri á svæðinu. Á hinn bóginn er erfitt að meta þau áhrif sem skert þjónusta kann að hafa á byggð á svæðinu.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á meðalaldur en hann hefur farið hægt hækkanði á Akranesi yfir tímabilið, líkt og sést á mynd 5-12, en milli árunna 2007 og 2009 lækkað meðalaldurinn. Mestallt tímabilið hefur

meðalaldur verið lægri á Akranesi en meðaltalið á landinu öllu. Í Borgarbyggð breyttist meðalaldur lítið framan af tímabilinu en eftir bankahrunið tók hann að hækka skarpt.


**Mynd 5-11 Meðalaldur á Akranesi og í Borgarbyggð**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á hlutfall 20-40 ára íbúa í Borgarbyggð og á Akranesi. Hefur þetta hlutfall verið lægra á Akranesi og í Borgarbyggð yfir allt tímabilið en að meðaltali á landinu öllu, eins og mynd 5-12 sýnir. Munurinn milli landsmeðaltalsins og Akraness hefur þó farið minnkandi eftir bankahrún. Hlutfallið hefur verið nokkuð jafnt yfir tímabilið í Borgarbyggð og ekki má sjá breytingu á því við hrunið. Hlutfallið hefur verið mun sveiflukenndara á Akranesi. Í uppsveiflunni hækkaði hlutfallið en í kjölfar þess lækkaði það á ný.


**Mynd 5-12 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Akranesi og Borgarbyggð**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst skoðum við fjölda kvenna á hverja 100 karla á Akranesi og Borgarbyggð, sjá mynd 5-13. Fjöldi kvenna á hverja 100 karla er töluvert lægra á Akranesi og í Borgarbyggð en á landinu öllu. Á uppgangstímanum lækkaði hlutfall kvenna í þessum sveitarfélögum en það jókst síðan á ný við hrunið líkt og gerðist á landinu öllu. Þó að við sjáum greinilega stefnubreytingu við hrunið er ólíklegt að niðurskurður hins opinbera hafi haft eitthvað að segja hér. Ársverkum karla og kvenna hjá ríkinu fækkaði álíka mikið á tímabilinu og ekki er líklegt að annarskonar niðurskurður ríkisins hafi meiri áhrif á karla en konur, nema síður væri, líkt og fjallað er um í kafla 1.


**Mynd 5-13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Akranesi og Borgarbyggð**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Að lokum lítum við á atvinnuleysi á Akranesi og í Borgarbyggð. Á mynd 5-14 sést þróun atvinnuleysis frá 2000 til 2012. Það skal hafa í huga að þessar atvinnuleysistölur eru ekki samanburðarhæfar við atvinnuleysi á Vesturlandi eins og það er sýnt á mynd 2-24. Á myndinni má sjá að atvinnuleysi á Akranesi hefur frá 2000 og að kreppunni fylgt atvinnuleysi á landinu náið, en við hrunið jókst það minna en atvinnuleysi á landinu öllu. Aftur á móti hefur atvinnuleysi í Borgarbyggð verið lægra en á landinu öllu allt tímabilið. Atvinnuleysi eykst töluvert við bankahrunið, bæði á Akranesi og í Borgarbyggð en aukningin er meiri á Akranesi. Síðastliðin ár hefur atvinnuleysi lækkað hraðar á Akranesi og er því í dag ekki mikill munur á sveitarfélögum. Þessar atvinnuleysistölur segja okkur að niðurskurður hins opinbera gæti hafa valdið meira atvinnuleysi í sveitarfélögum en annars hefði orðið.

Mynd 5-14 Atvinnuleysi á Akranesi og í Borgarbyggð



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Líkt og áður kom fram var þjónusta nokkuð skorin niður á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Íbúar Akraness, sem áður hlutu þjónustu í heimabyggð gætu nú þurft að fara til Reykjavíkur til að sækja sömu þjónustu. Frá Akranesi til Reykjavíkur eru 49 km, sem ætla má að taki rúman hálf tíma að aka. Alla leiðina er vetrarþjónusta alla daga, sjá mynd 2-2 í kafla 2.4 um Vegagerð, en aka þarf um Kjalarnes þar sem oft myndast slæmar vindhviður, sjá mynd 2-48 í kafla 2.5.4. um Vestfirði. Kostnaðurinn við aksturinn til Reykjavíkur er 1.535 kr. aðra leiðina, við þennan kostnað bætast síðan 1.000 kr. gjald í Hvalfjarðargöng.<sup>13</sup> Báðar leiðir í akstri munu þá kosta 5.070 kr. Ferðin fram og til baka tekur rúman klukkutíma, og er vinnutapið af því metið á 2.700 kr. Heildarkostnaður við ferðina er þar af leiðandi 7.770 kr. Skert þjónusta á Akranesi hefur einnig í för með sér aukinn kostnað fyrir aðra íbúa Vesturlands, sem alla jafna hafa sótt þjónustu sína til Akraness. Munur á vegalengdinni til Reykjavíkur og Akraness frá öðrum stöðum á Vesturlandi, fyrir utan sveitirnar í kringum Akranes eru 36 km. og einnig bætist við gjald í Hvalfjarðargöng. Við þessa breytingu á þjónustu eykst kostnaður Vestlendinga af lækni-ferð um 6.200 kr. En á móti þessum aukna kostnaði kemur að ef til vill er hægt að nýta ferðina til Reykjavíkur í fleiri erindagjörðum en einungis til lækni-heimsóknar. Einnig er líklegt að íbúar Vesturlands eigi fleiri ættingja og vini sem hægt er að leita til í Reykjavík en á Akranesi ef gista þarf.

## 5.7 Samantekt

Fyrir Vesturland í heild sinni og sveitarfélögin Akranes og Borgarbyggð er hægt að álykta að niðurskurður hins opinbera hafi átt þátt í fólksfækkun og auknu atvinnuleysi á svæðinu eftir

<sup>13</sup> Ef keyptar eru 10, 40 eða 100 ferðir í einu, kostar hver ferð undir 1.000 kr.

bankahrúnið. Ljóst er þó að margir aðrir þættir áttu hlut að máli. Ef horft er á atvinnuáhrifin ein og sér hefur niðurskurður hjá ríkinu varla haft mikið að segja, en erfitt er að meta áhrif skertrar þjónustu á búsetu í þessum landshluta. Byggð stendur sterkari fótum á Vesturlandi en víða annars staðar en þar má þó sjá ýmis sömu einkenni í íbúasamsetningu og í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins. Karlar eru fleiri en konur. Meðalaldur hefur hækkað um tæp þrjú ár frá 1998 til 2012. Ef marka má útsvarsgögn lækkuðu launatekjur á mann frá 2007 til 2009 eins og á landinu öllu, en árið 2010 jukust þær nokkuð. Laun á mann hafa verið undir landsmeðaltali en munurinn minnkaði 2010. Atvinnuleysi á Vesturlandi er lægra en landsmeðaltalið yfir tímabilið 1998 til 2011 og er atvinnuleysi kvenna örlítið hærra en karla. Atvinnuleysi jókst töluvert við bankahrúnið en er nú á niðurléið. Hagvöxtur á Vesturlandi hefur verið sveiflukenndur. Mestur var hann 10% árið 2005, en árið 2009 dróst framleiðsla saman um -4%. Mest fækkaði ársverkum hjá ríkinu í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Fjölbrotarskóla Vesturlands, Sýslumanninum á Akranesi og starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi. Skert þjónusta sjúkrahúsa hefur nokkurn kostnað í för með sér fyrir þá sem leita þurfa læknis. Aukalegur kostnaður þeirra sem nú þurfa að leita læknisaðstoðar í Reykjavík í stað Akraness má meta á tæpar 8.000 kr. hjá íbúum Akraness og hjá öðrum íbúum Vesturlands eykst kostnaðurinn um rúmar 6.000 kr. við þessar breytingar. Hér er miðað við kostnað af einni læknisheimsókn og er ökutími metinn til fjár.

## 6 Vestfirðir

Nú skoðum við hvernig niðurskurður hins opinbera hefur haft áhrif á Vestfirði. Rúm 6 ársverk töpuðust á svæðinu á tímabilinu 2007 til 2011, sem eru 0,12% af íbúum svæðisins á aldrinum 16-74 ára. Til samanburðar er aukning opinberra ársverka á landinu öllu 0,09%. Ólíklegt er að þessi niðurskurður hafi haft teljandi áhrif á Vestfirði í heild, en skoðum íbúðapróun, atvinnuleysi, útsvar og framleiðsluskiptingu Vestfjarða til að átta okkur betur á því.

### 6.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Árið 2007 svaraði fjöldi ríkisstarfsmanna á Vestfjörðum til 313,4 ársverka, en þeim hafði fækkað í 307,2 árið 2011, sjá töflu 6-1. Ársverkum hefur fjölgað töluvert í háskóla- og rannsóknarstarfsemi og í fullorðinsfræðslu eða samtals um 12,9 ársverk, en á móti hefur ársverkum í Menntaskólanum á Ísafirði fækkað um 3,1.



Tafla 6-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Vestfjörðum árin 2007 og 2011

	Fjöldi starfsmanna		Breyting
	2007	2011	milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóla- og rannsóknarstarfsemi	1,8	10	8,2
Menntaskólinn á Ísafirði	32,5	29,4	-3,1
Framhaldsfræðsla	1,8	6,5	4,7
Fornleifavernd ríkisins	1	1	0
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	2	-1
Matvælastofnun	1	1	0
Skjólskógar á Vestfjörðum	4	2	-2
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	2	2	0
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	5	4	-1
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	3,6	5,3	1,7
Sýslumaðurinn á Ísafirði	32	28,3	-3,7
Sýslumaðurinn á Hólmavík	3,5	3,5	0
Vegagerðin	35	35,5	0,5
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	3,2	2,8	-0,4
Félagsmál, ýmis starfsemi	2,8	0	-2,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	29,2	25,9	-3,3
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	103,1	0	-103,1
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	0	107,7	107,7
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	19,5	0	-19,5
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	20,8	21,3	0,5
Vinnumálastofnun	2,6	1,8	-0,8
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	6	6	0
Tollstjórinn	0	1	1
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	2	2
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	0	2	2
Veðurstofa Íslands	0	6,2	6,2
<b>Samtals</b>	<b>313,4</b>	<b>307,2</b>	<b>-6,2</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Hugsanlegt er að fyrrum starfsmenn Menntaskólans hafi getað gengið í þau störf sem urðu til hjá háskóla- og rannsóknarstarfsemi og í fullorðinsfræðslu en alls er óvíst að þau störf hafi krafist sömu menntunar og reynslu.


Hjá stofnunum sem heyra undi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fækkaði ársverkum samtals um þrjú, eitt hjá Fiskistofu og tvö hjá Skjólskógum á Vestfjörðum. Á vegum innanríkisráðuneytisins fækkaði ársverkum um 2,5, hjá Sýslumanninum á Ísafirði fækkaði þeim um 3,7 og hjá

Sýslumanninum á Patreksfirði fækkaði ársverkum um eitt. Hinsvegar fjölgaði ársverkum hjá Sýslumanninum í Bolungarvík um 1,7 og um 0,5 hjá Vegagerðinni, það skal tekið fram að niðurskurður í löggæslu er inn í tölum hjá sýslumönnum. Flest opinber störf á Vestfjörðum eru á vegum velferðarráðuneytisins, eða 181,2 árið 2007 en þeim hafði fækkað um 21,7 árið 2011. Mestu breytingarnar urðu á Heilbrigðisstofnunum landshlutans. Á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar fækkaði ársverkum um 3,3 og um 14,9 á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.<sup>14</sup> Á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur fjölgaði aftur á móti um 0,5 ársverk. Hjá Vinnuettirliti ríkisins, í félagsmálum og Vinnumálastofnun fækkaði ársverkum samtals um fjögur. Hjá stofnunum sem falla undir fjármálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið var samtals 11,2 ársverka nettó fjölgun, mest hjá Veðurstofu Íslands en þar urðu til 6,2 ný ársverk á tímabilinu.

## 6.2 Íbúafjöldi og samsetning

Við byrjum á að skoða þróun íbúafjölda á Vestfjörðum frá 1998 til 2012, en þá þróun má sjá á mynd 6-1. Á þessu tímabili hefur verið mikil fólksfækkun á svæðinu, í kringum hrúnið má sjá örlitla breytingu, en árið 2009 eykst íbúafjöldi örlítið og stendur síðan nánast í stað næsta ár, eftir það heldur fólksfækkun áfram. Árið 1998 voru íbúar 8.556 talsins en voru 1.600 færri 1. janúar 2012, eða 6.955 íbúa. Hér er ekki að sjá að niðurskurður ríkisins hafi haft mikil áhrif á þróun mála.

Mynd 6-1 Íbúaþróun á Vestfjörðum




Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að átta okkur betur á þróun íbúafjölda lítum við næst á áhrifaþætti fólksfjöldaþróunarinnar, en hana er á sjá á mynd 6-2. Fjöldi fæddra umfram dána hefur verið nokkuð áþekkur yfir tímabilið, þó

<sup>14</sup> 1. janúar 2009 voru Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

framanaf hafi fjöldinn verið ívið meiri en seinni hluta þess. Skýringuna á mikilli fólksfækkun á svæðinu má sjá í fjölda brottfluttra umfram aðfluttra. Árið 2009 þegar íbúum fjölgaði á svæðinu var brottflutningur hverfandi.


**Mynd 6-2 Áhrifapættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á Vestfjörðum**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á þróun meðalaldurs á Vestfjörðum, en þá þróun má sjá á mynd 6-3. Meðalaldur hefur hækkað örar á Vestfjörðum en á landinu öllu. Fyrri hluta tímabilsins var meðalaldur lægri á Vestfjörðum en á landinu öllu en því var öfugt farið síðari hluta tímabilsins. Þegar góðærið stóð sem hæst má sjá að örlítið hægir á hækkun meðalaldurs á Vestfjörðum en fljótlega eftir hrun tekur hann að hækka hratt á ný. Árið 1998 var meðalaldur á Vestfjörðum 32,5 ár en var kominn í 37,8 ár í byrjun árs 2012. Hér gæti niðurskurður hins opinbera hafa haft neikvæð áhrif á þróun meðalaldurs.


**Mynd 6-3 Meðalaldur íbúa á Vestfjörðum.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Annar mælikvarði á þróun aldursdreifingar er hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa. Hlutfallið hefur farið hratt lækkandi á tímabilinu 1998 til 2012, líkt og sést á mynd 6-4. Þó má sjá stefnubreytingu í uppsveiflunni eða á svipuðum tíma og hægir á hækkun meðalaldurs. Í upphafi tímabilsins var hlutfallið 32% en í byrjun árs 2012 var hlutfallið komið niður í 26,3%.

**Mynd 6-4 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Vestfjörðum.**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að gera okkur betur grein fyrir aldursdreifingu svæðisins teiknum við upp aldurspíramída fyrir Vestfirði. Mynd 6-5 sýnir aldurspíramída fyrir byrjun árs 2012, sem er töluvert frábrugðin landspíramídanum. Píramídiinn er nokkuð jafn upp að 45 ára aldri, en þó er aldurshópurinn 15-19 ára mun stærri en aldurshóparnir í kring. Eflaust á Menntaskólinn á Ísafirði sinn þátt í því að halda

ungmennum á þessum aldri á svæðinu. Aldurshóparnir frá 45 til 59 eru álíka fjölmennir og aldurshópurinn 15-19 ára, en eftir það fækkar í hverjum aldurshópi.


**Mynd 6-5 Aldurspíramídi fyrir Vestfirði 2012**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Nú leiðum við hugan að þróun á fjölda kvenna á hverja 100 karla á Vestfjörðum. Hlutfall kvenna á Vestfjörðum hefur verið töluvert lægra en karla yfir allt tímabilið, sjá mynd 6-6.

**Mynd 6-6 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Vestfjörðum**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfallið hefur verið nokkuð jafnt eða frá tæpum 94 til rúmra 96 kvenna á hverja 100 karla og hér er ekki að sjá sömu þróun í kringum hrúnið og á landinu öllu.

### 6.3 Atvinnuleysi

Þegar niðurskurður hins opinbera er skoðaður er mikilvægt að líta á atvinnuleysi. Atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur þróast með töluvert öðrum hætti en á landinu öllu, eins og sjá má á mynd 6-7. Atvinnuleysi hjá konum er meira en karla yfir allt tímabilið og sveiflast mun meira. Atvinnuleysi kvenna var hæst árið 1998, en þá var það 6,8% en á sama tíma einungis 2,6% hjá körlum. Atvinnuleysi kvenna tók síðan að lækka þar til árið 2002, árin 2003-2005 var atvinnuleysi kvenna tiltölulega hátt eða 3,3-3,4%, en á sama tímabili lækkaði það hjá körlum úr 1,2% niður í 0,7%.

Mynd 6-7 Þróun atvinnuleysis á Vestfjörðum




Heimild: Hagstofa Íslands.

Atvinnuleysi jókst síðan á ný upp úr hruni og árið 2011 var það komið í 3% hjá körlum en 3,7% hjá konum, sem eru mun lægri tölur en fyrir landið í heild sinni. Niðurskurður ríkisins gæti hafa haft áhrif á aukið atvinnuleysi uppúr hruni, en skýring á því hve lítið það hækkaði gæti verið að niðurskurðurinn á svæðinu hefur verið tiltölulega lítill. Líklegra er þó að þeir sem misst hafa vinnuna hafi flust burt, og mælist því ekki í atvinnuleysistöllum svæðisins.

### 6.4 Útsvar og launaþróun

Með því að skoða útsvar á mann getum við séð að miklu leyti hvernig launatekjur hafa verið á svæðinu. Á mynd 6-8 má sjá útsvar á mann á Vestfjörðum árin 2007 til 2010. Hefur útsvarið farið jafnt lakkandi síðustu ár en hefur ekki lækkað jafnt skarpt og á landinu öllu, því hefur munurinn á Vestfjörðum og öllu landinu farið minnkandi.

Mynd 6-8 Útsvar á mann á Vestfjörðum árin 2007 til 2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Ef til vill má skýra þá þróun að hluta með tiltölulega litlum niðurskurði hins opinbera á svæðinu, en einnig er líklegt að veiking krónunnar hafi haft góð áhrif á afkomu sjávarútvegs sem er veigamikil atvinnugrein á svæðinu. Árið 2007 var útsvar á mann á Vestfjörðum rúm 396.000 kr. en árið 2010 var það komið niður í 356.000 kr. á mann.

## 6.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Nú skoðum við hagvöxt á Vestfjörðum, en þróun hans má sjá á mynd 6-9. Hagvöxtur hefur sveiflast töluvert til á Vestfjörðum undanfarin ár. Athygli vekur að á uppgangsárunum 2005-2007 fór hagvöxtur á Vestfjörðum lækandi og var neikvæður árið 2006 og 2007 líkleg skýring er sterkt gengi krónunar á þessum árum sem hefur haft slæm áhrif á afkomu sjávarútvegs.

Mynd 6-9 Hagvöxtur á Vestfjörðum frá 2004 til 2009.




Heimild: Bygðastofnun.

Árið 2008 var hagvöxtur 12% á Vestfjörðum og var hann þá ekki hærrí í neinum öðrum landshluta, árið 2009 var hagvöxtur síðan neikvæður í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum þar sem hann hafði staðið í stað. Líklegt er að skýra megi þá stöðu með litlum niðurskurði hins opinbera, og stöðu sjávarútvegs líkt og áður.

Að endingu skoðum við skiptingu á framleiðslu á Vestfjörðum árin 2003 og 2009, en þá skiptingu má sjá á mynd 6-10. Sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugreinin á Vestfjörðum. Árið 2003 var sjávarútvegur 40% af framleiðslu landshlutans en hafði lækkað niður í 38% árið 2009.

Mynd 6-10 Skipting framleiðslu á Vestfjörðum árið 2003 og 2009



Heimild: Bygðastofnun.



Sjávarútvegur er hvergi á landinu hlutfallslega jafn mikilvægur og á Vestfjörðum, en áður en álverið á Reyðarfirði reis var þessi atvinnugrein með svipað vægi á Austfjörðum. Næst á eftir sjávarútvegi kemur opinber þjónusta, árið 2003 var hún 20% af framleiðslunni og 17% árið 2009. Þrátt fyrir lítinn niðurskurð í opinberum störfum á Vestfjörðum hefur opinber þjónusta dregist saman um þrjú prósentustig.

## 6.6 Ísafjörður og Bolungarvík

Að lokum skoðum við þau svæði sem mestur niðurskurður hefur átt sér stað á. Mest fækkun ársverka á Vestfjörðum varð á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða en þar fækkaði ársverkum um 14,9, sem svarar til um 0,44% af íbúum á aldrinum 16-74 ára í sveitarfélaginu Ísafirði og Bolungarvík. Til að átta sig betur á staðsetningu þeirra ársverka sem féllu niður voru gögn fengin frá Heilbrigðisstofnuninni, þau gögn ná yfir árin 2009 og 2011, ekki fengust gögn lengra aftur í tímann þar sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var ekki stofnuð fyrr en árið 2009. Út frá þeim gögnum töpuðust flest ársverk á Bolungarvík eða 10,25 og næst mest á Ísafirði eða 7,8 ársverk. Á sjúkrasviði stofnunarinnar sem að mestu leyti er staðsett á Ísafirði fækkaði ársverkum milli árána 2009 og 2011 um rúm 17. Mesta fækkun ársverka varð hjá sjúkraliðum og ófaglærðum. Á Hjúkrunarheimili Bolungarvíkur, sem er hluti sjúkrasviðsins, fækkaði ársverkum um 4,9, þar var um að ræða hjúkrunarfræðing, sjúkraliða og ófaglærða. Á Tjörn á Þingeyri var nánast enging breyting milli árána en Hjúkrunarheimilið Sólborg á Flateyri var lagt niður á tímabilinu og þar töpuðust 5,5 ársverk, sem ófaglærðir aðilar höfðu sinnt. Á sviði heilsugæslu á svæðinu var heimahjúkrun nánast óbreytt í ársverkum frá 2009 til 2011, ársverk voru nánast þau sömu á Heilsugæslunni á Ísafirði en þar hefur þó fækkað um einn lækni. Hinsvegar hefur ársverkum á Heilsugæslu Bolungarvíkur fækkað um rúm 5, en árið 2011 var einungis einn hjúkrunarfræðingur, starfsmaður í ræstingu og starfsmaður í móttöku, allir með hálf ársverk. Stjórnun á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur nánast verið óbreytt milli 2009 og 2011. Við þennan niðurskurð hefur þjónusta ekki verið skorin niður en henni hefur verið breytt vegna hagræðingarkrafna (Þröstur Óskarsson, 2012)

Þegar fækkun ársverka í Menntaskólanum á Ísafirði, Sýslumanninum á Ísafirði og starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða<sup>15</sup> á Ísafirði eru reiknuð saman nemur fækkunin rúmum 17, sem er 0,9% af 16-74 ára íbúum á Ísafirði.<sup>16</sup> Líkt og sjá má á töflu 6-2 hefur þessi niðurskurðurinn haft meiri áhrif á konur en karla, en taka þarf þessa niðurstöðu með fyrirvara þar sem hluti af töpuðum ársverkum hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eiga við Bolungarvík, Þingeyri eða Flateyri ekki Ísafjörð.

<sup>15</sup> Hér er tekin fækkun ársverka frá 2009 til 2011, því ber að taka heildarniðurstöðuna með fyrirvara.

<sup>16</sup> Erfitt getur verið að staðsetja sumar af þeim stofnunum sem eru í töflu 2-14. En vitað er með vissu að þessar þrjár stofnanir eru staðsetta á Ísafirði.

**Tafla 6-2 Breyting ársverka hjá Menntaskólanum á Ísafirði, Sýslumanninum á Ísafirði og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.**

<b>Stofnun</b>	<b>Breyting á fjölda ársverka</b>	<b>Breyting á fjölda ársverka karla</b>	<b>Breyting á fjölda ársverka kvenna</b>
Menntaskólinn á Ísafirði	-3,1	-1,4	-1,7
Sýslumaðurinn á Ísafirði	3,7	-5,1	1,4
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða <sup>1</sup>	-14,9	-0,5	-14,4
<b>Samtals</b>	<b>-14,3</b>	<b>-7</b>	<b>-14,7</b>


<sup>1</sup> Hér er um að ræða breytingu á stofnunninni í heild sinni frá 2007 til 2011.

*Heimild:* Fjármálaráðuneytið.

Á Bolungarvík töpuðust samtals 10,3 ársverk hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða frá 2009 til 2011, er þetta 1,6% af 16-74 ára íbúum í þéttbýlinu. Bæði á Ísafirði og Bolungarvík er hluti þeirra starfa sem hafa tapast störf sérfræðinga og margir þeirra verða að flytjast búferlum til að finna aðra vinnu við hæfi. Skoðum nú hvort þessi niðurskurður hafi haft teljandi áhrif á íbúaþróun og atvinnuleysi á þessum þéttbýlisstöðum líkt og gert var fyrir alla Vestfirði hér áður. Til fróðleiks eru þessar breytur einnig skoðaðar fyrir Vestfirði utan þéttbýlisins Ísafjarðar. Gera má ráð fyrir því að Ísafjörður sé þungamiðja Vestfjarða og því fróðlegt að líta á hvort þróun þar sé mjög frábrugðin þróun annarsstaðar á Vestfjörðum.

Mynd 6-11 sýnir íbúaþróun í þéttbýlinu Ísafirði, einnig á Bolungarvík og Vestfjörðum fyrir utan þéttbýlið Ísafjörð. Töluvert meiri fækkun varð á Vestfjörðum fyrir utan Ísafjörð og á Bolungarvík en í sjálfu þéttbýlinu Ísafirði frá 1998 til 2011. Þá fækkaði íbúum Vestfjarða án Ísafjarðar um rúm 20% en íbúum Ísafjarðar fækkaði aftur á móti ekki nema um 12%. Athygli vekur mikil sveifla á íbúafjölda í Bolungarvík en skýrist hún af framkvæmdum við Bolungarvíkurgöng en mikið var um erlent vinnuafli í bænum á þeim tíma, sem flutti síðan af svæðinu þegar framkvæmdum lauk. Í kringum hrúnið tók íbúum á Vestfjörðum án Ísafjarðar að fjölga en í lok tímabilsins fækkar þeim á ný. Svipaða sögu er að segja af þéttbýlinu Ísafirði. Fækkun íbúa á Ísafirði og Bolungarvík milli árána 2007 og 2009 er 2% og 4% er það svipuð þróun og áður og því ólíklegt að niðurskurður hins opinbera hafi haft mikil áhrif á íbúafjöldann.


**Mynd 6-11 Íbúapróun á Vestfjörðum fyrir utan Ísafjörð, á Ísafirði og Bolungarvík**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á meðalaldur en þróun hans hefur verið áþekkur í þéttbýlinu Ísafirði, Bolungarvík og Vestfjörðum utan Ísafjarðar, líkt og sjá má á mynd 6-12. Meðalaldur hefur vaxið hraðar á þessum þrem stöðum en á landinu öllu. Á fyrri hluta tímabilsins var meðalaldur á landinu öllu hærri en á þessum þrem svæðum en á seinni hluta tímabilsins er því öfugt farið.

**Mynd 6-12 Meðalaldur íbúa á Vestfjörðum utan Ísafjarðar, á Ísafirði og Bolungarvík**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Það hægist örlítið á hækkun meðalaldurs á Ísafirði og á Vestfjörðum án Ísafjarðar í kringum 2007 en tekur síðan að hækka hratt um 2010, en í Bolungarvík hefur meðalaldur hækkað hratt frá 2008. Niðurskurður ríkisins gæti hafa haft sitt að segja í auknum hraða hækkunar meðalaldurs á Ísafirði og Bolungarvík eftir hrun.

Næst skoðum við hlutfall 20-40 ára íbúa í þéttbýlinu Ísafirði, Bolungarvík og Vestfjörðum án Ísafjarðar (sjá mynd 6-13). Í upphafi tímabilsins var hlutfallið á þessum þrem svæðum nokkuð áþekkt hlutfallinu á landinu öllu, en á undanförunum árum hefur hlutfallið lækkað mun hraðar en landsmeðaltalið. Á Ísafirði hefur hlutfallið nokkuð staðið í stað eftir hrun og því er ljóst að niðurskurður ríkisins getur ekki talist hafa haft áhrif þar. Aftur á móti hefur hlutfallið lækkað talsvert á Bolungarvík, en það má að einhverju leyti skýra með brottflutningi erlendra verkamanna sem unnu við gerð jarðganganna.


**Mynd 6-13 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Vestfjörðum**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst skoðum við fjölda kvenna á hverja 100 karla á Bolungarvík, þéttbýlinu Ísafirði og Vestfjörðum án Ísafjarðar (sjá mynd 6-14). Miklar sveiflur hafa verið á hlutfalli kvenna í Bolungarvík yfir tímabilið, árið 2005 eru til að mynda konur fleiri en karlar, en þegar hafist er handa við gerð jarðganga hækkar hlutfall karla gríðarlega en lækkar síðan aftur þegar framkvæmdum lauk.

### Mynd 6-14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Vestfjörðum




Heimild: Hagstofa Íslands.

Á Ísafirði hefur hlutfall kvenna sveiflast mun minnaog hefur það farið hækkandi frá hrúni. Fjöldi kvenna á hverja 100 karla hefur verið frekar jafn allt tímabilið á Vestfjörðum án Ísafjarðar en hefur fjöldi kvenna þar þó verið töluvert lægri en á Ísafirði.

Að lokum lítum við á atvinnuleysi í sveitarfélaginu Ísafirði, Bolungarvík og Vestfjörðum án Ísafjarðar. Á mynd 6-15 sést þróun atvinnuleysis á svæðinu, það skal hafa í huga að þessar atvinnuleysistölur eru ekki samanburðarhæfar við atvinnuleysi á Vestfjörðum eins og það er sýnt á mynd 2-39. Þróun atvinnuleysis hefur verið svipuð á öllum stöðum. Upp úr kreppunni óx atvinnuleysi náði það hámarki árið 2010 í Bolungarvík og á Vestfjörðum án Ísafjarðar en 2011 á Ísafirði. Síðan hefur atvinnuleysi farið dvínandi, því er ekki að sjá að niðurskurður hins opinbera hafi haft teljandi áhrif á atvinnuleysi á Ísafirði og Bolungarvík, að minnsta kosti ekki til langs tíma.

Mynd 6-15 Atvinnuleysi á Vestfjörðum



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.


## 6.7 Samgöngumál

Ef niðurskurður ríkisins leiðir til þess að þjónusta leggst af einhvers staðar gætu íbúar þess svæðis þurft að leita annað eftir henni. Samgöngur skipta því miklu máli fyrir aðgang og gæði ýmis konar opinberrar þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu. Hér verður gerð grein fyrir ástandi samgöngumála á Vestfjörðum til að undirstrika mikilvægi góðra samgangna. Sjúklingar frá Vestfjörðum, sem ekki fá notið þjónustu á Ísafirði, leita til Reykjavíkur eftir lækniástoð (Þróstur Óskarsson, 2012). Fyrir íbúa á Ísafirði er um tvo valkosti að ræða, innanlandsflug eða akstur. Vegalengdin til Reykjavíkur er 455 km sem tekur þá rúma 5 klst.<sup>17</sup> að keyra, ef akstursskilyrði eru góð. Vegalengdin sem þarf að aka í heild sinn er þá 910 km og því er akstursskostnaður 28.510 kr. að auki bætist við kostnaður vegna Hvalfjarðarganga<sup>18</sup>. Vinnutap vegna ferðarinnar er síðan metið á 27.000 kr. Í heildina gera þetta þá 57.510 kr. sem bætist aukalega á einstakling sem þarf nú að leita sér lækniástoðar í Reykjavík en hafði áður getað notið sömu þjónustu á Ísafirði. Á leiðinni þarf að fara yfir allnokkra fjallvegi og síðan er ekið hjá Hafnarfjalli og Kjalarnesi, sjá mynd 2-48 og 2-121. Þeim vegir sem þarf að aka á Vestfjörðum er sinnt sex daga vikunnar yfir vetrartímann.

<sup>17</sup> Líklegt er að þetta sé nokkuð vanmat, því gera verður ráð fyrir einhverjum stoppum á leiðinni.

<sup>18</sup> Hver ferð kostar 1.000 kr. Ef keyptar eru 10, 40 eða 100 ferðir í einu, kostar hver ferð undir 1.000 kr.

### Mynd 6-16 Varhugaverðir vegir á norðvesturhorni landsins.



Heimild: Vegagerðin.

Mynd 6-16 sýnir varasama vegi á Norðvesturlandi, eins og sjá má eru margir vegir á Vestfjörðum hátt yfir sjávarmáli sem getur þýtt erfiða færð sérstaklega að vetri til. Einnig eru allnokkur svæði þar sem hættu er á snjóflóðum, grjóthruni og sviptivindum. Vestfirðir hafa lengi verið taldir einn afskekktasti hluti landsins en vegaf framkvæmdir síðustu ára hafa stytta og bætt veginn verulega á milli svæða á Vestfjörðum og einnig milli Vestfjarða og annarra landshluta. Til að mynda er vegalengdin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur einungis 67 km lengri en milli Reykjavíkur og Akureyrar.<sup>19</sup> Þrátt fyrir þessar miklu umbætur er vegakerfið á Vestfjörðum enn víða slæmt, sérstaklega á sunnanverðum fjörðunum og í Árneshrepp. Vestfjarðargöngin sem tengdu saman Ísafjörð, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri voru óumdeilanlega mikil samgöngubót fyrir þessa þéttbýlisstaði, þar sem fjallvegirnir um Breiðadals- og Botnsheiði voru einir erfiðustu og hættulegustu fjallvegir landsins og ófærir stóran hluta vetrarins. Breiðadalsheiðin var til að mynda lokuð allri umferð að meðaltali 57 daga á ári frá 1991 – 1994 og Botnsheiði um 50 daga á sama árabili, en samgöngur á þessu svæði gjörbreyttust við tilkomu ganganna sem lokið var við árið 1996 (Vegagerðin, 2000). Bolungarvíkurgöngin sem vígð voru í september 2010 tengdu saman Ísafjörð, Hnífsdal og Bolungarvík. Þau stytta leiðina lítið á milli

<sup>19</sup> Vegalengd milli Ísafjarðar og Reykjavíkur eru 455 km. og vegalengd milli Akureyrar og Reykjavíkur eru 388 km.



þessara staða en juku umferðaröryggið mikið þar sem Óshlíðarvegurinn lá utan í bröttum hlíðum og lokaðist oft vegna grjóthruns og snjóflóða, auk þess sem mörg slys urðu á þessari leið.

Innanlandsflug er ef til vill betri kostur en að aka landleiðina, sérstaklega að vetri til. Meðalverð á flugi aðra leiðina er 13.372 kr.<sup>20</sup> og tekur flugið 40 mínútur aðra leiðina en gera má ráð fyrir að um 80 mínútur líði frá því að komið er á flugvöllinn á brottfarastað og þar til farið er út af honum á áfangastað. Því er vinnutap metið sem 7.200 kr. og í heildina er því kostnaðurinn 33.944 kr. Auk þess bætist við fargjald vegna leigubíls eða strætisvagns, þar sem einstaklingurinn er bíllaus í Reykjavík. Því er um vanmat að ræða við kostnaðarútreikninga. Einnig er mjög ólíklegt að hægt sé að ná flugi sem passar nákvæmlega við læknistímann og því mun vinnutap verða meira. Eru þessar tölur miðaðar við að einstaklingur ferðist einn, en oft á tíðum þurfa aðstandendur að fara með sjúklingi sérstaklega ef um er að ræða börn eða gamalt fólk. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að tölur frá Flugfélagi Íslands sýna að 74 daga árið 2009 var flug felld niður vegna veðurs og þar af voru 26 dagar þar sem öllu flugi þann dag var aflýst (Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson, 2010). Sjúkraflug með flugvél eða þyrlu er þó mögulegt í verri veðrum, þannig að ef um alverleg veikindi eða slys er um að ræða ætti að vera möguleiki að komast á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur oftar en þessar tölur gefa til kynna. Sjúkraflug er aftur á móti kostnaðarsamt, sérstaklega ef senda þarf þyrlu. En við vissar aðstæður getur komið upp sú staða að ekki er hægt að fljúga, en þá er einnig líklegt að landleiðin til Reykjavíkur sé lokuð og getur því niðurskurður hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða skapað mikla hættu og óöryggi fyrir íbúa á svæðinu.

## 6.8 Samantekt

Atvinnuleysi hefur aukist úr 0,9% í 3,3% á tímabilinu 2007 til 2011 á Vestfjörðum. Allt tímabilið hefur atvinnuleysi kvenna verið meira en karla, árið 2011 stóð það í 3,7% fyrir konur og 3% fyrir karla. En atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur verið mun minna en landsmeðaltalið á undanförunum misserum. Ef starfsmaður missir atvinnu hjá hinu opinbera þarf sá hinn sami að leita á önnur mið, karlmenn eiga að öllum líkindum greiðari aðgang að sjávarútvegi sem er stærsti atvinnuvegur Vestfirðinga og vegna stöðu krónunnar er sá atvinnuvegur styrkari nú en oft áður. Konum sem missa vinnuna er hættara við að finna ekki vinnu við sitt hæfi og flytjast burt af svæðinu, enda er hlutfall karla á svæðinu hærra en kvenna, enda þótt munurinn hafi farið minnkandi frá 2007. Íbúum hefur farið fækkandi á Vestfjörðum, milli 2007 til 2011 fækkaði íbúum um 4,4%, sérstakt áhyggjuefni er mikil fækkun ungs fólks, til að mynda fækkaði 20-40 ára íbúum um 7,5% á þessum árum. Samhliða þessari þróun hefur meðalaldur hækkað úr 36,2 árum í 37,6 á tímabilinu. Er þetta sá hópur fólks sem er að koma undir sig fótunum í lífinu, og eru því oft á tíðum virkari neytendur en aðrir aldurshópar. Fólk á þessum aldri er

---

<sup>20</sup> Meðalverð allra fargjalda þann 15. október 2012, miðað er við að jafn mörg sæti séu seld í hverjum verðflokki hjá Flugfélagi Íslands.



til dæmis að fjárfesta í sínu fyrsta húsnæði og koma sér upp fjölskyldu. Yngra fólki fækkar mest á þeim stöðum þar sem samgöngur eru erfiðar en hefur einnig fækkað talsvert á undanförunum árum á Ísafirði (Byggðastofnun, 2011). Fæðingar- og dánartíðni hefur verið nokkuð jöfn frá 2007 til 2011, en útskýra má fólksfækkun með því að öll árin voru brottfluttir fleiri en aðfluttir. Þeir sem flutt hafa af svæðinu hafa flestir farið til höfuðborgarsvæðisins, en einnig hefur nokkur fjöldi flutt úr landi. Á það sérstaklega við um árin 2009 og 2010, og að mestu leyti voru það karlmenn sem fluttu erlendis. Ársverkum hins opinbera fækkaði í heildina um 6,2 á Vestfjörðum og það getur varla haft mikil áhrif á samfélagið. Mestur samdráttur varð á sameinaðri Heilbrigðisstofnun Vestfjarða en þar fækkaði ársverkum um 14,9, sem er 0,6% af íbúum á aldrinum 16-74 ára á Ísafirði og Bolungarvík. Niðurskurður á Vestfjörðum í heild sinni var tiltölulega lítill og ekki er hægt að álykta að hann hafi haft teljandi áhrif á íbúapróun né atvinnuleysi nema að lítill niðurskurður geti ef til vill skýrt frekar litla hækkun atvinnuleysis. Eins getur brottflutningur af svæðinu skýrt það hvað atvinnuleysi var lítið.

## 7 Norðurland vestra

Tæp 26 ársverk töpuðust á svæðinu á tímabilinu 2007 til 2011, sem er 0,5% af 16-74 ára íbúum á Norðurlandi vestra. Til samanburðar fjölgar opinberum ársverkum á landinu öllu um 0,09% af fólki á þessum aldri. Hvergi annars staðar á landinu hefur ríkisstarfsmönnum fækkað meira

### 7.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Líkt og sjá má í töflu 7-1 voru 453 ríkisstarfsmenn starfandi á Norðurlandi vestra árið 2007, en fjórum árum síðar hafði þeim fækkað í 427. Mestar breytingar hafa orðið á ársverkum hjá stofnunum á vegum velferðarráðuneytisins, en þeim fækkaði um ríflega 19. Mest fækkaði starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, en þar fækkar ársverkum um 23,2 og á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þar sem fækkunin var upp á 15,3 ársverk.

**Tafla 7-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Norðurlandi vestra árið 2007 og 2011.**

	Fjöldi starfsmanna		Breyting
	2007	2011	milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskólinn á Hólum	52,5	48	-4,5
Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra	46	47,3	1,3
Framhaldsfræðsla	2	4,5	2,5
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Matvælastofnun	4	5,5	1,5
Norðurlandsskógar	3,9	4	0,1
Veiðimálastofnun	3,1	2,6	-0,5
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	2	2	0
Sýslumaðurinn á Blönduósi	25,5	27,5	2
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	15,4	14	-1,4
Vegagerðin	35	29,6	-5,4
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	1,5	1,5	0
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	36,4	39,4	3
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	60,4	45,1	-15,3
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	112,3	89,1	-23,2
Vinumálastofnun	23,2	39,5	16,3
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofa	7,8	5	-2,8
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	1,8	1,8
Byggðastofnun	21	20	-1
<i>Umhverfisaráðuneytið</i>			
Landgræðsla ríkisins	1	1	0
<b>Samtals</b>	<b>453</b>	<b>427,4</b>	<b>-25,6</b>


Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Aftur á móti fjölgaði ársverkum hjá Vinnumálastofnun um 16,3 og um 3 hjá Heilbrigðisstofnun Hvammstanga. Ársverkum hjá stofnunum á vegum innanríkisráðuneytis fækkaði um nærri fimm. Hjá þeim stofnunum var fækkaði mest hjá Vegagerðinni, þar sem fjöldi ársverka dróst saman um 5,4.

## 7.2 Íbúafjöldi og samsetning

Við byrjum á að skoða íbúafjöldann, en þróun hans sést á mynd 7-1. Íbúum hefur farið fækkandi á Norðurlandi vestra á tímabilinu, en sjá má stefnubreytingu í þróun íbúafjölda kringum hrunið þar sem hann stóð nokkuð í stað frá 2008 til 2011, en árið 2012 fækkaði íbúum töluvert. Niðurskurður hins opinbera gæti verið ein ástæða þess að íbúum fækkaði mikið á svæðinu árið 2012, þó svo að niðurskurðurinn hafi átt sér stað fyrr er ekki óeðlilegt að hann taki tíma að hafa áhrif á íbúafjölda. Íbúar á Norðurlandi vestra voru 8.253 árið 1998, en hafði fækkað í 7.299 í byrjun árs 2012.


Mynd 7-1 Íbúapróun á Norðurlandi vestra



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að átta okkur betur á þróun mannfjöldans á svæðinu er ekki úr vegi að líta á áhrifaþætti fólksfjöldapróunarinnar, en þá má sjá á mynd 7-2. Fjöldi fæddra umfram dána hefur verið dálítið sveiflukenndur yfir tímabilið, til að mynda fæddust jafn margir og dóu árið 2011 en árið áður voru fæddir umfram dána 51Brotthlutningur hefur verið mikill af svæðinu allt tímabilið sem skýrir að mestu fólksfækkunina. Þó dró úr brotthlutningi á árunum 2008 til 2010 enda stóð íbúafjöldinn nokkuð í stað á því tímabili.


**Mynd 7-2 Áhrifaþættir fólksfjöldapróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á Norðurlandi vestra**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á þróun meðalaldurs, sem sjá má á mynd 7-3. Meðalaldur íbúa á Norðurlandi vestra hefur hækkað jafnt og þétt frá 1998, eða úr 34,5 árum í 38,8 ár. Meðalaldurinn á svæðinu er hærri en á landinu öllu og hefur bilið hækkað frá tæpu 1 ári í rúm 2 ár. Ekki er að sjá breytingu á þróuninni við bankahrunið, en milli árána 2011 og 2012 hækkaði meðalaldurinn hratt. Því er hægt að fullyrða að þeir sem fluttu burt af svæðinu árið 2011 hafi verið í yngri kantinum.


**Mynd 7-3 Meðalaldur íbúa á Norðurlandi vestra**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar þróun aldursdreifingar íbúa er skoðuð er einnig fróðlegt að líta á hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Norðurlandi vestra. Fólk á þessum aldri flyst helst búferlum. Mynd 7-4 sýnir hvernig þetta hlutfall hefur þróast undanfarin ár. Hlutfall íbúa sem eru á aldrinum 20-40 ára á Norðurlandi vestra hefur lækkað um 3% frá 1998 til 2012, eða frá um 29% í um 26%. Í upphafi tímabilsins var hlutfallið tæpum 3% lægra en á landinu öllu en í lok tímabilsins var munurinn orðinn tæp 4%. Þetta er svipuð þróun og sjá mátti í meðalaldrinum. Fólki á þessum aldri fækkaði mikið á Norðurlandi vestra frá 2002 til 2005. Hlutfall þessa aldurshóps hefur síðan haldið áfram að lækka, en mun hægar.


**Mynd 7-4 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Norðurlandi vestra.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að gera sér enn betur grein fyrir aldursdreifingunni skoðum við nú aldursþíamíða fyrir ársbyrjun 2012, en hann má sjá á mynd 7-5. Athygli vekur að það er eins og vanti fólk á aldrinum 25 til 50 ára á svæðið, enda er það í samræmi við háan meðalaldur á svæðinu og lágt hlutfall 20-40 ára íbúa. Þessi aldurshópur ræður miklu um framtíð svæðisins því að fólk eignast flest börn á þessum aldri. Eins og sjá má á myndinni er stórt skarð í hópi barna yngri en 5 ára í þessum landshluta.


**Mynd 7-5 Aldurspíramídi fyrir Norðurland vestra 2012.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á þróun í fjölda kvenna á hverja 100 karla á Norðurlandi vestra, sjá mynd 7-6. Frá 2003 hefur þróunin verið frekar svipuð og á landinu öllu, en hlutfall kvenna hefur þó verið heldur lægra á svæðinu heldur á landinu í heild.

**Mynd 7-6 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Norðurlandi vestra**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Munurinn var mestur fyrstu ár tímabilsins en minnstur var hann í kringum hrunið.

### 7.3 Atvinnuleysi

Atvinnuástand hefur haldist gott á Norðurlandi vestra undanfarin ár, eins og sjá má á mynd 7-7. Frá árinu 1998 hefur atvinnuleysi alls aldrei farið yfir 3,5%, en atvinnuleysi kvenna yfirleitt verið meiri en karla. Munurinn á milli kynja hefur þó minnkað mikið síðustu ár og var nær enginn árin 2008 til 2010. Nær allt tímabilið hefur atvinnuleysi á svæðinu verið minna en landsmeðaltalið.

Mynd 7-7 Þróun atvinnuleysis á Norðurlandi vestra




Heimild: Hagstofa Íslands.

Upp úr hruni jókst atvinnuleysi á Norðurlandi vestra líkt og annarsstaðar en mun minna en á landinu í heild. Atvinnuleysi stóð í 3,2% hjá körlum og 2,7% hjá konum árið 2011. Má velja því fyrir sér hvort þeir sem misstu vinnuna hafi flust brott af svæðinu og skýri það lækkun atvinnuleysis árið 2011, en þá var mikið um brottflutning. Því hefur niðurskurður ríkisins ekki haft veruleg áhrif á atvinnuleysið en aftur á móti hefur hann haft þau áhrif að fólk hefur flust brott af svæðinu.

### 7.4 Útsvar og launaþróun

Útsvarstekjur má sjá á mynd 7-8, en þær endurspeglar að miklu leyti launatekjur. Á Norðurlandi vestra hafa útsvarstekjur verið undir landsmeðaltali undanfarin ár og hafa farið lækkandi eins og annarsstaðar á landinu. Árið 2007 var útsvarið rúm 365.000 kr. en hvergi á landinu var útsvar á mann jafn lágt það ár.

Mynd 7-8 Útsvar á mann á Norðurlandi vestra árin 2007 til 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.


Bilið milli útsvars á öllu landinu og á Norðurlandi vestra hefur síðan farið minnkandi, en illu heilli er það ekki vegna þess að útsvarstekjur á Norðurlandi vestra hafi hækkað heldur hefur landsmeðaltalið lækkað. Árið 2010 var svo útsvar á svæðinu komið niður í rúm 325.000 kr. á mann og var það þá einungis lægra í tveim öðrum landsfjórðungum, á Austurlandi og Suðurnesjum.

## 7.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Skoðum nú hagvöxt á Norðurlandi vestra árin 2004-2009, en hann sést á mynd 7-9. Minni sveiflur urðu á hagvexti á svæðinu en í öðrum landshlutum. Árin 2004 til 2007 var hagvöxtur á Norðurlandi vestra minni en á landinu öllu, árið 2008 var hann jafn og árið 2009 var hagvöxtur minna neikvæður þar en á landinu í heild. Hæstur var hagvöxtur um 3% árin 2004, 2005 og 2007, en mestur var samdrátturinn árið 2009, eða -3%. Frá hruni hefur hagvöxtur verið á niðurleið og gæti niðurskurður hins opinbera hafa haft áhrif þar á, þó er erfitt að segja til um það með vissu þar sem gögnin ná yfir stutt tímabil.



### Mynd 7-9 Hagvöxtur á Norðurlandi vestra




Heimild: Bygðastofnun.


Skiptingu framleiðslunnar á Norðurlandi vestra má sjá á mynd 7-10. Á árunum 2003-2009 dró verulega úr vægi sjávarútvegs og opinberrar þjónustu í atvinnulífi Norðurlands vestra, eða um 5 og 6 prósentustig. Áhrif niðurskurðar í opinbera geiranum á svæðinu koma hér bersýnilega í ljós.

### Mynd 7-10 Skipting framleiðslu á Norðurlandi vestra árið 2003 og 2009.

Skipting framleiðslu á Norðurlandi vestra 2003



Skipting framleiðslu á Norðurlandi vestra 2009



Heimild: Bygðastofnun

Aðrir atvinnuvegir hafa aftur á móti stækkað hlutfallslega, landsbúnaður hefur aukist að mikilvægi um 3 prósentustig, úr 9% í 12% og er hann hvergi stærri hluti af atvinnuvegum svæðis nema á Suðurlandi þar sem hann er einnig 12% af framleiðslunni. Stærstu atvinnuvegir Norðurlands vestra árið 2009 voru opinber þjónusta, fjármálaþjónusta og önnur þjónusta, verslun, hótél, veitingar og samgöngur og svo sjávarútvegur.

## 7.6 Blönduós og Sauðárkrókur

Að endingu lítum við á þau svæði á Norðurlandi vestra þar sem mestur niðurskurður hefur átt sér stað. Mest voru störf skörin niður á Heilbrigðisstofnun Blönduóss og Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks. Á Heilbrigðisstofnun Blönduóss fækkaði ársverkum um 15,3 sem er 2,7% íbúa á aldrinum 16-74 ára á Blönduósi. Á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks fækkaði ársverkum um 23,2 sem er 1,3% af 16-74 ára íbúum á Sauðárkróki. Hér var því hlutfallslega um verulega fækkun starfa að ræða. Hjá Heilbrigðisstofnun Blönduóss voru það að mestu konur í umönnun og eldhúsi sem misstu vinnuna. Faglærðum einstaklingum hefur ekki verið sagt upp, en starfshlutfall þeirra hefur þó í einhverjum tilfellum verið lækkað og yfirvinna hefur verið minnkuð. Því hefur þetta bitnað mest á þeim lægst launuðu. Á Blönduósi hefur tekist vel að halda uppi sama þjónustustigi og áður þrátt fyrir niðurskurð, þó hefur verið dregið úr endurhæfingu. Þeir sjúklingar sem áður nýttu sér þá þjónustu leita ekki til Heilbrigðisstofnanna í nágrenninu heldur leita annarra úrræða (Valbjörn Steingrímsson, 2012). Hjá Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks hefur fólki fækkað mest í starfsfólki í aðhlyningu, en þar hafa einnig störf lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsmanna í endurhæfingu verið skörin niður. Á Sauðárkróki hefur þjónusta verið skörin niður, stofnunin hefur ekki lengur lyflækni né geðlækni og hefur heilsugæslulæknum verið fækkað. Færri hjúkrunarfræðingar eru að störfum og hefur því álag á þá aukist. Fæðingarþjónusta hefur verið lögð af og rannsóknarstarf og endurhæfing skörin niður. (Hafsteinn Sæmundsson, 2012).

**Tafla 7-2 Breyting á ársverkum hjá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi og Sauðárkróki**


Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka karla	Breyting á fjölda ársverka karla
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	-15,3	-2,8	-12,5
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	-23,2	-1,1	-22,1
<b>Samtals</b>	<b>-38,5</b>	<b>-3,9</b>	<b>-34,6</b>

Líkt og sést í töflu 7-2 hefur hallað mjög á konur í niðurskurði þessara tveggja stofnanna, enda konur í miklum meirihluta starfsfólks. Fjöldi ársverka sem tapast hafa hjá konum á Blönduósi eru 12,5 og 22,1 á Sauðárkróki á móti 2,8 ársverkum sem tapast hafa hjá körlum á Blönduósi og 1,1 á Sauðárkróki.

Þegar sérhæfð störf tapast líkt og gerst hefur á Sauðárkróki er hætt á að það fólk sem áður vann þau flytjist í burtu. Ekki er þó að sjá merki um að þessi niðurskurður hafi leitt til þess að íbúum hafi fækkað þar, þótt óneitanlega hafi hann slæm áhrif á vinnumarkaðinn. Íbúapróun á Sauðárkróki hefur verið nokkuð sveiflukennnd undanfarin ár líkt og sést á mynd 7-11. Íbúum fækkaði á árunum 1998-2002, fjölgaði næstu árin þar á eftir, en tók síðan að fækka á ný. Eftir hrunið 2008 hefur þeim fjölgað

aftur og eru nú fleiri en þeir voru árið 1999. Íbúaprún á Blönduósi hefur verið ólík þróuninni á Sauðárkróki. Þar hefur íbúum fækkað nær samfelld allan tímann, en frá 2007 hefur íbúafjöldi staðið nokkuð í stað, þó með sveiflum. Því er ekki að sjá að niðurskurður á Heilbrigðisstofnun Blönduóss hafi haft áhrif á íbúafjölda Blönduóss.


**Mynd 7-11 Íbúaprún á Blönduósi (hægri ás) og Sauðárkróki (vinstri ás)**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á meðalaldurinn, en hann má sjá á mynd 7-12. Undanfarin ár hefur meðalaldur á Blönduósi verið 2-4 árum hærri en á Sauðárkróki. Frá 1998 til 2005 hækkaði meðalaldur á Blönduósi nokkuð skarpt en eftir það hefur hann haldist nokkuð stöðugur. Meðalaldur á Sauðárkróki hækkaði jafnt og þétt yfir tímabilið en við hrúnið 2008 má sjá að hægt hefur á hækuninni, en frá 2005 hefur meðalaldur á Blönduósi haldist nokkuð stöðugur.


**Mynd 7-12 Meðalaldur á Blönduósi og Sauðárkróki.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Nú lítum við á hlutfall 20-40 ára íbúa á Blönduósi og á Sauðárkróki, en það má sjá á mynd 7-13. Hlutfallið hefur allt tímabilið verið undir landsmeðaltali í báðum bæjarfélögum. Það hefur fallið verulega á Sauðárkróki undanfarin ár, en ekki er að sjá breytingu á því við hrunið. Aftur á móti hefur það farið hækkandi allra síðustu ár á Blönduósi. Fyrir vikið var það áþekkt á báðum stöðum árið 2012, eða rétt um 27%, en það var nærri 5% hærra á Sauðárkróki árið 1998. Hlutfallið á Blönduósi hefur verið í kringum 27% á tímabilinu, en tók mikla dýfu á árunum 2002 til 2007 og fór þá lægst í 22,6% árið 2005.


**Mynd 7-13 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Blönduósi og Sauðárkróki.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst skoðum við fjölda kvenna á hverja 100 karla á Blönduósi og á Sauðárkróki, sést á mynd 7-14, en líkt og áður sagði varð mikil fækkun á kvennastörfum í niðurskurði hins opinbera hjá báðum bæjarfélögum. Fyrri hluta tímabilsins var hlutfall kvenna hærra á Blönduósi en Sauðárkróki en þessu var öfugt farið á síðari hluta tímabilsins. Hlutfall kvenna lækkaði mjög árið 2008 á Blönduósi en eftir það hefur það staðið nokkuð í stað. Hlutfallið hefur farið hækkanði á Sauðárkróki frá 2009. Ekki er að sjá að niðurskurður hins opinbera hafi haft teljandi áhrif á þessa stærð frekar en aðrar sem lítið hefur verið á hér að framan.


**Mynd 7-14 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Blönduósi og Sauðárkróki**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Að lokum skoðum við atvinnuleysi í Blönduósbæ og sveitarfélaginu Skagafirði en Sauðárkrókur er partur af því. Á mynd 7-15 sést þróun atvinnuleysis frá 2000 til 2012. Það skal hafa í huga að þessar atvinnuleysistöður eru ekki samanburðarhæfar við atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eins og það er sýnt á mynd 2-63. Þar sem áður hefur komið fram að niðurskurður ríkisins hafi bitnað harðar á konum í þessum bæjarfélögum skoðum við bæði þróun atvinnuleysis í heild og atvinnuleysi kvenna. Atvinnuleysi á Blönduósi og í Skagafirði hefur mestallt tímabilið verið undir landsmeðaltali, að undanskildum 2000 og 2001 en þar var atvinnuleysi hærra í Skagafirði og árið 2011 en þá var atvinnuleysi á Blönduósi hærra en landsmeðaltalið. Atvinnuleysi hækkar í báðum sveitarfélögum upp úr kreppunni, en mun meira á Blönduósi. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur verið mjög áþekkt í Skagafirði.

Mynd 7-15 Atvinnuleysi á Blönduósi og Sauðárkróki



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Svo sem áður var getið fækkaði störfum á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks um 23,2 ársverk á árunum 2007-2011. Fastlega má gera ráð fyrir að þessi niðurskurður leiði til þess að sjúklingar þurfi í auknum mæli að leita til Akureyrar eða jafnvel Reykjavíkur til að fá nauðsynlega þjónustu. Til Akureyrar eru 120 km og því má áætla að það taki um klukkutíma og 20 mínútur að aka þá leið. Kostnaðurinn við aksturinn báðar leiðir er 7.519 kr. og vinnutapið er 7.182 kr. Leiðin liggur yfir Öxnadalshéiði, en á allri leiðinni er vetrarþjónusta sjö daga vikunnar, sjá mynd 2-2 í kafla 2.4 um vegagerð. Ekkert áætlunarflug er frá Reykjavík til Sauðárkróks þannig ef fara þarf til Reykjavíkur, þarf annað hvort að aka landleiðina eða fara til Akureyrar og taka flug þaðan. Til Reykjavíkur eru 291 km sem hægt er að aka á um þremur og hálfri klukkustund. Á leiðinni suður eru margir varhugaverðir staðir, aka þarf yfir fjallvegi svo sem Þverárfjall og Holtavörðuheiði sem geta verið þungfærir að vetri til. Eins geta miklir sviptivindar myndast bæði við Hafnarfjall og á Kjalarnesi. Öll leiðin er þjónustuð alla daga vikunnar að vetri til. Sjá má kostnað við ferðir frá Sauðárkróki og einnig Blönduósi í töflu 7-3.

Tafla 7-3 Kostnaður vegna vinnutaps og keyrslu

	Vegalengd <sup>1</sup>	Tími	Kostnaður
<b>Heilbrigðisstofnunin Blönduósi</b>			
Farið til Sauðárkróks	94 km.	1 klst.	5.645
Farið til Akureyrar	288 km.	3 klst. og 15 mín	17.663
Farið til Reykjavíkur	488 km.	5 klst. og 25 mín.	31.923
<b>Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki</b>			
Farið til Akureyrar	240 km.	2 klst. og 40 mín.	14.728
Farið til Reykjavíkur	582 km.	6 klst. og 30 mín.	37.695

<sup>1</sup> Veglengd í báðar áttir

\* Miðað við 1.000 kr. í Hvalfjarðargöng hvora leið

Sömu sögu má segja um íbúa Blönduóss, annað hvort þurfa þeir að nálgast þá þjónustu sem skopin hefur verið niður, á Akureyri eða í Reykjavík, þótt hugsanlega megi sækja hana til Sauðárkróks. Á Sauðárkróki og Blönduósi er heilsugæsla, sjúkradeild og dvalardeild. Á Sauðarkróki er meira um rannsóknir en á Blönduósi og einhverjar skurðaðgerðir eru framkvæmdar á Sauðárkróki, en þar er um að ræða (Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, ódagsett og Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, ódagsett). Skurðaðgerðirnar eru framkvæmdar af sérfræðingum sem ekki eru með fasta viðveru á svæðinu. Stærstur hluti sjúklinga leitar til Akureyrar en margir velja þó að fara til Reykjavíkur þar sem algengara er að einstaklingar eigi ættingja og fá því oft og tíðum fría gistingu (Valbjörn Steingrímsson, 2012). Óalgengara er að sjúklingar eigi ættingja á Akureyri og er því dýrt að dvelja þar vegna gistikostnaðar þar sem ekkert sjúkrahótel er á staðnum. Frá Blönduósi til Reykjavíkur eru 244 km. sem ætla má að hægt sé að aka á um tveimur klukkustundum og 45 mínútum. Þeir sem aka frá Blönduósi til Reykjavíkur fara sömu leið og þeir sem aka frá Sauðárkróki, en þurfa þó ekki að fara yfir Þverárfjall. Leiðin til Akureyrar er 144 km sem ætla má að taki um klukkutíma og 35 mínútur að aka. Á leiðinni þarf bæði að fara yfir Vatnsskarð, sem er tiltölulega hátt yfir sjávarmáli og getur því verið þungfært þar að vetri til, og yfir Öxnadalshéiði. Leiðin til Sauðárkróks er 47 km ef farið er yfir Þverárfjall, og ætti sá akstur að taka u.þ.b. hálf tíma. Á Þverárfjalli var vetrarþjónusta alla daga en þrátt fyrir það koma upp ákveðnar aðstæður þar sem ekki er mögulegt að halda vegum opnum vegna veðurs.

## 7.7 Samantekt

Íbúum hefur fækkað á Norðurlandi vestra á undanförunum árum og meðalaldur farið hækkandi. Útsvar hefur farið lækkandi að undanförunu líkt og annarsstaðar á landinu. Á Norðurlandi vestra var heildarniðurskurður ársverka hjá ríkinu 25,6. Mest var skorið niður á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks og Heilbrigðisstofnun Blönduóss, en í þessum bæjum er niðurskurðurinn talsverður ef miðað er við íbúafjölda. Kostnaður fyrir sjúklinga getur verið töluverður, fyrir íbúa frá Blönduósi kostar 17.663 kr. að fara til Akureyrar og 31.923 kr. að fara til Reykjavíkur. Fyrir íbúa Sauðarkróks kostar 14.728 kr. að

fara til Akureyrar og 37.695 kr. að fara til Reykjavíkur þegar bæði ferðakostnaður og vinnutap er tekið saman. Niðurskurður í opinbera geiranum á Norðurlandi vestra var tiltölulega mikill á tímabilinu og er hægt að álykta að niðurskurðurinn hafi átt þátt í fólksfækkun og hækkun meðalaldurs á svæðinu, atvinnuleysi hefur þó ekki hækkað jafn mikið og hefði mátt búast við. Það má sennilega skýra að miklu leyti með af borttflutning íbúa af svæðinu Á Blönduósi og Sauðárkróki þar sem mestur niðurskurður var á Norðurlandi vestra hefur hann þó ekki haft teljandi áhrif á íbúafjölda en atvinnuleysi hefur hækkað mikið á Blönduósi. Norðurland vestra hefur flest einkenni hnignandi byggðar og því viðsjárvert að beita svæðið jafn miklum niðurskurði og gert hefur verið.



## 8 Norðurland eystra

Næst er að skoða hvaða áhrif niðurskurður ríkisins hefur haft á Norðurland eystra. Á svæðinu töpuðust 55,5 ársverk á tímabilinu 2007 til 2011, en það eru 0,27% af 16-74 ára íbúum svæðisins. Til samanburðar fjölga ársverkum hjá ríkinu á landinu öllu um sem nemur 0,09% af fólki á þessum aldri. Skoðum næst hvort þessi niðurskurður hefur haft teljandi áhrif á íbúapróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og framleiðsluskiptingu landshlutans.

### 8.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Tafla 8-1 sýnir fjölda ársverka í opinbera geiranum á Norðurlandi eystra árin 2007 og 2011. Mest fækkaði ársverkum af stofnunum menntamálaráðuneytisins hjá Háskólanum á Akureyri. Þar fækkaði þeim um 30,5. Einnig var örlítill fækkun hjá Framhaldsskólanum á Húsavík. Aftur á móti fjölgaði ársverkum um 18,2 ársverka hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri og einnig varð fjölgun hjá Framhaldsskólanum á Laugum og Framhaldsfræðslu. Þá var nýr menntaskóli stofnaður á Tröllaskaga haustið 2010 og árið 2011 voru ársverk þar 13,5.

Tafla 8-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Norðurlandi eystra árið 2007 og 2011

	Fjöldi starfsmanna 2007	2011	Breyting milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskólinn á Akureyri	192,1	161,6	-30,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	122,6	140,8	18,2
Framhaldsskólinn á Húsavík	17,8	15,2	-2,6
Framhaldsskólinn á Laugum	21,8	24,5	2,7
Menntaskólinn á Tröllaskaga	0	13,5	13,5
Framhaldsfræðsla	11,7	19,6	7,9
Fornleifavernd ríkisins	1	1	0
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	5	4	-1
Verðlagsstofa skiptaverðs	2	0,5	-1,5
Matvælastofnun	4,5	5	0,5
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	5	5	0
Sýslumaðurinn á Siglufirði	6,8	4,9	-1,9
Sýslumaðurinn á Akureyri	60,5	50,7	-9,8
Sýslumaðurinn á Húsavík	19,6	17,5	-2,1
Fangelsismálastofnun ríkisins	4	7,8	3,8
Vegagerðin	49,5	43,3	-6,2
Flugmálastjórn Íslands	1	0	-1
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	4	4	0
Jafnréttisstofa	5,7	5,5	-0,2
Sjúkrahúsið á Akureyri	496,7	464,4	-32,3
Heilsugæslustöðin Dalvík	9,2	9,8	0,6
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	51,1	45,2	-5,9
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	102,7	96	-6,7
Vinumálastofnun	5,4	6,6	1,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	0	0,6	0,6
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattsjóri/skattstofur	19,6	19,4	-0,2
Tollstjórinn	0	2	2
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	4	6,3	2,3
Ferðamálastofa	5	4	-1
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn	2,4	2	-0,4
Umhverfisstofnun	8,9	7,5	-1,4
Landgræðsla ríkisins	7,1	4	-3,1
Náttúrufræðistofnun Íslands	8	6,5	-1,5
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	4,2	4,7	0,5
<b>Samtals</b>	<b>1.258,9</b>	<b>1.203,4</b>	<b>-55,5</b>


Heimild: Fjármálaráðuneytið

Í heildina hefur því ársverkum hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins fjölgað um 9,2. Lítil breyting varð hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og umhverfverfisráðuneytinu. Mesta fækkaði ársverkum hjá stofnunum velferðarráðuneytisins. Þar varð mestur samdráttur hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, en einnig fækkaði starfsfólki töluvert hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Í heildina fækkaði ársverkum um 42,7 á vegum velferðarráðuneytisins. Mikill samdráttur varð einnig hjá innanríkisráðuneytinu, en þar má helst nefna Sýslumanninn á Akureyri og Vegargerðina, en í heildina fækkaði störfum um 17,2.

## 8.2 Íbúafjöldi og samsetning

Byrjum á að skoða íbúafjölda, en hann sést á mynd 8-1. Íbúapróun svæðisins er ekki ólík þróun íbúafjölda á landinu öllu. Íbúafjöldi eykst töluvert frá 2000 til 2009 en þá tekur hann að lækka á ný, vex síðan aftur 2011 og hefur staðið í stað eftir það. Íbúum á Norðurlandi eystra hefur fjölgað um rúma 600 frá því árið 1998, eða úr 28.417 í 29.018. Hægt er að álykta að niðurskurður hins opinbera hafi haft neikvæð áhrif á íbúafjölda í upphafi kreppunnar, en síðan hefur íbúafjöldi náð sér upp aftur.

Mynd 8-1 Íbúapróun á Norðurlandi eystra



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst skoðum við íbúapróun hvers þéttbýlisstaðar fyrir sig á Norðurlandi eystra, sjá mynd 8-2. Rauði hringurinn sýnir u.þ.b 30 km radíus í kringum Akureyri. Blái liturinn táknar þéttbýliskjarna þar sem íbúum hefur verið að fækka á árunum 1998 til 2012 og appelsínuguli liturinn táknar kjarna þar sem íbúum hefur fjölgað. Á myndinni sést að 9 af þeim 10 þéttbýliskjörnum á Norðurlandi eystra þar sem

Íbúafjöldi hefur aukist á tímabilinu eru í u.þ.b. 30 km. radíus eða minna frá Akureyri. Einungis Laugar eru ekki innan þessa radíuss, en þangað er þó ekki miklu lengra.


**Mynd 8-2 Þéttbýliskjarnar á Norðurlandi eystra**



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar höfundar, kort fengið af vef já.is.

Til að átta okkur betur á þróun íbúafjölda skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldaþróunarinnar, en hana er að sjá á mynd 8-3. Fæddir umfram dánna voru álíka margir yfir tímabilið þó dró verulega úr þeirri stærð árið 2011. Fleiri hafa flutt brott en að svæðinu allt tímabilið að undanskildu árinu 2007. Flestir fluttu burt árið 2009.


**Mynd 8-3 Áhrifaþættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á Norðurlandi eystra**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst skoðum við þróun meðalaldurs á Norðurlandi eystra, en hann má sjá á mynd 8-4. Meðalaldur hefur hækkað verulega frá 1998 en þá var hann 33,8 ár. Í byrjun árs 2012 var hann kominn í 37,1 ár. Hefur meðalaldur hækkað hraðar á svæðinu en á öllu landinu. Frá árinu 2007 hægir dálítið á hækkun meðalaldurs. Því er ekki hægt að segja að breyting sjáist á þróun meðalaldurs í kringum bankahrúnið.


**Mynd 8-4 Meðalaldur íbúa á Norðurlandi eystra**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þá má skoða annan mælikvarða á aldursdreifingu íbúa en það er hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa svæðisins. Mynd 8-5 sýnir hvernig þetta hlutfall hefur þróast síðustu ár. Hlutfallið fór lækkandi frá 1998 til 2010. Frá 2009 til 2010 má sjá að hlutfallið féll töluvert hraðar en áður, en það hefur síðan hækkað lítillega. Í upphafi tímabilsins var hlutfallið 30,8% en í byrjun árs 2012 var það komið niður í 26,6%. Þróun hlutfalls 20-40 ára íbúa eftir hrúnið en keimlíkt þróun íbúafjölda. Stór hluti þeirra íbúa sem fluttu af svæðinu árið 2009 hefur því verið á aldrinum 20-40 ára en þessi aldurshópur hefur síðan skilað sér að einhverju leyti aftur.


**Mynd 8-5 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Norðurlandi eystra**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að glöggva sig enn betur á aldursdreifingu svæðisins teiknum við upp aldurspíramída fyrir Norðurland eystra. Á mynd 8-6 má sjá aldurspíramídann fyrir ársbyrjun 2012. Hann líkist píramídanum fyrir Norðurland vestra allnokkuð, en fleiri eru þó á aldrinum 25-35 ára en þar og einnig er meira um börn yngri en 5 ára. Píramídiinn dregst verulega saman fyrir aldurhópana 25-44 ára, en þetta mynstur er greinilegra fyrir karla. Á þessum aldri á folk flest börn og því ætti ekki að koma á óvart að börn undir 5 ára aldri eru færri en á landinu öllu.


**Mynd 8-6 Aldurspíramídi fyrir Norðurland eystra 2012**



Heimild: Hagstofa Íslands

Næst lítum við á þróun á fjölda kvenna á hverja 100 karla á svæðinu. Á fyrri hluta tímabilsins var fjöldi kvenna á hverja 100 karla töluvert lægri á Norðurlandi eystra en á landinu öllu, en árið 2006 verður viðsnúningur þar á. Hlutfall kvenna lækkar mun minna á svæðinu í uppsveiflunni en á landinu öllu og það vex hraðar eftir hrun, sjá mynd 8-7.

**Mynd 8-7 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Norðurlandi eystra**




Heimild: Hagstofa Íslands

### 8.3 Atvinnuleysi

Þegar niðurskurður hins opinbera er skoðaður er ekki úr vegi að líta á atvinnuleysi. Þróun atvinnuleysis á Norðurlandi eystra líkist þróun atvinnuleysis á suðvesturhorni landsins, eins og sjá má á mynd 8-8.

**Mynd 8-8 Þróun atvinnuleysis á Norðurlandi eystra**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Atvinnuleysi kvenna hefur verið hærra en karla mestan hluta tímabilsins, en viðsnúningur varð á því árin 2009 og 2010. Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra jókst talsvert upp úr hruni og er nokkuð nálægt meðaltali landsins alls. Því má sjá að niðurskurður ríkisins hefur ýtt undir atvinnuleysi á svæðinu.

## 8.4 Útsvar og launaþróun

Eins og áður hefur verið nefnt má ætla að útsvar endurspegli að miklu leiti launatekjur. Líkt og sést á mynd 8-9 hefur útsvar á mann á Norðurlandi eystra farið hratt lækkandi frá 2007 til 2010.

**Mynd 8-9 Útsvar á mann á Norðurlandi eystra árin 2007 til 2010**



Heimild: Samband íslenskra Sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin utreikningar.


Útsvarstekjur á mann á svæðinu hafa verið lægri en á landinu öllu allt tímabilið, en munurinn hefur verið að minnka. Árið 2007 var útsvarið tæpar 390.000 kr. á mann en upphæðin var komin niður í tæpar 345.000 kr. árið 2010.

## 8.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Næst drögum við upp mynd af hagvexti, en hann hefur þróast líkt og sést á mynd 8-10. Athyglisvert er að framleiðsla dróst saman um 11% á svæðinu árið 2006 þegar mikil uppsveifla var í hagkerfi landsins. En árið áður var hagvöxtur 9% og árið eftir var hann aftur orðinn jákvæður um 5%. Árið 2009 var hagvöxtur neikvæður á Norðurlandi eystra líkt og annarsstaðar á landinu. Erfitt er að segja til um hvort niðurskurður ríkisins hafi haft áhrif á hagvöxt eða útsvarstekjur þar sem gögnin ná ekki yfir nægilega langt tímabil.



### Mynd 8-10 Hagvöxtur á Norðurlandi eystra




Heimild: Bygðastofnun.


Að endingu lítum við á skiptingu framleiðslu á Norðurlandi eystra árið 2003 og 2009. Á mynd 8-11 sést að árið 2003 var sjávarútvegur nær ¼ af framleiðslu Norðurlands eystra en árið 2009 hafði það hlutfall lækkað niður í 17%.

### Mynd 8-11 Skipting framleiðslu á Norðurlandi eystra árið 2003 og 2009

Skipting framleiðslu á Norðurlandi eystra 2003



Skipting framleiðslu á Norðurlandi eystra 2009



Hlutfall opinberrar þjónustu lækkaði um þrjú prósentustig úr 26% í 23%, sem er í samræmi við niðurskurð ríkisins á svæðinu. Aftur á móti hafa fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta hækkað úr 16% í 22%. Aðrar atvinnugreinar hafa staðið nokkuð í stað. Árið 2009 eru stærstu atvinnuvegirnir opinber

þjónusta, fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta, sjávarútvegur og verslun, hótél, veitingar og samgöngur.

## 8.6 Akureyri, Norðurþing og Fjallabyggð

Að lokum skulum við skoða það svæði á Norðurlandi eystra þar sem mestur niðurskurður hefur átt sér stað. Á heildina litið fækkaði ársverkum ríkisins á Norðurlandi eystra um 55,5. Mörg þeirra starfa sem koma fram í töflu 2-19 er erfitt að staðsetja eftir bæjarfélögum og því erfitt að gera sér grein fyrir því hversu mörg störf hafa tapast í hverju bæjarfélagi. Þær stofnanir sem hafa orðið fyrir einna mestum niðurskurði eru Sjúkrahúsið á Akureyri en þar töpuðust 32,3 ársverk, Sýslumaðurinn á Akureyri þar sem ársverkum fækkaði um 9,8 og í Háskólanum á Akureyri en þar fækkaði þeim um 30,5. Í heildina eru þetta 72,6 ársverk, á móti kemur að í Verkmenntaskólanum á Akureyri fjölgaði ársverkum um 18,2 og því er samanlagt tap þessara stofnana á Akureyri 54,4 ársverk, sem eru 0,45% af íbúum á aldrinum 16-74 ára á Akureyri.

Hjá Háskólanum á Akureyri voru deildir sameinaðar og ekki hefur verið ráðið í allar þær stöður sem hafa losnað. Þar hefur bæði kennurum og skrifstofufólki fækkað og það hefur leitt til meira álags á þá sem eftir eru (Hugrún Helgadóttir, 2012). Á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa deildir verið sameinaðar, rekstri hjúkrunardeildarinnar Sels var hætt og íbúar fluttir á Kristnesspítala, dregið hefur verið úr skurðstofustarfsemi, ekki hefur verið ráðið í öll störf sem losnað hafa, stafshlutföll hafa verið lækkuð og störfum fækkað. Vegna niðurskurðarins hefur þjónustustig sjúkrahússins lækkað nokkuð (Sjúkrahúsið á Akureyri, 2009, Sjúkrahúsið á Akureyri, 2010 og Sjúkrahúsið á Akureyri, 2011). Í töflu 8-2 má sjá hvaða störf hafa tapast á Sjúkrahúsi Akureyrar frá 2007 til 2011. Þar sést að mest fækkun hefur orðið á sjúkraliðum og aðstoð við hjúkrun.

**Tafla 8-2 Setin stöðugildi**

Setnar stöður	2011	2007	Mism.
Læknar	54	56,7	-2,6
Geisla-, lyfja- og lífeindafr., þjálfarar	58	58,6	-0,41
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður	138	138,7	-0,69
Sjúkraliðar og aðstoð v. hjúkrun	90	109,3	-19,43
Félagsleg þjónusta og kennsla	10	11,2	-1,41
Eldhús, saumastofa og ræsting	26	27,8	-2,3
Tæknimenn	11	11,9	-0,76
Stjórnun og skrifstofufólk	65	65,6	-1,07
<b>Samtals</b>	<b>451</b>	<b>479,8</b>	<b>-28,67</b>

\* Hér er ósamræmi milli talna frá Fjármálaráðuneytinu og Sjúkrahúsinu á Akureyri, en munurinn stafar af mismunandi deilitölum sem notaðar eru við útreikninga á ársverkum.

Heimild: Vignir Sveinsson (2012).

Niðurskurður ríkisins á Akureyri hefur haft svipuð áhrif á fækkun ársverkafjölda hjá báðum kynjum. Konum fækkaði meira á Sjúkrahúsinu en á móti fækkaði þeim mun minna hjá Sýslumanninum og þeim fjölgaði töluvert hjá Verkmenntaskólanum. Karlar töpuðu í heildina rúmum 25 ársverkum en konur rúmum 29, sjá töflu 8-3.

**Tafla 8-3 Breyting ársverka hjá Sjúkrahúsinu, Háskólanum, Sýslumanninum og Verkmenntaskólanum á Akureyri.**

Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka karla	Breyting á fjölda ársverka kvenna
Sjúkrahúsið á Akureyri	-32,3	-7,3	-25
Háskólinn á Akureyri	-30,5	-15,6	-14,9
Sýslumaðurinn á Akureyri	-9,8	-8,3	-1,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	18,2	6,1	12,1
<b>Samtals</b>	<b>-54,4</b>	<b>-25,1</b>	<b>-29,3</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Hluti þeirra starfa sem töpuðust á Akureyri eru sérfræðistörf og því óvíst hvort það starfsfólk er missti vinnuna finni vinnu við sitt hæfi á Akureyri. Hluti þeirra starfa er töpuðust í Háskólanum á Akureyri er vart hægt að bæta upp með öðrum störfum í landshlutanum, þar sem alls óvíst er að það finnist sambærileg störf í landshlutanum. Því gæti svo farið að þessir aðilar flyttu frá svæðinu og þá líklega til höfuðborgarsvæðisins. Skoðum nú hvort þessi niðurskurður hafi haft teljandi áhrif á íbúapróun og atvinnuleysi á Akureyri líkt og við gerðum fyrir allt Norðurland eystra hér að framan.

Vert er einnig að líta á Norðurþing og Fjallabyggð en þessi tvö sveitarfélög hafa staðið höllum fæti á undanförunum árum. Í Norðurþingi töpuðust samtals 11,4 ársverk en í Fjarðarbyggð jukust ársverk um 5,7<sup>21</sup>.

**Tafla 8-4 Breyting á ársverkum hjá Norðurþingi og Fjallabyggð**

Norðurþing		Fjallabyggð	
Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Stofnun	Breyting á fjölda ársverka
Famhaldsskólinn á Húsavík	-2,6	Menntaskólinn á Tröllaskaga	13,5
Sýslumaðurinn á Húsavík	-2,1	Sýslumaðurinn á Siglufirði	-1,9
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	-6,7	Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar	-5,9
<b>Samtals</b>	<b>-11,4</b>	<b>Samtals</b>	<b>5,7</b>


Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Fyrst skoðum við þróun íbúafjölda á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi. Árið 2010 var lokið við gerð Héðinsfjarðaganga en þau liggja milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Göngin stytta leiðina milli bæjanna

<sup>21</sup> Líkt og áður hefur verið nefnt getur reynt erfitt að staðsetja sumar stofnanirnar í töflu 2-19. Ljóst er þó að þær stofnanir sem eru í töflu 2-22 eru annarsvegar í Norðurþingi og hinsvegar í Fjallabyggð.

tveggja verulega og er vegalengdin nú einungis 17 km. en var fyrir 62 km. Einnig styttist leiðin frá Siglufirði til Akureyrar um 115 km. Áhugavert er að sjá hvort þessi framkvæmd hafi haft jákvæð áhrif á íbúafróun í sveitarfélaginu. Eins og sést á mynd 8-12 hefur mannfjöldi í Fjallabyggð lækkað hratt frá árinu 1998, en eftir að göngin opnuðu stöðvast sú þróun og árið 2012 varð örlítil fjölgun íbúa. Erfitt er því að greina hvort niðurskurður hafi haft veruleg neikvæð áhrif á íbúafjöldann þar sem áhrif ganganna vega upp á móti þeim.

**Mynd 8-12 Íbúafróun á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Þróun á íbúafjölda í Norðurþingi hefur verið mjög svipuð þróuninni í Fjallabyggð. Íbúum hefur farið nokkuð jafnt fækkandi yfir allt tímabilið. Ekki er að sjá mikla breytingu á þróuninni við hrunið að undanskilinni töluverðri fjölgun íbúa milli 2008 og 2009. Því er ekki líklegt að niðurskurður hins opinbera hafi haft mikil áhrif á þróunina. Íbúum Akureyrar hefur farið fjölgandi allt tímabilið að undanskyldri smávægilegri fækkun árið 2010. Frá 2007 til 2008 tók íbúafjöldi kipp uppá við en eftir það hægir á fólksfjölguninni, niðurskurður ríkisins hefur eflaust áhrif hér á.

Nú skoðum við þróun á meðalaldri á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi. Líkt og sést á mynd 8-13 hefur meðalaldur á Akureyri allt tímabilið verið jafn eða rétt undir landsmeðaltali. Ekki er hægt að sjá stefnubreytingu í kringum bankahrunið og því hefur niðurskurður ríkisins ekki haft áhrif á meðalaldurinn þar.

### Mynd 8-13 Meðalaldur á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Athyglisvert er að líta á meðalaldur í Fjallabyggð hann vex hratt til ársins 2009 en eftir það hækkar hann nánast ekkert. Virðist vera hægt að draga þá ályktun að Héðinsfjarðargöng hafi haft áhrif áður en þau voru opnuð. Meðalaldur í Norðurþingi hefur vaxið jafnt og þétt yfir tímabilið en ekki er að sjá stefnubreytingu við hrunið.

Næst lítum við á hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi, sjá mynd 8-14. Hlutfallið á Akureyri hefur á heildina litið farið lækkandi yfir tímabilið, í upphafi tímabilsins var það nálægt landsmeðaltali en bilið hefur farið vaxandi. Upp úr hruni hefur hlutfall 20-40 ára íbúa farið lítið vaxandi. Því er ekki hægt að segja að niðurskurður hins opinbera hafi haft neikvæð áhrif á hlutfallið. Í Fjallabyggð og Norðurþingi hefur þróunin verið mjög svipuð, hefur hlutfall farið hratt lækkandi. En frá 2010 hefur það vaxið á ný í Fjallabyggð og þar af leiðandi hægt að álykta að Héðinsfjarðargöng hafi haft jákvæð áhrif á þróun hlutfallsins þar. Hlutfallið tók dívu árið 2010 í Norðurþingi en hækkar síðan milli 2010 og 2011, hlutfallið tekur síðan að lækka lítillega á ný. Niðurskurður hins opinbera gæti hafa átt þátt í lækkandi hlutfalli eftir hrun í Fjallabyggð og Norðurþingi.


### Mynd 8-14 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi



Heimild: Hagstofa Íslands.

Af mynd 8-15 sést að á Akureyri er fjöldi kvenna meiri en karla yfir allt tímabilið og er hlutfallið frekar jafnt. Sjá má örlitla hækkun í uppsveiflunni og lækkun í upphafi hruns, en ekki er þó hægt að tala um beina stefnubreytingu við hrunið. Fjöldi kvenna á hverja 100 karla í Fjallabyggð er töluvert lægri en á Akureyri og á landinu í heild. Hlutfall kvenna lækkar mikið á framkvæmdarárum Héðinsfjarðarganga. Skýrist það af aðfluttu karlkyns vinnuafli vegna gangaframkvæmda sem flytja síðan aftur af svæðinu að framkvæmdum loknum, enda hækkar hlutfall kvenna þá á ný.

Mynd 8-15 Fjöldi kvenna á 100 karla á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall kvenna í Norðurþingi er lægra en á landinu öllu fyrri hluta tímabilsins, en upp úr hruni fer konum fjölgandi í hlutfalli við karla og árið 2010 eru fleiri konur en karlar í Norðurþingi. Lítillega hefur síðan dregið úr hlutfallinu. Út frá þessum tölum er hægt að álykta að kreppan og niðurskurður hins opinbera þar með hafi rétt af hlutfall karla og kvenna í Norðurþingi.

Að lokum skoðum við atvinnuleysi á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi. Líkt og mynd 8-16 sýnir rýkur atvinnuleysi upp á Akureyri árið 2009 og er það þá hærra en landsmeðaltalið, en það lækkar síðan hratt næstu árin og verður fljótt lægra en landsmeðaltalið. Ljóst er að niðurskurður ríkisins hefur haft áhrif hér til hækkunar. Atvinnuleysi í Fjallabyggð og Norðurþingi jókst við bankahrunið en aukningin var mun minni en á Akureyri og á landinu öllu. Hér hefur niðurskurður ríkisins vafalaust aukið á atvinnuleysi.

Mynd 8-16 Atvinnuleysi á Akureyri, Fjallabyggð og Norðurþingi




Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

## 8.7 Heilbrigðisþjónusta og samgöngur

Eins og áður hefur komið fram hefur orðið töluverður niðurskurður á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem getur haft þau áhrif að íbúar Akureyrar og nágrennis þurfi í auknu mæli að leita til Reykjavíkur eftir lækniþjónustu. Íbúar hafa val um að aka til Reykjavíkur eða fljúga. Ef ekið er þarf að fara yfir Öxnadalshéiði, Vatnsskarð og Hellisheiði, sem allt eru fjallvegir og geta því verið þungfærir að vetri til. Einnig þarf að fara framhjá Hafnarfjalli og um Kjalarnes en á þeim svæðum myndast oft slæmir sviptivindar. Að vetri til er allri leiðinni sinnt alla daga vikunnar. Vegalengdin frá Akureyri til Reykjavíkur er 388 km. og tekur því akstur um 4 klst. og 20 mín. Heildarkostnaður við ferðina yrði því 47.600 kr.



Mynd 8-17 Varhugaverðir vegir á Norðausturlandi



Heimild: Vegagerðin.

Eins og sést á mynd 8-17 er hættu á sandfoki hjá Mývatns- og Möðrudalsöræfum. Auk þess er grjóthruns og snjóflóðahætta á veginum frá Ólafsfirði að Dalvík. Einnig er töluvert af fjallvegum á svæðinu eins og Þverárfjall, Vatnsskarð, Öxnadalshéiði, Fljótsheiði og Möðrudalsöræfi sem geta verið þungfær að vetri til.

Hinn möguleikinn er að taka flug, meðalverð á flugi aðra leiðina er 13.547 kr.<sup>22</sup> og tekur flugið 45 mínútur aðra leiðina en gera má ráð fyrir að um 85 mínútur líði frá því að einstaklingur mætir á flugvöllinn á brottfararstað og þar til komið er út á áfangastað. Þá verður heildarkostnaður ferðarinnar 34.700 kr. Er þetta líklega vanmat því ólíklegt er að flugferðir henti nákvæmlega læknistímanum.<sup>23</sup>

## 8.8 Samantekt

Á árunum 2007 til 2011 töpuðust 55,5 ársverk á Norðurlandi eystra, en það eru 0,27% af 16-74 ára íbúum svæðisins. Niðurskurðurinn hafði áhrif á fólksfjöldarþróun upp úr hruninu en fólksfjöldi hefur á

<sup>22</sup> Meðalverð allra fargjalda þann 30. nóvember 2012, miðað er við að jafn mörg sæti séu seld í hverjum verðflokki.

<sup>23</sup> Einnig bætist við kostnaður vegna leigubíls eða strætisvagns þar sem maðurinn er bíllaus í Reykjavík. Því er um mikið vanmat að ræða við kostnaðarútreikninga.

ný farið vaxandi á svæðinu. Meðalaldur fer hækkandi yfir allt tímabilið en það dregur úr hraða hækkunarinnar í kringum 2007. Nokkur fólksflótti varð frá svæðinu árið 2009 og má sjá að á sama tíma lækkar hlutfall 20-40 ára íbúa. Því er ljóst að margir þeirra sem fóru burt af svæðinu voru á þeim aldri, en hlutfallið hækkar síðan á ný og því hefur þetta fólk skilað sér til baka að einhverju leyti. Niðurskurður hins opinbera hefur haft áhrif á atvinnuleysi á Norðurlandi eystra. Það rýkur upp í kjölfar bankahrunsins og er aðeins lægra en landsmeðaltalið. Mestur niðurskurður á svæðinu varð á Akureyri þar sem 54,4 ársverk sem er 0,45% af 16-74 ára íbúum svæðisins. Á Norðurlandi eystra var mestur niðurskurður starfa á Akureyri, þar sem starfsfólki fækkaði mikið á sjúkrahúsinu og í háskólanum. Í Norðurþingi töpuðust samtals 11,4 ársverk, eins er Fjarðarbyggð skoðuð þar sem sveitarfélagið hefur staðið höllum fæti á undanförunum árum en þar jukust ársverk um 5,7, þar munar mestu um stofnun Menntaskólans á Tröllaskaga. Á Akureyri sjást ekki bein neikvæð áhrif vegna niðurskurðar á íbúaþróun en atvinnuleysi hækkar í kjölfar hrunsins. Í Fjallabyggð hefur íbúaþróun verið tiltölulega jákvæð eftir að ný göng voru opnuð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, dregið hefur úr fólksfækkun, meðalaldur staðið í stað og hlutfall 20-40 ára íbúa hefur hækkað. Hlutfall kvenna hefur hækkað verulega eftir að framkvæmdum lauk. Atvinnuleysi í Fjallabyggð hækkaði í kjölfar hrunsins en hækkaði það töluvert minna en á landinu öllu. Erfitt er að átta sig á hvort hrunið hafi haft teljandi áhrif á sveitarfélagið þar sem erfitt er að greina milli neikvæðra áhrifa hrunsins og jákvæðra áhrifa gangnanna. Í Norðurþingi hefur íbúum fækkað og meðalaldur hækkað hratt en ekki er þó að sjá beina stefnubreytingu við hrunið. Atvinnuleysi fór hratt vaxandi í kjölfar kreppunnar en hefur lækkað á ný. Því má segja að áhrif hrunsins sjái helst stað í atvinnuleysistölum á svæðinu.

## 9 Austurland

Nú lítum við á hvernig niðurskurður ríkisins hefur haft áhrif á Austurland. Ársverkum hjá ríkinu fækkaði um tæp 26 á svæðinu á tímabilinu 2007 til 2011, en það eru 0,29% af 16-74 ára íbúum á Austurlandi. Til samanburðar fjölgaði ársverkum hjá ríkinu á landinu öllu 0,09% af fólki á sama aldri. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður að athuga að árið 2007 var unnið að Kárahnjúkavirkjun og smíði álvers í Reyðarfirði. Síður kemur á óvart að ríkisstarfsmönnum fækki hér en annars staðar. Fækkun ársverka hjá ríkinu hefur varla skipt sköpun fyrir hagvöxt á svæðinu út af fyrir sig, en öðru máli kann að gegna um niðurskurð í þjónustu ríkisins. Skoðum nú nánar áhrif niðurskurðarins á íbúapróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og framleiðsluskiptingu á svæðinu.

### 9.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Tafla 9-1sýnir fjölda ársverka í opinbera geiranum á Austurlandi. Í heildina fækkaði ársverkum á Austurlandi um 25,8 frá 2007 til 2011. Á vegum menntamálaráðuneytisins fjölgaði ársverkum um 0,5. Störf Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu voru færð yfir til Suðurlands þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður sem var áður aðili að Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi gerðist aðili að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga á tímabilinu. Ársverkum fækkaði hjá Háskóla Íslands, Menntaskólanum á Egilsstöðum og í ýmsum fræðastörfum. Hinsvegar fjölgaði ársverkum hjá Verkmenntaskóla Austurlands og hjá framhaldsfræðslu. Mögulegt er að þeir sem misstu vinnuna hjá Háskólanum og Menntaskólanum hafi flutt sig til dæmis til Verkmenntaskólans.

Tafla 9-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Austfjörðum árið 2007 og 2011

	Fjöldi starfsmanna 2007	2011	Breyting milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóli Íslands	4	1,8 <sup>1</sup>	-2,2
Menntaskólinn á Egilsstöðum	44,8	37,1	-7,7
Verkmenntaskóli Austurland	24,6	31,5	6,9
Framhaldsfræðsla	7,5	12	4,5
Fornleifavernd ríkisins	1	1	0
Ýmis fræðistörf	3	2	-1
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	3	0
Matvælastofnun	4	3,5	-0,5
Héraðs- og Austurlandsskógar	5,7	4,2	-1,5
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	2	2	0
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	25,3	18	-7,3
Sýslumaðurinn á Eskifirði	26	21,6	-4,4
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	5,5	4,5	-1
Vegagerðin	31,4	30	-1,4
Flugmálastjórn Íslands	1	0	-1
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	4,8	4	-0,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	254,7	237,3	-17,4
Vinumálastofnun	3	3,3	0,3
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	9,9	7,8	-2,1
Tollstjórinn	0	3,5	3,5
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	2	2
<i>Umhverfisaráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	4	2	-2
Landgræðsla ríkisins	0,7	0,7	0
Skógrækt ríkisins	37,4	44,7	7,3
<b>Samtals</b>	<b>503,3</b>	<b>477,5</b>	<b>-25,8</b>

<sup>1</sup>Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.

Litlar breytingar voru hjá stofnunum á vegum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins en þar fækkaði stöðugildum um tvö, sömu sögu er að segja af stofnunum á vegum iðnaðarráðuneytisins en þar fjölgaði ársverkum um tvö. Hjá umhverfisaráðuneytinu fjölgaði ársverkum um 5,3, þeim fjölgaði um 7,3 hjá Skógrækt ríkisins en fækkaði um tvö hjá Umhverfisstofnun. Mest fækkun ársverka á tímabilinu var hjá innanríkisráðuneytinu eða 15,1 ársverk, þar var mestur niðurskurður hjá

Sýslumanninum á Seyðisfirði og Sýslumanninum á Eskifirði, og hjá velferðarráðuneytinu, en þar var samanlögð fækkun 17,9 ársverk. Mest fækkun varð á Heilbrigðisstofnuninni. Líkt og sést í töflu 9-2 var fækkun stöðugilda mest í Neskaupsstað og á Djúpavogi. Þar fækkaði ófaglærðu starfsfólki mest og á það einnig við um aðrar starfsstöðvar Heilbrigðisstofnunarinnar. Með þessum niðurskurði hins opinbera hefur þurft að skerða þjónustu á Heilbrigðisstofnuninni (Þórhallur Harðarson, 2012).

**Tafla 9-2 Breytingar á stöðugildum hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands frá 2009 til 2011**


Starfsstöð	Stöðugildi		
	2009	2011	Breyting
Djúpivogur/Breiðdalsvík	12,05	7,65	-4,4
Egilsstaðir/Borgarfjörður	61,93	60,57	-1,36
Fjarðabyggð	12,99	11,63	-1,36
Neskaupsstaður	91,04	84,77	-6,27
Seyðisfjörður	38,62	37,32	-1,3
Vopnafjörður/Bakkafjörður	22,36	20,4	-1,96
HSA samkostnaður	23,99	19,41	-4,58
<b>Samtals</b>	<b>262,98</b>	<b>241,75</b>	<b>-21,23</b>

Heimild: Þórhallur Harðarson (2012).

## 9.2 Íbúafjöldi og samsetning

Í fyrstu skulum við líta á þróun íbúafjölda á Austurlandi frá 1998 til 2012 (sjá mynd 9-1). Í upphafi tímabilsins fækkaði fólki á Austurlandi en aftur tók að fjölga í þessum landshluta eftir að framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði hófust. Mannfjöldinn náði hámarki árið 2007 í 15.366 íbúum. Eftir þann tíma hefur íbúafjöldi farið lækkandi aftur, með þeirri undantekningu að árið 2012 varð lítilsháttar fjölgun og var íbúafjöldinn þá 12.356 íbúar. Fólksfækkunina má einkum skýra með því að arandverkamenn sem störfuðu við framkvæmdir á Austurlandi fluttu brott að framkvæmdum loknum.


Mynd 9-1 Íbúáþróun á Austurlandi



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst skoðum við íbúáþróun hvers þéttbýlisstaðar fyrir sig á Austurlandi, sjá mynd 9-2. Rauði hringurinn sýnir u.þ.b 30 km radíus í kringum Reyðarfjörð. Blái liturinn táknar þéttbýliskjarna þar sem íbúum hefur fækkað á árunum 1998 til 2012 og appelsínuguli liturinn táknar kjarna þar sem íbúum hefur fjölgað. Á myndinni sést að allir þeir þéttbýlisstaðir þar sem íbúafjöldi á Austurlandi jókst á milli árána 1998 til 2012 eru í eða innan við u.þ.b. 30 km. radíus frá Reyðarfirði.

Mynd 9-2 Þéttbýliskjarnar á Austurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar höfundar, kort fengið af vef já.is.

Til að auka skilning okkar á þróun íbúafjöldans skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldaþróunar, sjá mynd 9-3. Fjöldi fæddra umfram dána hefur verið nokkuð svipaður yfir tímabilið. Fæðingum umfram dána fjölgaði töluvert árið 2006 en sama ár fluttu flestir til landshlutans.



### Mynd 9-3 Áhrifaþættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægri ás) á Austurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Margir þeirra sem fluttu á svæðið árið 2006 voru á barneignaaldri og kemur því ef til vill ekki á óvart að fæðingum hafi fjölgað. Hlutfall 20-40 ára íbúa var mjög hátt það ár eins og sjá má á mynd 9-5. Miklar sveiflur hafa verið í aðflutningi. Margir fluttu til svæðisins á árunum 2004-2008 en þá sérstaklega árin 2005 og 2006. Árin 2007 og 2008 fluttu síðan margir aftur burt af svæðinu.

Meðalaldur hækkaði jafnt og þétt frá 1998 til 2007, einkum þó síðustu árin, eins og sjá má á mynd 9-4. Hann lækkaði síðan árin 2008 og 2009. Þessa sveiflu virðist mega skýra með því að farandverkamenn í byggingarvinnu hafi yfirleitt ekki verið með börn, en þeir sem fluttu á brott frá Austurlandi á árunum 2007 til 2009 voru langflestir á aldrinum frá þrítugu til rúmlega fimmtugs.

### Mynd 9-4 Meðalaldur íbúa á Austurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.



Á mynd 9-5 má sjá hvernig þetta hlutfall 20-40 ára hefur þróast á Austurlandi á undanförunum árum. Hlutfallið hefur verið frekar sveiflukennt, það lækkaði mikið frá 1998 og þar til framkvæmdir hófust á Austurlandi, en margir farandverkamenn voru á þessum aldri. Þegar framkvæmdir stóðu sem hæst hafði hlutfallið hækkað yfir landsmeðaltalið.

**Mynd 9-5 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Austurlandi**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar draga fór úr framkvæmdum tók hlutfall 20-40 ára að lækka á ný. Hæst fór það í 31% árið 2007 en lægst í 26,8% árið 2011. Vert er að benda á að árin 2008 og 2009 þegar meðalaldur fer lækkandi á svæðinu fellur hlutfall 20-40 ára íbúa. Þar af leiðandi hlýtur fólk á aldrinum 37 ára til 40 ára að hafa flutt í burtu í stórum stíl. Þetta er ekki óeðlilegt þar sem gera má ráð fyrir að margir af þeim farandverkamönnum er komu til Austfjarða á framkvæmdarárunum hafi verið á þessu aldursbili.

Til að glöggva sig enn betur á aldursdreifingu svæðisins teiknum við upp aldurspíramída fyrir Austurland. Aldurspíramídið fyrir Austurland er ekki ólíkur píramíðunum fyrir Norðurland, eins og sjá má á mynd 9-6. Óvenjufáir eru á mesta barneignaaldrinum, það er frá 25-40 ára og því kemur ekki á óvart að börn innan við 5 ára aldur eru færri en á landinu öllu.


### Mynd 9-6 Aldurspíramídi fyrir Austurland 2012



Heimild: Hagstofa Íslands.

Lítum næst á þróun á fjölda kvenna á hverja 100 karla á Austurlandi, sjá mynd 9-7. Hlutfall kvenna á Austurlandi hefur allt tímabilið verið heldur lægra en á landinu öllu, en munurinn jókst gríðarlega við framkvæmdirnar og voru einungis tæpar 63 konur á hverja 100 karla árið 2007, þegar hlutfallið náði lágmarki. En fjölgun íbúa á Austurlandi á framkvæmdartímanum var af stórum hluta tilkomin vegna aðflutts íslensks og erlends vinnuafls, einkum karla (Rannsóknar- og þróunarstöð Háskólans á Akureyri, 2008).

### Mynd 9-7 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Austurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

### 9.3 Atvinnuleysi

Atvinnuleysi er þýðingarmikill mælikvarði á ástand hvers landshluta og því er mikilvægt að skoða það þegar meta á áhrif niðurskurðar ríkisins. Mynd 9-8 sýnir þróun á atvinnuleysi á Austurlandi frá 1998 til 2011. Atvinnuleysi kvenna hefur verið meira en karla yfir allt tímabilið. Frá 1998 til 2008 sveiflaðist heildaratvinnuleysið frá 0,4% til 2,5%.

Mynd 9-8 Þróun atvinnuleysis á Austurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Árið 2009 rauk það upp og náði hámarki árið 2010 í 4,4%. Niðurskurður hins opinbera hefur eflaust haft sitt að segja í þessari hækkun. Árið 2011 hafði það aðeins dregist saman og var komið niður í 4,2%, 3,4% fyrir karla og 5,2% fyrir konur.

### 9.4 Útsvar og launaþróun

Því næst lítum við á útsvar á mann á Austurlandi árin 2007 til 2010. Útsvar á mann á Austurlandi hefur farið lækkandi frá 2007 og út tímabilið, eins og sést á mynd 9-9. Árið 2007 var útsvar á landinu öllu hæst á Austurlandi en árið 2010 var útsvar á Austurlandi orðið lægst á landinu.

### Mynd 9-9 Útsvar á mann á Austurlandi árin 2007 til 2010




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Ef sveitarfélögin á Austurlandi eru skoðuð nánar má sjá að útsvar í Fjarðabyggð, en Reyðarfjörður er hluti af því sveitarfélagi, er 412.614 kr. á mann, en það er hæsta útsvar sveitarfélags árið 2010 sem hefur byggðakjarna (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2012). Skarpt lækkandi útsvar á Austurlandi má að miklu leyti skýra með því að stóriðjuframkvæmdum lauk á svæðinu

## 9.5 Hagvöxtur og framleiðsla

Næst lítum við á hagvöxt á Austurlandi árin 2004 til 2007, sjá mynd 9-10. Hagvöxturinn náði hámarki árið 2005 í 32%, en á þeim tíma voru miklar framkvæmdir á svæðinu sem höfðu mikil áhrif á hagvöxtinn. Árið 2009 var hagvöxturinn orðinn neikvæður um 12% og var hann hvergi á landinu jafnneikvæður og á þessu svæði.

### Mynd 9-10 Hagvöxtur á Austurlandi



\*Bráðabirgðatölur


\*\*Breyting á vergum þáttatekjum

Heimild: Bygðastofnun

— Austurland    - - - Landið allt

Að lokum skoðum við skiptingu á framleiðslu á Austurlandi árið 2003 og 2009. Líkt og mynd 9-11 sýnir þá hafa orðið töluverðar breytingar á framleiðslu á Austfjörðum á tímabilinu. Sjávarútvegur hefur dregist saman í hlutfallslegri framleiðslu úr 41% í 23%, en stóriðja hefur aukist úr 1% í 24%. Opinber þjónusta hefur dregist töluvert saman. Það er í samræmi við töluverðan niðurskurð ríkisins í landshlutanum, en fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta hefur aukist í sama hlutfalli. Aðrir flokkar hafa staðið nokkuð óbreyttir. Mikilvægustu atvinnuvegirnir árið 2009 voru stóriðja og veitur, sjávarútvegur, fjármálaþjónusta og önnur þjónusta og opinber þjónusta.

### Mynd 9-11 Skipting á framleiðslu á Austfjörðum árið 2003 og 2009



### Egilsstaðir og Seyðisfjörður

Að endingu skoðum við þau svæði á Austurlandi þar sem mestur niðurskurður hefur átt sér stað. Hjá Menntaskóla Egilsstaða og starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Austurlands töpuðust samtals rúm 9

ársverk,<sup>24</sup> sem jafngildir 0,6% af íbúum Egilsstaða á aldrinum 16-74 ára. Á starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Austfjarða á Seyðisfirði og hjá Sýslumanninum á Seyðisfirði fækkaði ársverkum um 8,6, sem er 1,7% af 16-74 ára íbúum á Seyðisfirði.

**Tafla 9-3 Breytingar ársverka hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum, Sýslumanninum á Seyðisfirði og Heilbrigðisstofnun Austfjarða**

Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka karla	Breyting á fjölda ársverka kvenna
Menntaskólinn á Egilsstöðum	-7,7	-1,2	-6,5
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-7,3	-3,3	-4
Heilbrigðisstofnun Austfjarða <sup>1</sup>	-14,2	1,6	-15,8
<b>Samtals</b>	<b>-29,2</b>	<b>-2,9</b>	<b>-26,3</b>

<sup>1</sup> Hér er um að ræða breytingu á stofnunninni í heild sinni frá 2007 til 2011.

Heimild: Fjármálaráðneytið.


Ef við skoðum breytingu starfa hjá þessum stofnunum, sjá töflu 9-3, sést að ársverkum kvenna hefur fækkað mikið meira en ársverkum karla. Sérstaklega er munurinn mikill hjá Heilbrigðisstofnun Austfjarða þar sem ársverkum kvenna hefur fækkað um tæp 16 en ársverkum karla fjölgað um tæp 2. Þess má þó geta að hér er átt við breytingu allra ársverka stofnunarinnar en ekki einungis ársverk sem eiga við starfsstöðvarnar á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Skoðum nú hvort þessi niðurskurður hefur haft teljandi áhrif á íbúapróun og atvinnuleysi á þessum þéttbýlisstöðum.

## 9.6 Egilsstaðir og Seyðisfjörður

Egilsstaðir og Seyðisfjörður eru mikilvægir þéttbýlisstaðir á Austurlandi og þróunin á þessum stöðum segir mikið um áhrif niðurskurðarins á lífskjör í fjórðungnum. Fyrst lítum við á íbúapróun á Egilsstöðum og Seyðisfirði, en hana má sjá á mynd 9-12. Þróunin hefur verið mjög ólík á þessum tveim þéttbýlisstöðum. Á Seyðisfirði hefur íbúum farið fækkandi stærstan hluta tímabilsins og má sjá aukinn hraða fólksfækkunar upp úr hruni. Því er hægt að álykta að niðurskurður hins opinbera hafi haft slæm áhrif á þróun íbúafjölda á svæðinu. Aftur á móti hefur íbúum fjölgað Egilsstöðum mestallt tímabilið. Íbúum fjölgar mikið á árum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi en síðan stendur íbúafjöldinn að mestu í stað. Árið 2011 var síðan lítilsháttar fækkun. Út frá þessum gögnum er ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að niðurskurður ríkisins hafi haft neikvæð áhrif á íbúapróun á Egilsstöðum.

<sup>24</sup> Ársverk hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands eru reiknuð út frá breytingu á stöðugildum frá 2009 til 2011. Erfitt getur reynst að staðsetja sumar þeirra stofnanna sem eru listaðar í töflu 2-22. En vitað er með vissu að þessar tvær stofnanir eru staðsettar á Egilsstöðum.


Mynd 9-12 Íbúapróun á Egilsstöðum og Seyðisfirði



Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á þróun meðalaldurs en hann hefur farið hækkandi bæði á Egilsstöðum og á Seyðisfirði, sjá mynd 9-13. Meðalaldur á Egilsstöðum hefur verið lægri en landsmeðaltalið allt tímabilið. Litlar breytingar urðu á meðalaldrinum frá 2002 til 2008, en eftir hrun tók hann að hækka á ný. Aftur á móti hefur meðalaldur á Seyðisfirði verið hærri en landsmeðaltalið allt tímabilið og hefur munurinn aukist töluvert. Upp úr hruni tók meðalaldurinn að hækka enn hraðar. Sjá má að eftir að kreppan skall á hefur breyting orðið á hraða hækkunar á meðalaldri á báðum stöðum. Ekki er óhugsandi að niðurskurður ríkisins hafi haft áhrif hér á þó að framkvæmdarlok spili einnig inni þessa þróun.


Mynd 9-13 Meðalaldur á Egilsstöðum og Seyðisfirði



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst skoðum við hlutfall 20-40 ára íbúa á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Eins og sést á mynd 9-14 var hlutfallið svipað á báðum stöðum en síðan lækkar hlutfallið á Seyðisfirði skart en helst nokkuð stöðugt á Egilsstöðum. Frá upphafi uppsveiflunnar hefur hlutfall 20-40 ára íbúa verið nokkuð jafnt á Seyðisfirði en upp úr kreppunni tók hlutfallið að lækka á Egilsstöðum.

**Mynd 9-14 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Egilsstöðum og Seyðisfirði**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst skoðum við fjölda kvenna á hverja 100 karla á Egilsstöðum og Seyðisfirði, sjá mynd 9-15. Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Egilsstöðum er í kringum 100 á fyrrihluta tímabilsins en árið 2007 hrinur hlutfall kvenna og er þá fjöldinn orðinn undir 90 á hverja 100 karla en þessa snöggu breytingu má útskýra með fjölgun karla á svæðinu vegna stóriðjuframkvæmdanna. Síðan hækkar hlutfallið á ný í um 95 konur á 100 karla og helst nokkuð óbreytt út tímabilið. Hlutfallið á Seyðisfirði hefur ekki verið jafnsveiflukennt, árið 1998 var það yfir 100 konur á hverja 100 karla en lækkaði síðan fram til 2006, eftir það hækkaði það lítillega en tók svo að lækka á ný árið 2008. Tölurnar fyrir Egilsstaði benda ekki til þess að niðurskurður hins opinbera hafi haft áhrif á hlutfall kvenna, en aftur á móti lækkar hlutfallið töluvert upp úr hruni á Seyðisfirði og er ekki ólíklegt að niðurskurðurinn hafi haft áhrif þar á, þar sem konur misstu í meira mæli atvinnu sína.




### Mynd 9-15 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Egilsstöðum og Seyðisfirði



Heimild: Hagstofa Íslands.

Að lokum lítum við á atvinnuleysi á Fljótsdalshéraði (en Egilsstaðir eru hluti af því sveitarfélagi) og Seyðisfirði, en það má sjá á mynd 9-16. Atvinnuleysi á Fljótsdalshéraði hefur verið lægra en atvinnuleysi á öllu landinu yfir allt tímabilið, það hækkar við hrunið en tekur að lækka á ný árið 2011, atvinnuleysi kvenna er hærra en karla og gefur það til kynna að niðurskurður ríkisins hafi haft áhrif á atvinnuleysið í Fljótsdalshéraði. Atvinnuleysi er samt sem áður langt undir landsmeðaltali. Atvinnuleysi á Seyðisfirði hefur á tímabilinu yfirleitt verið heldur hærra en á Fljótsdalshéraði en lægra en landsmeðaltalið. Atvinnuleysi á Seyðisfirði hækkar upp úr hruni líkt og annarsstaðar en atvinnuleysi kvenna er mun lægra en karla. Skýringuna er líklega að finna í því að hlutfall kvenna lækkaði uppúr hruni á Seyðisfirði og því hafa þær konur sem misstu vinnuna líklega flutt burt af svæðinu.


Mynd 9-16 Atvinnuleysi á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði



Heimild: Hagstofa Íslands.

Líkt og áður kom fram varð niðurskurður á Heilbrigðisstofnun Austurlands. Skoðum nú kostnað íbúa á Egilsstöðum og Seyðisfirði sem nú þurfa ef til vill að leita annað en í heimabyggð eftir lækniþjónustu. Byrjum á að skoða kostnaðinn fyrir íbúa Seyðisfjarðar en þeir gætu leitað til Egilsstaða, Akureyrar eða Reykjavíkur. Leiðin frá Seyðisfirði til Egilsstaða er 28 km sem tekur þá um 20 mínútur að aka en á leiðinni þarf að fara yfir Fjarðarheiði sem er bæði brött og seinfarin og því líklegt að það taki lengri tíma að fara þessa leið, sérstaklega að vetri til. Vetrarþjónusta er á heiðinni alla daga vikunnar. Kostnaður yrði því um 3.400 kr. Ef aka á til Akureyrar þarf í upphafi að keyra til Egilsstaða og síðan til Akureyrar, á leiðinni frá Egilsstöðum til Akureyrar þarf að aka ýmsa varhugaverða vegi, til dæmis Möðrudalsöræfi, Mývatnsheiði, Fljótsheiði og Víkurskarð, sjá mynd 9-17. Leiðin er að miklu leyti yfir hálendi og þar af leiðandi getur færð og veður sett strik í reikninginn. Hálendisvegurinn er þjónustaður sex daga vikunnar að vetri til en láglendisvegir alla daga vikunnar á milli þessara staða. Leiðin er 291 km og tekur því um 3 klst. og korter. Kostnaður við ferðina yrði þá um það bil 35.700 kr.

### Mynd 9-17 Varhugaverðir vegir á Austurlandi



Heimild: Vegagerðin.

Líkt og sést á mynd 9-17 er hættu á vindhviðum á suðurhluta Austfjarða, eins er víða um landsfjórðunginn hættu á grjóthruni og snjóflóðum.

Til Reykjavíkur eru 738 km ef farin er suðurleiðin sem tekur þá um 8 klst. og tíu mínútur<sup>25</sup>. Á leiðinni þarf að aka um Hvalnesskriður og Þvottárskriður þar sem mikið er um grjóthrun. Einnig þarf að fara um Skeiðarársand og Mýrdalsand þar sem oft eru sandfok í slæmum veðrum. Að lokum þarf að aka yfir Hellisheiði sem getur verið þungfær að vetri til. Þessari leið er sinnt 6 og 7 daga vikunnar. Heildarkostnaður þessarar ferðar eru rúm 90.000 kr. Líklegt er að flug frá Egilsstöðum yrði frekar fyrir valinu. Meðalverð á flugi aðra leiðina er 15.478 kr.<sup>26</sup> og tekur flugið 1 klst. aðra leiðina en gera má ráð fyrir að um 1,5 klst. líði frá því að komið er á flugvöllinn á brottfarastað og þar komið er út af honum á áfangastað. Kostnaður við heildarferð er þá 26.000 kr. Líklegt er að um vanmat sé að ræða hér þar sem flugferðir passa líklega ekki nákvæmlega við lækna tíma. Einnig bætist við fargjald vegna leigubíls eða strætisvagns þar sem maður sem kemur fljúgandi er bíllaus í Reykjavík.

<sup>25</sup> Einnig væri hægt að aka norðurleiðina sem er örlítið styttri, en torveldari sérstaklega að vetri til.

<sup>26</sup> Meðalverð allra fargjalda þann 29. nóvember 2012 hjá Flugfélagi Íslands, miðað er við að jafn mörg sæti séu seld í hverjum verðflokki.

Í töflu 9-4 má sjá vegalengdir tíma og kostnað við ferðir frá Egilsstöðum og Seyðisfirði til Akureyrar og Reykjavíkur. Sjá má að kostnaður við það að fljúga til Reykjavíkur er mun minni en að aka og því er líklegt að sá valkostur sé valinn ef leita þarf til læknis, sérstaklega ef fólk er eitt á ferð.

**Tafla 9-4 Vegalengdir og kostnaður frá Seyðisfirði og Egilsstöðum**

	Vegalengd <sup>1</sup> Tími	Kostnaður
<b>Seyðisfjörður</b>		
Farið til Egilsstaða	56 37 mín.	3.434 kr.
Farið til Akureyrar	582 6 klst. og 28 mín.	35.694 kr.
Farið til Reykjavíkur akandi	1476 16 klst. og 24 mín.	90.523 kr.
Farið til Reykjavíkur með flugi	56 3 klst. og 37 mín.	42.490 kr.
<b>Egilsstaðir</b>		
Farið til Akureyrar	528 5 klst. og 52 mín.	32.382 kr.
Farið til Reykjavíkur akandi	1420 15 klst. og 47 mín.	87.089 kr.
Farið til Reykjavíkur með flugi	0 3 klst.	39.056 kr.

<sup>1</sup>Vegalengd í báðar áttir

Mikilvægt er að hafa í huga að oft getur verið slæmt ferðaveður frá Austurlandi, sérstaklega að vetri til, bæði á landi og í lofti. Við vissar aðstæður getur komið upp sú staða að hvorki er hægt að fljúga né keyra og því getur niðurskurður hjá Heilbrigðisstofnun Austfjarða skapað mikla hættu og óöryggi fyrir íbúa á svæðinu.

## 9.7 Samantekt

Á Austurlandi fækkaði ársverkum á vegum ríkisins um 26 frá 2007 til 2011. Íbúum svæðisins hefur fækkað frá hrúni að undanskilinni lítilli fjölgun frá 2011 til 2012, meðalaldur hefur hækkað og hlutfall 20-40 ára íbúa lækkað að undanskildu árinu 2012. Lok stóriðjuframkvæmda skipta hér mestu máli. Ríkisstarfsmönnum fækkaði mun minna en íbúum á tímabilinu. Atvinnuleysi jókst í kjölfar hrunsins og er atvinnuleysi kvenna meira en karla. Atvinnuleysi á Austfjörðum er þrátt fyrir þessa aukningu minna en landsmeðaltalið. Mestur niðurskurður hefur átt sér stað á Egilsstöðum og á Seyðisfirði, t.d. fækkaði starfsmönnum á starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Austurlands á báðum þessum stöðum. Ef íbúar þessara svæða þurfa að leita sér læknisaðstoðar til Akureyrar getur það kostað rúmlega 30 þúsund krónur og ef fara þarf til Reykjavíkur er kostnaðurinn um 40 þúsund ef farið er með flugi en um 90 þúsund krónur ef farið er akandi.

## 10 Suðurland

Nú lítum við á hvernig niðurskurður hjá ríkinu hefur haft áhrif á Suðurland. Ekki er alveg ljóst hvernig fjöldi ársverka hjá ríkinu hefur breyst á Suðurlandi vegna óvissu í fjölda ársverka Háskóla Íslands árið 2011 en eftir leiðréttingu má ætla að um 79 ársverk hafi skapast á Suðurlandi á tímabilinu 2007 til 2011, en það eru 0,46% af íbúum svæðisins á aldrinum 16-74 ára. Til samanburðar er aukning opinberra ársverka á landinu öllu 0,09%. eru Suðurland, Suðurnes og höfuðborgarsvæðið þeir landshlutar þar sem ársverkum hefur fjölgað. Skoðum nú hvort þessi aukning hefur haft jákvæð áhrif á íbúaþróun, atvinnuleysi, útsvar, hagvöxt og hafi haft í för með sér breytingar á framleiðsluskiptingu landshlutans.

### 10.1 Ársverk ríkisstarfsmanna

Tafla 10-1 sýnir skiptingu ríkisstarfsmanna á Suðurlandi árið 2007 og 2011. Taflan sýnir að ársverkum hjá ríkinu fjölgaði um 78,8. Hér hefur verið leiðrétt vegna Fjölbrotarskóla A-Skaftafellssýslu (en eins og áður segir voru tölur fyrir árið 2007 inni í töflunni fyrir Austurland). Ársverkum fjölgaði á vegum allra ráðuneytanna fyrir utan menntamálaráðuneytið, en þar varð 1,4 ársverka fækkun þegar skekkjan vegna Fjölbrotarskóla A-Skaftafellssýslu hefur verið leiðrétt og tölur fyrir ársverk Háskóla Íslands á landsbyggðinni hafa verið áætlaðar.

Tafla 10-1 Fjöldi starfsmanna ríkisins á Suðurlandi árið 2007 og 2011

	Fjöldi starfsmanna 2007	2011	Breyting milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóli Íslands	22,7	10,3 <sup>1</sup>	-12,4
Menntaskólinn að Laugarvatni	18,7	19,5	0,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	27,9	28,8	0,9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	95,4	100	4,6
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	14	17	3
Framhaldsfræðsla	4,6	6,3	1,7
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	4	1
Matvælastofnun	32	44,8	12,8
Suðurlandsskógar	6,4	5,2	-1,2
Veiðimálastofnun	2	2,2	0,2
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	5,3	6	0,7
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	4,5	5	0,5
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	14	17	3
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	22,3	18,3	-4
Sýslumaðurinn á Selfossi	43,9	44,1	0,2
Fangelsismálastofnun ríkisins	56,5	73	16,5
Vegagerðin	32,2	31,5	-0,7
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	4,8	5	0,2
Landspítali	28,9	39,4	10,5
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	74,4	67,7	-6,7
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	198,7	223,3	24,6
Barnaverndarstofa	0	18,4	18,4
Vinnumálastofnun	4,5	4,4	-0,1
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	17,4	14,8	-2,6
Tollstjórinn	0	3	3
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	1	1
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	0	1	1
Landgræðsla ríkisins	46,4	47,3	0,9
Hekluskógar	0	1	1
<b>Samtals</b>	<b>766,5</b>	<b>859,3</b>	<b>92,8</b>
<b>Samtals eftir leiðréttingu</b>	<b>780,5</b>	<b>859,3</b>	<b>78,8</b>

<sup>1</sup>Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.


Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Taka skal þessar niðurstöður með fyrirvara þar sem árið 2011 voru engin ársverk skráð á landsbyggðina hjá Háskóla Íslands en aftur á móti voru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk á landsbyggðinni fyrir Háskóla Íslands eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7. Því er hægt að áætla að ársverk Háskólans á landsbyggðinni hafi fækkað um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Ekki fengust nánari upplýsingar um staðsetningu þessara starfa og því var gert ráð fyrir að hlutfallsleg fækkun hefði verið jöfn á þeim þrem stöðum á landsbyggðinni þar sem ársverk voru skráð árið 2007. Í öðrum skólum á Suðurlandi fjölgaði ársverkum lítillega, mest í Fjölbautarskóla Suðurlands en þar fjölgaði þeim um 4,6. Töluverðar breytingar urðu á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, þar stendur hæst 12,8 ársverka fjölgun hjá Matvælastofnun. Eins urðu talsverðar breytingar hjá innanríkisráðuneytinu þar sem ársverkum fjölgaði til dæmis um 16,5 hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Mest fjölgaði ársverkum hjá stofnunum sem heyra undir Velferðarráðuneytið, á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fjölgaði ársverkum um 24,6 og um 18,4 hjá Barnaverndarstofu og um 10 hjá Landsspítala. Aftur á móti fækkaði ársverkum um 6,7 á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Litlar breytingar urðu hjá stofnunum sem tilheyra öðrum ráðuneytum.

## 10.2 Íbúafjöldi og samsetning

Við byrjum á að líta á þróun á íbúafjölda. Íbúafjöldi á Suðurlandi óx hratt frá 1998 og fram að hruni, en eftir það hefur íbúafjöldi dregist lítillega saman, líkt og sést á mynd 10-1. Því er að sjá að þótt ársverkum ríkisins hafi fjölgað hafi það ekki náð að sporna við fólksfækkun. Nokkuð algengt hefur verið að fólk á Selfossi og þar í kring hafi sótt vinnu til Reykjavíkur en hækkun eldsneytisverðs og lækkun húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur eflaust stuðlað að því að Sunnlendingar flyttust til höfuðborgarinnar í meira mæli. Ekki er ólíklegt að fólksfækkunin hefði orðið meiri ef ársverkum ríkisins á svæðinu hefði fækkað. Íbúafjöldi árið 1998 var 20.489 íbúar en árið 2012 voru íbúarnir 23.743.


Mynd 10-1 Íbúapróun á Suðurlandi



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að átta sig betur á breytingum á íbúafjölda skoðum við næst áhrifaþætti fólksfjöldaþróunarinnar, en hana er að sjá á mynd 10-2. Fjöldi fæddra umfram dána hefur lítið breyst yfir tímabilið. Í uppsveiflunni fluttu fleiri á svæðið en frá því. Viðsnúningur varð við hrunið og þá fluttu mun fleiri frá Suðurlandi en til þess, sérstaklega á þetta við árið 2009.

Mynd 10-2 Áhrifaþættir fólksfjöldaþróunar (vinstri ás) og heildarfólksfjöldi (hægra ás) á Suðurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á þróun meðalaldurs á svæðinu, en hana má sjá á mynd 10-3. Meðalaldur á Suðurlandi hækkaði um rúm 3,5 ár frá árinu 1998 til 2012. Árið 1998 var meðalaldur 33,5 ár en árið



2012 var hann kominn upp í 37,1 ár. Þróun meðalaldurs á Suðurlandi hefur verið mjög áþekk þróuninni á landinu öllu, í upphafi tímabilsins var meðaldurinn ögn lægri á Suðurlandi en á landinu öllu en í kringum hrúnið varð viðsnúningur þar á og í ársbyrjun 2012 er tæpur ársmunur á meðalaldrinum. Upp úr bankahruninu fer meðalaldur á Suðurlandi hraðar hækkandi, og því má ætla að yngra fólk hafi flutt í meira mæli af svæðinu en eldra fólk.


**Mynd 10-3 Meðalaldur íbúa á Suðurlandi**



*Heimild:* Hagstofa Íslands.

Nú lítum við á hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Suðurlandi, en þetta hlutfall er annar mælikvarði á aldursdreifingu. Hlutfallið hefur farið lækkandi, árið 1998 var það 29,8% en árið 2012 var hlutfallið komið niður í 26,5%, eins og sést á mynd 10-4. Hlutfallið hefur allan tímann verið undir landsmeðaltalinu, í upphafi var það um tveim prósentustigum lægra, en bilið hefur síðan aukist og er nú komið í um þrjú prósentustig. Uppúr bankahruninu lækkar hlutfallið hraðar. Styður það enn frekar þá ályktun að yngra fólk hafi flust í meira mæli frá Suðurlandi en eldra fólk.


### Mynd 10-4 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa á Suðurlandi



Heimild: Hagstofa Íslands.

Til að skoða betur aldursdreifingu Suðurlands teiknum við upp aldurspíramída fyrir svæðið. Mynd 10-5 sýnir aldurspíramída fyrir byrjun árs 2012. Honum svipar nokkuð til píramída fyrir Austurland. Færri eru á aldrinum 25-34 ára en á landinu öllu og heldur færri börn yngri en 5 ára.


### Mynd 10-5 Aldurspíramídi fyrir Suðurland



Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst lítum við á þróun fjölda kvenna á hverja 100 karla á Suðurlandi, sjá mynd 10-6. Hlutfall kvenna á Suðurlandi hefur verið töluvert lægra en karla allt tímabilið eða um 92 til 94 konur á hverja 100 karla. Þróunin á hlutfallinu hefur verið nokkuð áþekk þróuninni á landinu öllu, það er hlutfall kvenna lækkaði í uppsveiflunni en hækkaði á ný við hrunið.

Mynd 10-6 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Suðurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

### 10.3 Atvinnuleysi

Atvinnuleysi er mikilvægur mælikvarði á stöðu landshluta og því skoðum við það næst. Á mynd 10-7 má sjá þróun atvinnuleysis á Suðurlandi. Atvinnuleysi hjá konum var hærra en hjá körlum stóran hluta af tímabilinu, en árið 2009 snérist það við. Á árunum 1998 til 2008 sveiflaðist atvinnuleysi frá 0,7% til 2,6%. Atvinnuleysi jókst verulega árið 2009 og árið 2010 náði það hámarki í 6%. Árið 2011 var atvinnuleysi síðan komið niður í 5,4%. Hér má sjá að þrátt fyrir fjölgun ársverka hins opinbera á svæðinu þá jókst atvinnuleysi töluvert við hrunið. Atvinnuleysi á Suðurlandi er þó dálítið lægra en á landinu öllu.

Mynd 10-7 Þróun atvinnuleysis á Suðurlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

## 10.4 Útsvar og launaþróun

Útsvarstekjur gefa vissa mynd af launatekjum. Eins og sjá má á mynd 10-8 hefur útsvar á mann á Suðurlandi farið lækkandi frá 2007 til 2010 líkt og annars staðar á landinu.

Mynd 10-8 Útsvar á mann á Suðurlandi




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Árið 2007 var útsvarið tæpar 425.000 kr. á mann en útsvar var hærra það ár í tveim landshlutum, á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Árið 2010 var útsvarið komið niður í tæpar 365.000 kr. sem var næsthæsta útsvar á mann á landinu það ár.

## 10.5 Hagvöxtur

Nú er ekki úr vegi að skoða hagvöxt á Suðurlandi, en hann sést á mynd 10-9. Hagvöxturinn hefur sveiflast frá 8% árið 2005 niður í -3% árið 2009. Athyglisvert er að sjá að hagvöxtur fellur árið 2007 en rís á ný árið 2008. Ekki er hægt að sjá hvort stefnubreyting varð við hrunið þar sem gögnin ná ekki yfir nægilega langt tímabil.

Mynd 10-9 Hagvöxtur á Suðurlandi




Heimild: Bygðastofnun.

## 10.6 Framleiðsla


Að síðustu lítum við á skiptingu framleiðslu á Suðurlandi árin 2003 og 2009, sjá mynd 10-10. Stærstu breytingarnar milli þessara ára eru að opinber þjónusta hefur dregist saman um 6 prósentustig þrátt fyrir fjölgun ársverka hjá ríkinu í landshlutanum. Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta jókst um 9 prósentustig og sjávarútvegur dróst saman um 3 prósentustig. Stærstu atvinnuvegir Suðurlands árið 2009 voru fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta, opinber þjónusta og sjávarútvegur.

## Mynd 10-10 Skipting á framleiðslu á Suðurlandi árið 2003 og 2009

Skipting framleiðslu á Suðurlandi 2003



Skipting framleiðslu á Suðurlandi 2009



### 10.7 Vestmannaeyjar

Að endingu skulum við skoða það svæði á Suðurlandi þar sem mestur niðurskurður hefur átt sér stað. Erfitt getur reynst að staðsetja ársverk eftir sveitarfélögum innan landshlutans. En eins og nöfnin gefa til kynna eru Framhaldsskólinn, Heilbrigðisstofnunin og Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum í Vestmannaeyjum. Í töflu 10-2 má sjá þær breytingar sem hafa orðið í þessum þrem stofnunum frá 2007 til 2011. Hér sést að 9,8 ársverk hafa glatast, en það eru 0,32% af 16-74 ára íbúum Vestmannaeyja, 7,3 hjá körlum og 2,5 hjá konum. Mest fækkaði ársverkum á Heilbrigðisstofnuninni.

**Tafla 10-2 Breyting á ársverkum í Framhaldsskóla, Heilbrigðisstofnun og Sýslumanni í Vestmannaeyjum**


Stofnun	Breyting á fjölda ársverka	Breyting á fjölda ársverka karla	Breyting á fjölda ársverka kvenna
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	0,9	-2,5	3,4
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	-6,7	-3,9	-0,1
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	-4	-0,9	-5,8
<b>Samtals</b>	<b>-9,8</b>	<b>-7,3</b>	<b>-2,5</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Fróðlegt er að skoða hvort þessi ársverkafækkun hefur haft teljandi áhrif á íbúapróun og atvinnuleysi á svæðinu.

Þegar þróun íbúafjölda í Vestmannaeyjum er skoðuð, sést að hún er mjög ólík þeirri þróun sem hefur átt sér stað á Suðurlandi öllu, sjá mynd 10-11 (en fólki hefur einkum fjölgað í Árnassýslu). Frá upphafi tímabilsins og að hruni fækkaði fólki mikið í Vestmannaeyjum en eftir það fór íbúum fjölgandi. Niðurskurðurinn hefur því aðeins dregið úr fjölgun fólks í bænum. Líkleg skýring á fólksfjölgun er mikil vinna í kringum sjávarútveg á svæðinu sem stendur nú vel vegna hagstæðs gengis krónunnar.


Mynd 10-11 Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Nú skoðum við meðalaldur í Vestmannaeyjum en hann hefur farið hratt hækkandi á tímabilinu, líkt og mynd 10-12 sýnir. Á þessu 13 ára tímabili hefur hann hækkað um rúm 5 ár sem er töluvert meiri hækkun en varð á Suðurlandi og á landinu öllu. Ekki verður mikil stefnubreyting á þróuninni við hrunið en þó er hægt að sjá að örlítið hægist á hækkun meðalaldurs eftir að kreppan skellur á.

Mynd 10-12 Meðalaldur í Vestmannaeyjum




Heimild: Hagstofa Íslands.

Næst lítum við á hlutfall 20-40 ára íbúa í Vestmannaeyjum, en hlutfallið sést á mynd 10-13. Hlutfallið fór hratt lækkandi frá árinu 1998 og að bankahruninu, á þessu tímabili jókst munurinn á hlutfallinu í

Vestmannaeyjum og á landinu öllu mikið. En upp úr hruni tekur hlutfallið að hækka á ný, það er á sama tíma og hægist á hækkun meðalaldursins.

**Mynd 10-13 Hlutfall 20-40 ára íbúa af heildarfjölda íbúa í Vestmannaeyjum**




Heimild: Hagstofa Íslands.

Því næst skoðum við fjölda kvenna á hverja 100 karla í Vestmannaeyjum, sjá mynd 10-14. Hlutfall kvenna hefur verið töluvert lægra í Vestmannaeyjum en á landinu öllu. Frá upphafi tímabilsins og fram að hruni sveiflaðist fjöldi kvenna á hverja 100 karla frá rúmlega 91,5 til tæplega 94,5. Frá 2008 til 2010 fór fjöldinn lækkanði og náði lágmarki í tæpum 90 konum, en árin 2011 en 2012 hefur hlutfallið hækkað á ný. Líklegt er að fleiri atvinnutækifæri fyrir karlmenn séu á svæðinu í kringum sjávarútveg og því eðlilegt að hlutfall kvenna hafi farið lækkanði.




### Mynd 10-14 Hlutfall karla í Vestmannaeyjum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Að endingu skulum við líta á þróun atvinnuleysis í Vestmannaeyjum. Á mynd 10-15 sést þróun atvinnuleysis frá 2000 til 2012, það skal hafa í huga að þessar atvinnuleysistöður eru ekki samanburðarhæfar við atvinnuleysi á Suðurlandi eins og það er sýnt á mynd 2-112. Atvinnuleysi í Vestmannaeyjum fylgdi nokkuð atvinnuleysi á landinu öllu fram að hruni. Árið 2009 hækkaði atvinnuleysi dálítið en tók síðan að lækka á ný, sem er sama þróun og á öllu landinu en hækkunin var þó mun minni í Vestmannaeyjum. Ekki er að sjá að niðurskurður hins opinbera hafi haft teljandi áhrif á atvinnuleysi í Vestmannaeyjum.

### Mynd 10-15 Atvinnuleysi í Vestmannaeyjum




Heimild: Vinnumálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Út frá myndum um íbúápróun og atvinnuleysi er ekki að sjá að niðurskurðurinn hafi haft mikil áhrif á sveitarfélagið. Meðalaldur hefur þó haldið áfram að hækka líkt og áður eftir hrun en það virðist hafa hægt örlítið á þeirri þróun.

Nú skoðum við kostnað Eyjamanna vegna læknisferða til Reykjavíkur, en eins og kom fram hér á undan varð niðurskurður á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Gæti það leitt til þess að fleiri íbúar þurfi að leita til Reykjavíkur eftir læknishjálp. Íbúar Vestmannaeyja hafa um tvennt að velja, fara með Herjólfni til Landeyjarhafnar og keyra þaðan eða fara með flugi. Ef fyrri leiðin er valin kostar ferðin aðra leið með Herjólfni 1.150 kr. fyrir fullorðinn og 1.840 kr. fyrir bíl.<sup>27</sup> Ferðin tekur 30 mínútur, en gera má ráð fyrir að um 70 mínútur líði frá því að komið er til hafnar á brottfarastað og þar til komið er úr höfn á áfangastað. Síðan þarf að keyra 136 km frá Landeyjarhöfn til Reykjavíkur, kostnaðurinn við akstur aðra leiðina verður því 4.261 kr.<sup>28</sup> Á leiðinni þarf að fara yfir Hellisheiði sem getur verið varasöm að vetri til, sjá mynd 2-121. Tími í vinnu sem tapast vegna ferðarinnar aðra leiðina er 1 klst. og 10 mínútur vegna ferju og 1 klst. og 30 mínútur vegna akstur til Reykjavíkur. Heildarkostnaður ferðar verður því 28.893 kr. Líklega er þetta vanmat því að ólíklegt er að ferðirnar með Herjólfni henti nákvæmlega læknistímanum.

#### Mynd 10-16 Varhugaverðir vegir á Suðvesturlandi



Heimild: Vegagerðin.

<sup>27</sup> Verð miðað við einn fullorðinn, ódýrara er fyrir börn, ellilífeyrisþega, öryrkja og skólafólk. Einnig eru ferðir ódýrari ef keypt eru afsláttarkort.

<sup>28</sup> Einnig er hægt að taka strætisvagn frá Landeyjarhöfn, ferðin aðra leið kostar 3.500 kr. Þá sparast kostnaður við bíl í Herjólfni en á móti kemur að ferðin tekur lengri tíma eða um 2 klst. og 20 mínútur aðra leiðina. Þá verður heildarkostnaður við ferðina 28.200 kr.

Mynd 10-16 sýnir að nokkur hætta er á sandfoki á hluta leiðar um Suðurland. Einnig er hætta á vindhviðum á Kjalarnesi og við Hafnarfjall. Veðráttá kringum Kjalarnes og Hafnarfjall hefur ekki áhrif á íbúa Suðurlands þegar þeir leita til Reykjavíkur, en aftur á móti hafa þessi tvö svæði gríðarleg áhrif á íbúa Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands líkt og hefur komið fram í köflunum hér á undan.

Seinni kosturinn fyrir íbúa Vestmannaeyja er að fljúga beint til Reykjavíkur. Meðalverð á flugi aðra leiðina er 10.300 kr.<sup>29</sup> og tekur flugið 20 mínútur aðra leiðina. Gera má ráð fyrir að um 60 mínútur líði frá því að komið er á flugvöllinn á brottfarastað og þar til farið er frá flugvelli á áfangastað. Því reiknast vinnutap við ferðina aðra leið sem 2.700 kr. Kostnaður við heildarferð er þá 26.000 kr. Einnig er líklegt að um vanmat sé að ræða hér þar sem flugferðir passa líklega ekki nákvæmlega við læknatíma, auk þess bætist við fargjald vegna leigubíls eða strætisvagns, þar sem maðurinn er bíllaus í Reykjavík.

Mikilvægt er að hafa í huga að flug og siglingar Herjólfss falla oft niður vegna veðurs, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Sjúkraflug með flugvél eða þyrlu er þó mögulegt í verri veðrum, þannig að ef um alvarleg veikindi að slys er að ræða ætti stundum að vera möguleiki að komast á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þó svo að áætlunarferðir falli niður.<sup>30</sup> Sjúkraflug er aftur á móti kostnaðarsamt sérstaklega ef þyrla þarf að koma á svæðið. En við vissar aðstæður getur komið upp sú staða að ekki er hægt að fljúga né sigla og getur því niðurskurður hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja skapað mikla hættu og óöryggi fyrir íbúa á svæðinu.

## 10.8 Samantekt

Á Suðurlandi hefur ársverkum fjölgað hjá ríkinu á tímabilinu 2007 til 2011. Þrátt fyrir það hefur íbúum þar fækkað eftir hrun. Það skýrist af miklum fólksflutningum frá svæðinu. Eftir bankahrunið hefur meðalaldur hækkað hraðar og hlutfall 20-40 ára lækkað hraðar. Atvinnuleysi hefur einnig hækkað líkt og annarsstaðar á landinu. Líklegt er að íbúaþróun og þróun atvinnuleysis hefði orðið enn neikvæðari ef ekki hefði komið til fjölgunar opinberra starfa. Mestur niðurskurður á svæðinu varð í Vestmannaeyjum til dæmis á Heilbrigðisstofnuninni. Ef íbúar Vestmannaeyja þurfa að leita læknishjálpar til Reykjavíkur í stað Vestmannaeyja kostar það aukalega tæpar 29.000 kr. ef farið er með Herjólfni eða 26.000 kr. ef farið er með flugi.

---

<sup>29</sup> Meðalverð allra fargjalda þann 14. nóvember 2012 hjá Flugfélaginu Erni, miðað er við að jafn mörg sæti séu seld í hverjum verðflokki.

<sup>30</sup> Eins getur sú staða komið upp með stuttum fyrirvara að siglt verði til og frá Þorlákshöfn en ekki Landeyjarhöfn. Sú ferð tekur mun lengri tíma og getur einstaklingur þá lent í því að missa af læknatíma sínum.

## 11 Samantekt helstu niðurstaðna

Hér að framan hefur verið horft á áhrif efnahagshrunsins og niðurskurðar ríkisútgjalda. Þess ber að geta að í sumum tilfellum voru gögn nokkuð óreiðanleg og því ber að taka niðurstöðurnar með fyrirvara. Þegar samfélagið í heild er skoðað hefur fjölda ársverka hjá ríkinu fjölgað um 198, milli ára 2007 til 2011 en fjárheimildir dregist saman um rúma 27 milljarðar. Á heildina litið er því ljóst að niðurskurðurinn hefur frekar bitnað á öðrum þáttum en fjölda starfsmanna. Niðurskurðurinn hefur til dæmis komið fram í lækkun launa og skertri þjónustu. Niðurskurðurinn er því alls ekki mikill á heildina litið. Raunar væri nær að segja að tekist hafi að halda aftur af þenslu í rekstri ríkisins á þessum árum en að reksturinn hafi verið skorinn niður. Hjá einstökum stofnunum getur samdrátturinn þó verið umtalsverður. Mestur niðurskurður í ársverkum hefur verið hjá stofnunum á vegum Velferðarráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis. Aftur á móti hefur starfsmönnum fjölgað mest í stofnunum Menntamálaráðuneytis og Umhverfisráðuneytis. Í krónum talið var mest skorið niður hjá stofnunum sem heyra undir Innanríkisráðuneytið, en sá liður sem mest óx voru vaxtagjöld ríkissjóðs.

Áhrif efnahagshrunsins geta komið mismunandi fram hjá kynjunum. Ársverkum í opinberum störfum karla hefur fjölgað um 114 frá 2007 til 2011, en ársverkum kvenna hefur fjölgað um 81 á sama tíma. Atvinnuleysi er nú mikið í sögulegu samhengi. Árið 2011 var skráð atvinnuleysi 7,4% af mannafla. Lengi vel voru fleiri konur atvinnulausar en karlar, en árið 2009 varð viðsnúningur þar á og er atvinnuleysi kvenna minna en karla. Meginskýringin á þessu mikla atvinnuleysi karla var hátt hlutfall þeirra í byggingariðnaði, en einnig má nefna að karlar voru í meirihluta þeirra sem misstu vinnuna í fjármálafyrirtækjum eftir hrun. Niðursveifla á almennum vinnumarkaði kemur oft þyngra niður á körlum. Niðurskurður hjá hinu opinbera kemur aftur á móti oft á tíðum harðar niður á konum, þar sem þær eru meirihluti ríkisstarfsmanna. Niðurskurður hins opinbera kemur fram síðar en niðurskurður á almennum vinnumarkaði. Í lok árs 2011 hafði atvinnuleysi lækkað töluvert frá hruni, atvinnuleysi kvenna var minna en karla, en atvinnuleysi karla hefur minnkað hraðar. Annað sem hafa skal í huga þegar litið er til niðurskurðar hins opinbera, og þá sérstaklega í velferðarkerfinu, er hver muni í raun sinna þeim störfum sem skorin eru niður. Þörfin fyrir ummönnun aldraðra, barna og fatlaðra hverfur ekki þó að felld séu niður störf á þeim stofnunum sem hingað til hafa sinnt þeim. Oft á tíðum lendir þetta hlutverk á konum og þær taka því á sig vinnu sem ekki fæst greitt fyrir og þurfa ef til vill að minnka við sig launavinnu. Álag á konur mun því aukast og ríkið verður af skatttekjum vegna minni launaðrar vinnu, bæði frá þeim sem áður unnu þessi störf og þeim sem nú vinnur starfið launalaust.

Efnahagshrunið hefur haft mismunandi áhrif á einstaka landshluta. Ef breyting á fjölda ársverka hjá ríkinu eru skoðuð sést að þeim hefur fækkað mest á Norðurlandi eystra. Næstmest fækkun varð á

Austurlandi, en ársverkum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu. Þegar fjöldi íbúa hvers svæðis er tekinn með í útreikningana sést að starfsmönnum á íbúa fjölgað hvað mest á Suðurlandi og því næst á Suðurnesjum. Mest fækkaði ársverkum hjá ríkinu á íbúa á Norðurlandi vestra, næstmest á Austurlandi, sjá töflu 14-1.

**Tafla 14-1 Hlutfall breytingar á fjölda ársverka af fjölda íbúa á bilinu 16 til 74 ára í hverju umdæmi**

	Höfuðborgar- svæðið	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Óstaðsett	Allt landið
Fjöldi ársverka	95,3	52,2	-20,9	-6,2	-25,6	-55,5	-25,8	78,8	106,1	198,4
Hlutfall af fjölda íbúa	0,06%	0,35%	-0,19%	-0,12%	-0,49%	-0,27%	-0,29%	0,46%	-	0,09%

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Athyglisvert er að þau svæði sem ekki hafa orðið fyrir niðurskurði hvað varðar ársverkfjölda eru höfuðborgarsvæðið, og landshlutarnir í kring, það er Suðurnes og Suðurland. Eru þetta þau landssvæði sem hafa verið hvað best sett hvað varðar íbúaþróun. Aftur á móti hefur til að mynda Norðurland vestra lent í miklum niðurskurði en sá landshluti átti undir högg að sækja hvað varðar íbúaþróun fyrir bankahrún.

Ef ríkisstofnanir eru skoðaðar hver fyrir sig má sjá að ársverkum fækkar mest hjá Landsspítalanum og næstmest hjá Tryggingarstofnun. Þær fimm stofnanir sem mest fækkun hefur orðið á ársverkum eru á höfuðborgarsvæðinu, en á stofnunum á landsbyggðinni fækkaði starfsmönnum mest á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Við höfum séð að mikill niðurskurður hefur orðið í heilbrigðiskerfinu. Þegar niðurskurður þar er skoðaður í heild er þarft að velta fyrir sér ýmsum hliðum hans, ekki einungis töpuðum störfum heldur líka hvaða áhrif niðurskurðurinn getur haft á fjárhagsleg útgjöld íbúa og byggðarlags þar sem þjónustan er verulega skert.

Hér að framan hefur verið reiknaður út áætlaður kostnaður manns sem þarf að leita útfyrir heimabyggð eftir lækniþjónustu og þá oft til Reykjavíkur eða Akureyrar. Þar getur í mörgum tilvikum verið um verulegt vanmat að ræða, því að oft fara aðstandendur með sjúklingnum. Til að mynda geta aldraðir og börn sjaldnast ferðast ein og ekki er hægt að aka bíl eftir sumar aðgerðir eða rannsóknir. Einnig þarf ósjaldan að gista yfir nótt ef um langt ferðalag er að ræða og bætist þá við gistikostnaður og meira vinnutap. Hversu mikinn aukakostnað þessi hagræðingi hefur í för með sér fyrir íbúa landsbyggðarinnar, fyrirtæki og atvinnurekendur sem missa þetta fólki úr vinnu tímabundið er erfitt að segja til um með nákvæmri vissu. Gæti verið að þetta hefði neikvæða áhrif á hagvöxt þessara svæða? Eins er athyglisvert að sjá að þær heilbrigðisstofnanir sem ekki hafa lent í sjáanlegum niðurskurði, heldur hefur ársverkum fjölgað verulega er á Suðurnesjum og Selfossi en íbúar þessara svæða ættu að eiga auðveldast með að sækja þjónustu til Reykjavíkur. Niðurskurðurinn á

landsbyggðinni veldur síðan auknu álagi á heilbrigðisstofnanirnar á Akureyri og Reykjavík sem þó hafa einnig lent í miklum niðurskurði.

## 12 Heimildaskrá

Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson (2003). *Byggðir og búseta, þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Ásgeir Ásgeirsson 2012a. 28 september (2012). Tölvupóstur.

Ásgeir Ásgeirsson 2012b. 10 október (2012). Tölvupóstur.

Ásgeir Jónsson (2003). *Leyndardómur Þéttbýlismyndunar*. Sótt 24. maí 2012 af [https://notendur.hi.is/ajonsson/kennsla2003/Kynning\\_akureyri.ppt](https://notendur.hi.is/ajonsson/kennsla2003/Kynning_akureyri.ppt)

Byggðastofnun (2011). Hagvöxtur landshluta 2004-2009. Sótt 28. nóvember 2012 af [http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur\\_landshluta\\_2004\\_-\\_2009.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004_-_2009.pdf)

Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson (2010). *Efnahags- og samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða*. Skýrsla unnin fyrir grasrótahóp á norðanverðum Vestfjörðum.

Edward H. Huijbens (2010). Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstjórar), *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*. (bls. 93-105). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Elín Gróa Karlsdóttir, Sigríður K. Þórgrímsdóttir, Sigríður E. Þórðardóttir og Sigurður Árnason (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir (2011). Konur í kreppu? *Samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna*. Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina.

Fjármálaráðuneytið (ódagsett). *Lykiltölur um starfsmenn og stofnanir ríkisins*. Sótt 31. ágúst 2012 af <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/almennt/starfsm-stofnanir>

Flugmálastjórn (ódagsett). *Saga Flugmálastjórnar*. Sótt 28. nóvember 2012 af <http://www.caa.is/Flugmalastjorn/SagaFlugmalastjornar>

Gunnar Björnsson (2012a). 18. október 2012. Samtal.

Gunnar Björnsson (2012b). 18. október 2012. Tölvupóstur.

Hafsteinn Sæmundsson (2012). 10. október 2012. Samtal.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2011). *Þróun á húsnæðismarkaði og samanburður við önnur lönd* skýrsla Hagfræðistofnunar fyrir Íbúðalánasjóð.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2012). *Verðþróun eftir landshlutum* óbirt skýrsla Hagfræðistofnunar fyrir Íbúðalánasjóð.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi (ódagsett). Sótt 28. nóvember 2012 af [www.hsb.is](http://www.hsb.is)

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki (ódagsett). Sótt 28. Nóvember 2012 af [www.hskrokur.is](http://www.hskrokur.is)

Hugrún Helgadóttir 2012. 18. október 2012. Samtal.

Rannsóknar- og þróunarstöð Háskólans á Akureyri (2008). *Áfang Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi*. Sótt 29. nóvember 2012 af [http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2008/Samfelagsahrif\\_A-land\\_af-skyrsla\\_II-duplex.pdf](http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2008/Samfelagsahrif_A-land_af-skyrsla_II-duplex.pdf)

Ríkisendurskoðun (2012). *Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands*. Sótt 28. nóvember 2012 af [http://www.ríkisend.is/fileadmin/media/skyrslur/fjarmalastjorn\\_landbun\\_haskola\\_Islands2.pdf](http://www.ríkisend.is/fileadmin/media/skyrslur/fjarmalastjorn_landbun_haskola_Islands2.pdf)

Róberta Maloney (2012). 22. október 2012. Tölvupóstur.

Sjúkrahúsið á Akureyri (2009). *Rekstraráætlun 2009*.

Sjúkrahúsið á Akureyri (2010). *Upplýsingar um breytingar á starfsemi vegna niðurskurðarkröfu fyrir árið 2010, svar til Landslæknisembættis*.

Sjúkrahúsið á Akureyri (2011). *Ósk um upplýsingar um breytingar á starfsemi vegna niðurskurðarkröfu fyrir árið 2011, svar til Landslæknisembættis*.

Skúli Jónsson 2012. 28. ágúst (2012). Tölvupóstur.

Tryggingastofnun (ódagsett). Sótt 8. febrúar 2013 af [www.http://www.tr.is/tryggingastofnun/tryggingastofnun\\_i\\_tolum/stadtolur/toflur-fyrir-arid-2011/](http://www.tr.is/tryggingastofnun/tryggingastofnun_i_tolum/stadtolur/toflur-fyrir-arid-2011/)

Valbjörn Steingrímsson 2012. 9. október 2012. Samtal.

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir (2012). 19. nóvember 2012. Tölvupóstur.

Vaxtasamningur Suðurnesja ódagsett. Sótt 29. nóvember 2012 af <http://vaxtarsamningur.sss.is/resources/Files/Langtimaaetlun-til-fjogurra-ara.pdf>

Vegagerðin (2000). *Jarðgangaáætlun*. Sótt 3. október 2012 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Jardgangaetlun/\\$file/jardg\\_aetlun.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Jardgangaetlun/$file/jardg_aetlun.pdf)

Vignir Sveinsson (2012). 20. nóvember 2012. Tölvupóstur.

Vífill Karlsson (2012). *Transportation improvement and interregional migration*. Doktorsritgerð: Háskóli Íslands.

Þórhallur Harðarson (2012). 16. nóvember 2012. Tölvupóstur.

Þröstur Óskarsson (2012). 18. október 2012. Tölvupóstur.